



Skýrsla Fjármálaskrifstofu

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2013

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2013 samanstendur af samstæðuuppgjöri, A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Bílastæðasjóður Reykjavíkur, Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa bs. og Strætó bs, auk Aflvaka hf og Jörundar ehf. Rekstur Slökkviliðs, Strætó og Skíðasvæðanna er að mestu fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlögin gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar og Sorpu koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 8.387 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 7.675 mkr sem er 711 mkr eða 9% yfir áætlun. Árið 2012 var rekstrarniðurstaða samstæðunnar neikvæð um 2.697 mkr og því er hér um 11.084 mkr viðsnúning að ræða. Helstu ástæður fyrir betri afkomu milli ára má rekja til lægri fjármagnsgjalda, aukinna tekna, bæði skatttekna sem og annarra tekna og lægri gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarniðurstaðan fyrir fjármagnsliði var 23.579 mkr en var 17.010 mkr árið 2012 sem er 6.568 mkr betri niðurstaða eða 38,6%.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 3.008 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 304 mkr. Niðurstaðan er því betri en gert var ráð fyrir, sem nemur 2.704 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 3.658 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 772 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 2.887 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæður betri rekstrarniðurstöðu má einkum rekja til lægri gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar sem var 2.441 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 2.878 mkr yfir áætlun en rekstrarútgjöld voru jafnframt umfram eða sem nemur 2.433 mkr umfram ef breyting lífeyrisskuldbindingar er undanskilin.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 64 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.066 mkr og var niðurstaðan því um 3.130 mkr betri en áætlað var. Helstu skýringar á betri afkomu er að finna í minni hækkun lífeyrisskuldbindingar, sem var 2.441 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og í aukningu annarra rekstrartekna, sem voru 1.928 mkr yfir áætlun.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.944 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 3.370 mkr og var niðurstaðan því 426 mkr lakari en áætlað var. Helstu skýringar á lakari afkomu er að finna hærri fjármagnsgjöldum sem voru 261 mkr yfir áætlun auk þess sem rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var 165 mkr verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Breytt framsetning á samanburði við niðurstöður 2012: Í samræmi við ábendingu endurskoðenda og reikningsskilareglur er samanburðarfjárhæðum úr ársreikningi 2012 breytt til samræmis við breyttar reikningsskilaaðferðir í ársreikningi 2013. Fjárfestingaeignir í eigu Félagsbústaða hf., sem eignfærðar eru meðal varanlegra rekstrarfjármuna, eru frá og með 1. janúar 2013 metnar á gangvirði en voru áður metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til afskrifta. Breytingar á gangvirði eru færðar undir liðnum matsbreyting fjárfestingaeigna í rekstrarreikningi samstæðunnar. Fjárfestingaeignir eru ekki afskrifaðar. Fjárfestingaeignir og eigið fé A- og B-hluta hækka um 18,1 milljarð vegna þessara breytinga þann 1. janúar 2013. Í fjárhagsáætlun 2013 er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og í ársreikningi 2013. Í viðauka 8 er ársreikningur samstæðu með samanburði við niðurstöðu ársreiknings 2012 og miðast umfjöllun Fjármálaskrifstofu í skýrslunni við þá framsetningu.

Skýrsla Fjármálaskrifstofu til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2013 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum. Í þetta sinn eru helstu breytingar þær að í nýjum upphafskafla eru samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar Fjármálaskrifstofu. Þá hefur kafla um helstu atriði efnahagsmála á liðnu ári verið færður í viðauka og í viðauka er nýr kafla sem listar upp í tímaröð helstu ákvarðanir fjármálastjórnar á liðnu ári. Allt útlit skýrslunnar hefur verið bætt og texti, töflur og myndir tala betur saman. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar	1
2. Samstæðan	3
3. A-hluti	5
3.1 Fjármagnsliðir A-hluta	9
3.1.1 Skulda- og áhættustýring	11
3.2 Aðalsjóður	12
3.3 Eignasjóður	13
3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs	14
3.4 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	15
4. Nánar um A-hluta	16
4.1 Aðalsjóður	16
4.1.1 Íþrótt- og tómstundasvið	16
4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið	18
4.1.3 Skóla- og frístundasvið	21
4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	26
4.1.5 Velferðarsvið	28
4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla	33
4.1.7 Sameiginlegur kostnaður	34
4.1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	35
4.2 Eignasjóður	36
4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	36
4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	37
5. Nánar um B-hluta	38
5.1 Bílastæðasjóður	38
5.2 Faxaflóahafnir	39
5.3 Félagsbústaðir	40
5.4 Orkuveita Reykjavíkur	42
5.5 Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	44
5.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	45
5.7 SORPA bs	46
5.8 Strætó bs	47
Viðauki 1: Kennitölur	49
Viðauki 2: Breytingar á fjárhagsáætlun 2013	52
Viðauki 3: Um B-hluta fyrirtæki	75
Viðauki 4: Innheimtuárangur	77
Viðauki 5: Innkaupagreining	78
Viðauki 6: Fjármálastjórn 2013	80
Viðauki 7: Helstu atriði efnahagsmála á árinu 2013	81
Viðauki 8: Ársreikningur 2013 með óbeyttum samanburðartölum	83

1. Samandregnar niðurstöður og helstu ábendingar

Samstæðan

Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 8,4 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 7,6 mkr. Rekstrarniðurstaða 2012 var neikvæð um 2,7 mkr.

Skatttekjur voru í samræmi við áætlun eða 60,2 mkr.

Aðrar tekjur voru 64,1 mkr eða 2,2 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 49 mkr og fór 759 mkr fram úr áætlun. Frávik skýrist að mestu leyti af því að áætlað var fyrir útgjöldum vegna atvinnuátaksverkefna undir öðrum rekstrarkostnaði, en í raun er þetta launakostnaður og færður sem slíkur.

Annar rekstrarkostnaður nam 43 mkr og var 398 mkr yfir áætlun. Rekstrarkostnaður hækkaði samhliða auknum tekjum samstæðunnar en hlutfallslega minna.

Afskriftir námu 13,9 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 14,3 mkr. Afskriftir 2012 voru 15,6 mkr. Lækkun afskrifta skýrist einkum af breyttum reikningsskilaaðferðum hjá Félagsbústöðum (IFRS uppgjör frá 2013).

Fjármagnsgjöld samstæðunnar að frádregnum fjármunatekjum námu 9 mkr. Fjármagnsgjöld samstæðunnar árið 2012 námu 21,3 mkr. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR. Þar vegur þyngst gengismunur og verðmæti innbyggðra afleiða.

Gjaldfærður **tekjuskattur** samstæðunnar nam 7,5 mkr og var 5 mkr yfir áætlun sem skýrist að mestu leyti af uppskiptingu OR. Stærstur hluti yfirfæranlegs ójafnaðs taps OR verður skattlagður í 20% skatthlutfalli en var áður í 36% hlutfalli. Gert er ráð fyrir að yfirfæranlegt ójafnað skattalegt tap OR frá fyrri árum nýtist að fullu sem fyrr.

Heildareignir voru 478 mkr í lok árs en námu í ársbyrjun 471 mkr og hækkuðu um 7,5 mkr.

Eigið fé samstæðunnar nam 192 mkr í lok árs en í byrjun árs var eigið fé samstæðunnar 147,9 mkr. 18,1 mkr af auknu eigin fé kemur til vegna breyttra reikningsskilaaðferða í samstæðunni. Sérstakt endurmat lækkaði eigið fé um 2,4 mkr.

Langtímaskuldir samstæðunnar lækkuðu milli ára um 29,2 mkr og stóðu í 231,5 mkr í árslok en voru 260,8 mkr í ársbyrjun. Greidd voru upp langtímalán að fjárhæð 28,5 mkr sem er nokkru hærra en áætlað var en áætlun reiknaði með að greiðslur af langtímalánum næmu um 27,9 mkr. Ný lántaka og endurfjármögnun var í takt við áætlun. Afborganir langtímalána og leiguskulda sem gjaldfalla á næstu 12 mánuðum nema 22,3 mkr.

Skammtímaskuldir samstæðunnar námu 42,2 mkr en veltufjármundir námu 38,7 mkr og veltufé á móti skammtímaskuldum var 0,92.

Dregið hefur úr **fjárfestingum** samstæðunnar en fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 12,2 mkr en áætlað var að fjárfesta fyrir um 16 mkr á tímabilinu.

Handbært fé samstæðunnar nam 21,1 mkr í árslok og var 7,2 mkr hærra en áætlun gerði ráð fyrir.





A-hluti

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 3 mkr. Áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 0,3 mkr og betri niðurstöðu má að mestum hluta rekja til minni gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar en áætlað var.

Skatttekjur A-hluta voru 60,7 mkr eða 0,2 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 13,8 mkr eða 2,9 mkr yfir áætlun.

Launakostnaður var 40,1 mkr og fór 0,6 mkr fram úr áætlun vegna atvinnuátaksverkefna sem áætlað var fyrir undir öðrum rekstrarkostnaði.






Annar rekstrarkostnaður nam 32,2 mkr og var 1,9 mkr yfir áætlun.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar var 159 mkr sem er umtalsvert minna en áætlun gerði ráð fyrir, einkum vegna hækkandi ávöxtunar eigna lífeyrissjóðsins.


Fjárfestingar voru 1,3 mkr undir áætlun, einkum vegna seinkana á framkvæmdum. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sala byggingaréttar voru um 1 mkr yfir áætlun.

Helstu ábendingar


- Ef horft er til rekstrarniðurstöðu árána 2011-2013 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga er afkoman jákvæð um 1 milljarð en þar vegur mikið jákvæð rekstrarniðurstaða ársins 2013.
- Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. heildarskuldir á móti rekstrartekjum, verði ekki hærra en 150% og að það náist innan 10 ára. Skuldahlutfallið, sem er nú 221% af tekjum, fer lækkanði, einkum vegna aðgerðaáætlunar OR. Samkvæmt reglugerð 502/2012 er heimilt að undanskilja Orkuveitu Reykjavíkur við mat á skuldareglu og þá er hlutfallið 106%. Lántökur ársins voru í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um ársreikninga. Innfalið í samanteknum ársreikningi A- og B-hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í þeirra reikningsskilum eru að eftirfarandi liðir eru færðir á gangvirði: hluti varanlegra rekstrarfjármuna, afleiðusamningar og fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning. Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta.
- Áhrif endurmats fjárfestingaeigna Félagsbústaða bætir rekstrarniðurstöðu samstæðunnar um 1,9 mkr. Við breytingu á reikningskilaaðferð Félagsbústaða í ársbyrjun hækkaði eigið fé samstæðunnar um 18,1 mkr.
- Heildarárangur Orkuveitu Reykjavíkur umfram markmið Plansins er 5,1 mkr. Sjóðstreymi samstæðunnar er sterkt, einkum hjá Orkuveitunni, og er veltufé frá rekstri 29,4 milljarðar eins og á síðasta ári og reyndist 22,7% af tekjum. Áfram verður þörf fyrir hátt veltufé frá rekstri vegna mikils afborgunarþunga af erlendum lánnum á næstu misserum.
- Lífeyrisskuldbindingin í árslok var 12,3 mkr og lækkar um 1,4 mkr milli ára vegna hagstæðrar ávöxtunar á eignum sjóðsins. Engir kjarasamningar voru gerðir á árinu 2013 og þróun á ávöxtunarkröfu á HFF 34 eru meginþýringin á því að lífeyrisskuldbindingin lækkar og gjaldfærsla er langt undir áætlun.
- Halli á rekstri málaflokks vegna fatlaðs fólks árið 2013 nam 413 mkr miðað við bráðabirgðauppgjör Reykjavíkurborgar eða 8,1% í hlutfalli af tekjum. Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er metinn á bilinu 850-900 mkr.
- Tryggingafræðileg athugun á LSS sýnir að miðað við árslok 2012 er skuldbinding A-deildar LSS vantalin um 18,1 milljarða. Mótframlag þarf að hækka um 4,3 prósentustig til að standa undir lífeyrisskuldbindingum.
- Rétt er að vekja athygli á að Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði Reykjavíkurborg þann 22. nóvember 2013 af kröfum Kaupþings hf. vegna riftunar Reykjavíkurborgar á gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningum. Í aðalkröfu stefnanda var krafist þess að Reykjavíkurborg greiddi stefnanda 1.819 mkr með dráttarvöxtum frá 18. nóvember 2008 til greiðsludags að frádreginni 251,5 mkr innborgun stefnda. Kaupþing hf. hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.



Þann 01.01. 2010 voru leiguskuldir færðar meðal langtímaskulda en þær voru áður liður utan efnahags.



2. Samstæðan



Samstæða (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	129.580	127.164	2.416	1,90%
Laun og launat.gj.	49.033	48.274	759	1,57%
Breyt. líf.skb.	195	2.646	-2.451	-92,63%
Annar rekstrark.	42.859	42.461	398	0,94%
Afskriftir	13.913	14.270	-357	-2,50%
Fjármagns.l.	-9.021	-10.641	1.620	-15,23%
Tekjuskattur	-7.545	-2.531	-5.015	198,15%
Matsbr. fjárf.eigna	1.891	1.334	557	41,71%
Hlud. í afk. tengdra f.	-517	0	-517	
Rekstrarniðurstaða	8.387	7.675	711	9,27%

Rekstrarniðurstaða samstæðu Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæð um 8.387 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að rekstur samstæðunnar yrði jákvæður um 7.675 mkr sem er 711 mkr eða 9% yfir áætlun. Árið 2012 var rekstrarniðurstaða samstæðunnar neikvæð um 2.697 mkr og því er hér um 11.084 mkr viðsnúning að ræða.

Helstu ástæður fyrir betri afkomu milli ára má rekja til lægri fjármagnsgjalda, aukinna tekna, bæði skatttekna sem og annarra tekna og lægri gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarniðurstaðan fyrir fjármagnsliði var 23.579 mkr en var 17.010 mkr árið 2012 sem er 6.568 mkr betri niðurstaða eða 38,6%.

Rekstrartekjur námu 129.580 mkr og voru 2.416 mkr hærri en áætlað var eða 1,9%. Rekstrartekjur hækkuð um 9.266 mkr milli ára eða um 7,7%.

Rekstrargjöld námu 106.001 mkr og voru 1.650 mkr undir áætlun eða 1,5%. Rekstrargjöld hækkuðu um 2.698 mkr milli ára eða 2,6%.

Fjármagnsgjöld samstæðunnar námu 9.021 mkr og voru 1.620 mkr undir áætlun eða 15,2%. Fjármagnsgjöld lækkuðu um 12.287 mkr milli ára eða 58%. Viðsnúning á milli ára má að mestu rekja til áhrifa fjármagnsgjalda hjá OR.

Helstu breytingar á fjármagnsgöldum OR (mkr)	2013	2012	Breyting
Vextir og ábyrgðargj.	-6.307	-7.093	786
Verðm. innb. afleiða	-14.321	-2.944	-11.377
Gengisáhrif	17.667	-10.365	28.032
Aðrir fjármagnsl.	2.828	8.854	-6.026
Samtals	-133	-11.548	11.415

Þyngst vega gengisáhrif sem voru jákvæð árið 2013 um 17.667 mkr en voru hins vegar neikvæð um 10.365 mkr árið 2012. Á móti kom lækkun á verðmæti innbyggðra afleiða árið 2013 sem lækkuðu um 14.321 mkr til




samanburðar við 2.944 mkr lækkun þeirra árið 2012, sem rekja má til óhagstæðrar þróunar álverðs á árinu 2013. Aðrir fjármagnsliðir höfðu minni áhrif.

Heildareignir voru 478.350 mkr, þar af í fastafjármunum 439.632 mkr og í veltufjármunum 38.718 mkr.

Heildarskuldir voru 286.332 mkr og eigið fé 192.018 mkr. Vakin er athygli á því að fastafjármunir eru metnir í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar skv. kostnaðarverðsreglu með þeirri undantekningu að Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. nota gangvirðisreglu skv. alþjóðlegum reikningssskilastaðli IFRS¹. Árið 2013 er fyrsta árið sem Félagsbústaðir eru gerðir upp samkvæmt gangvirðisreglu í samstæðuuppgjöri Reykjavíkurborgar. Veltufé frá rekstri nam 29.440 mkr samanborið við 31.637 mkr skv. fjárhagsáætlun. Handbært fé frá rekstri nam 29.746 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 29.865 mkr.

Fjárfestingahreyfingar voru neikvæðar í heildina um 4.570 mkr, þar af fjárfestingar í fastafjármunum 12.204 mkr. Söluverð seldra rekstrarfjármuna var 5.218 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 4.677 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar námu 2.037 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 997 mkr.

Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 23.669 mkr, þar af voru ný langtímalán 5.579 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að lántökur næmu 5.735 mkr,






¹ International Financial Reporting Standards.

afborganir langtímalána voru 28.501 mkr og framlag vegna lífeyrisgreiðslna nam 1.439 mkr.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu samstæðu Reykjavíkurborgar miðað við ársuppgjör síðastliðin 5 ár².

Samstæða	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	26,4%	30,8%	31,5%	31,4%	40,1%
Arðsemi eigin fjár	-1,6%	12,4%	-3,4%	-1,8%	5,7%
Veltufjárlutfall	1,06	1,05	0,91	0,87	0,92
Skuldsetningarhlutfall	239,2%	191,1%	184,9%	176,3%	120,6%
Uppgreiðslutími	16	16	11	10	9
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	329%	327%	292%	268%	221%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	19%	19%	24%	24%	23%
Framlegð/rekstrartekjur	23%	21%	23%	26%	29%

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar samstæðu




Ábendingar Fjármálaskrifstofu³

- Rekstrarniðurstaða ársins 2013 var jákvæð um 8,4 milljarða. Ef horft er til rekstrarniðurstöðu árána 2011-2013 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman jákvæð um 1 milljarð, en þar vegur þungt jákvæð rekstrarniðurstaða ársins 2013. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar án Orkuveitu Reykjavíkur var jákvæð á árinu 2013 um 5,3 milljarða, sbr. reglugerð um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga.
- Ársreikningur Reykjavíkurborgar er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög um ársreikninga. Innifalið í samanteknum ársreikningi A og B hluta eru ársreikningar Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf, sem eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Veigamestu frávik frá kostnaðarverðsreglu í þeirra reikningsskilum eru að eftirfarandi liðir eru færðir á gangvirði: hluti varanlegra rekstrarfjármuna, afleiðusamningar og fjármálagerningar á gangverði í gegnum rekstrarreikning. Reikningsskil Orkuveitu Reykjavíkur og Félagsbústaða hf. eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta. Sjóðstreymi samstæðunnar er sterkt, einkum hjá Orkuveitunni, og er veltufé frá rekstri 29,4 milljarðar og reyndist 22,7% af tekjum. Áfram verður þörf fyrir hátt veltufé frá rekstri vegna mikils afborgunarþunga af erlendum lánum á næstu misserum.
- Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. heildarskuldir á móti rekstrartekjum, verði ekki hærra en 150% og að það náist innan 10 ára. Skuldahlutfallið, sem er nú 221% af tekjum, fer lækandi, einkum vegna aðgerðaáætlunar OR. Samkvæmt reglugerð 502/2012 er heimilt að undanskilja Orkuveitu Reykjavíkur við mat á skuldareglu og þá er hlutfallið 106%. Lántökur ársins voru í samræmi við fjárhagsáætlun.

² Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

³ Sjá einnig umfjöllun um einstök B-hluta fyrirtæki.

3. A-hluti



Ársreikningur A-hluta er samantekinn reikningur Aðalsjóðs (AS) og Eignasjóðs (ES). Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 3.008 mkr en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 304 mkr. Niðurstaðan er því betri en gert var ráð fyrir, sem nemur 2.704 mkr. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 3.658 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu um 772 mkr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 2.887 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir. Ástæður betri rekstrarniðurstöðu má einkum rekja til lægri gjaldfærslu vegna lífeyrisskuldbindingar sem var 2.441 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 2.878 mkr yfir áætlun en rekstrarútgjöld voru jafnframt umfram eða sem nemur 2.433 mkr umfram ef breyting lífeyrisskuldbindingar er undanskilin.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu A-hluta á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun)⁴. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum kóna.

A-hluti (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	79.919	76.879	3.040	3,95%
Laun og launat.gj	40.139	39.502	637	1,61%
Breyt. lífeyrissk.b.	159	2.600	-2.441	-93,88%
Annar rekstrark.	32.389	30.364	2.025	6,67%
Afskriftir	3.573	3.641	-68	-1,86%
Fjármagnsliðir	-651	-468	-183	39,07%
Rekstrarniðurstaða	3.008	304	2.704	889,60%

Rekstrartekjur voru 79.757 mkr eða 2.878 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur Skatttekjur námu 60.650 mkr og voru 204 mkr undir áætlun. Útsvarstekjur nettó voru 49.012 mkr eða 194 mkr yfir áætlun eða 0,4%.

Fasteignaskattar voru 11.638 mkr nettó eða 398 mkr undir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 5.296 mkr eða 173 mkr yfir áætlun sem skýrist einkum af auknu framlagi vegna tónlistarskóla sem var 106 mkr yfir áætlun.

Aðrar tekjur voru 13.811 mkr og voru 2.909 mkr yfir áætlun. Aðrar tekjur Aðalsjóðs voru 1.928 mkr umfram áætlun og tekjur Eignasjóðs voru 480 mkr yfir⁵.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun tekna A-hluta:

Tekjur (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Útsvar, brúttó	53.822	53.598	224	0,4%
Framlag í Jöfnunarsjóð	-6.393	-6.580	187	-2,8%
Skattbreytingar og eftirá álagt útsvar	2.674	1.800	874	48,6%
Breyting á niðurfærslu og afskriftir	-1.091	0	-1.091	
Útsvar, nettó	49.012	48.818	194	0,4%
Fasteignaskattur	10.723	11.103	-380	-3,4%
Lóðaleiga	939	933	6	0,6%
Afskrifaðir fasteignaskattar	-24	0	-24	-
Fasteignaskattur, nettó	11.638	12.036	-398	-3,3%
Samtals skatttekjur	60.650	60.854	-204	-0,3%
Framlag Jöfnunarsjóðs	3.878	3.810	68	1,8%
Framlag v. sérþarfa fatlaðra nem. o.fl	1.419	1.313	105	8,0%
Framlag jöfnunarsjóðs samtals	5.296	5.123	173	3,4%
Þjónustutekjur	6.591	6.607	-15	-0,2%
Eignatekjur	15.766	15.838	-72	-0,5%
Endurgreiðslur annarra	4.177	2.989	1.188	39,7%
Aðrar tekjur	6.289	5.127	1.162	22,7%
Milliviðskipti tekin út	-19.013	-19.659	646	-3,3%
Samtals aðrar tekjur	13.811	10.902	2.909	26,7%
Tekjur alls	79.757	76.879	2.878	3,7%

⁴ Sjá viðauka 2 um breytingar á fjárhagsáætlun.

⁵ Sjá nánar umfjöllun um Aðalsjóð í kafla 3.2 og Eignasjóð í kafla 3.3.

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti⁶:

Jöfnunarsjóður	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Greiðslur í Jöfnunarsjóð				
Hlud. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	-2.862	-2.946	84	-2,8%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	-3.531	-3.635	103	-2,8%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	-6.393	-6.580	187	-2,8%
Greiðslur frá Jöfnunarsjóði				
Framlag vegna málefna fatlaðra	3.878	3.810	68	1,8%
Framlag vegna sérskóla	1.028	993	35	3,5%
Framlag vegna tónlistarskóla	340	233	106	45,6%
Annað	51	87	-36	-81,6%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	5.296	5.123	173	-1,6%
Aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði				
Almennar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	1.275	844	431	51,1%
Sérstakar húsaleigubætur - hlutur ríkisins	561	542	19	3,4%
Samtals aðrar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	1.836	1.386	450	32,4%
Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	7.133	6.510	623	9,6%

Rekstrargjöld voru 76.099 mkr eða um 8 mkr undir fjárhagsáætlun.

Launakostnaður nam 40.139 mkr og var 637 mkr yfir fjárheimildum eða 1,6%, sem skýrist að mestu leyti af því að laun og launatengd gjöld af atvinnuáttaksverkefnum námu 758 mkr en áætlað var fyrir þeim sem og öðrum liðum er tengdust atvinnuáttaksverkefnum undir öðrum kostnaði.

Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 159 mkr og var 2.441 mkr undir áætlun sem skýrist einkum af hagstæðri vaxtaþróun á árinu⁷.

Annar rekstrarkostnaður nam 32.228 mkr og var 1.864 mkr yfir áætlun.




Afskriftir námu 3.573 mkr og voru 68 mkr undir áætlun.

Nettó fjármagnsgjöld voru 651 mkr eða 183 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármunatekjur Aðalsjóðs voru 78 mkr yfir áætlun og fjármagnsgjöld í Eignasjóði 261 mkr yfir áætlun.⁸ Í ytra umhverfi hefur gengisþróun verið hagstæð og verðbólga verið í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Gengi krónu styrktist um 1,4% á milli ársmeðaltala en í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir veikingu um 0,6%. Verðbólga innan ársins 2013 var 4,2% en í forsendum fjárhagsáætlunar var gert ráð fyrir 3,7%.

Heildareignir voru 147.520 mkr, þar af fastafjármunir 127.888 mkr og veltufjármunir 19.632 mkr. Skuldir og skuldbindingar voru 62.204 mkr og eigið fé 85.316 mkr.

Veltufé frá rekstri nam 6.840 mkr samanborið við áætlað 6.854 mkr. Handbært fé frá rekstri nam 6.756 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 6.854 mkr.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 7.205 mkr. Sala rekstrarfjármuna nam 30 mkr. Fjármögnunarahreyfingar námu 243 mkr útsteymi, þar af voru tekin ný langtímalán 2.738 mkr en afborganir langtímalána og lífeyrisskuldbindinga námu 3.229 mkr. Lækkun á handbæru fé nam 1.992 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.323 mkr lækkun. Það sem helst skýrir minni lækkun handbærs fjár en áætlað var að tekjur af gatnagerðargjöldum og sölu byggingarréttar var 1.040 mkr yfir áætlun. Handbært fé í árslok var 9.772 mkr.



⁶ Greiðslur Jöfnunarsjóðs vegna kostnaðarhlutdeildar ríkisins í húsaleigubótum færast undir aðrar tekjur.


⁷ Sjá umfjöllun um lífeyrisskuldbindingu í lið 4.1.7. Sameiginlegur kostnaður.

⁸ Nánar er fjallað um fjármagnslið A-hluta í kafla 3.1.

Eftirfarandi kennitölur lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta miðað við ársuppgjör síðastliðin 5 ár.⁹

A- hluti	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	65,2%	62,7%	58,4%	57,5%	57,8%
Arðsemi eigin fjár	5,3%	2,3%	-3,5%	-0,1%	3,7%
Veltufjárlutfall	2,20	2,42	1,87	1,86	1,40
Skuldsetningarhlutfall	21,9%	36,2%	41,9%	44,0%	42,8%
Uppgreiðslutími	2	5	5	5	6
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	57%	78%	83%	83%	78%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	11%	10%	10%	10%	9%
Framlegð/rekstrartekjur	9%	5%	1%	5%	9%

A-hluti Reykjavíkurborgar sýnir mikinn fjárhagslegan styrk og gott greiðsluhæfi. Skuldsetningarhlutfall lækkar milli ára þar sem eigið fé A-hluta hækkar í kjölfar jákvæðrar rekstrarniðurstöðu. Uppgreiðslutími lána fer þó hækkandi sem að mestu má rekja til verðbótahækkunar verðtrygðra lána því lántökur dragast saman annað árið í röð. Í sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir að skuldahlutfall, þ.e. heildarskuldur á móti rekstrartekjum, sé ekki hærra en 150% og er A-hluti vel innan þeirra marka. Veltufé frá rekstri mælt sem hlutfall af heildartekjum sýnir að A-hluti er vel í stakk búinn að standa við samningsskuldbindingar sínar.



Eftirfarandi **lykiltölur** um mannauð byggja á gögnum úr mannauðskerfi Reykjavíkurborgar. Stöðugildi voru að meðaltali 6.728 á árinu sem er 1,3% fjölgun m.v. árið á undan. Yfirvinnustundum fjölgar um 5,2% á milli ára sem má einkum rekja til velferðarmála en fjöldi vinnustunda með vaktálagi breytist óverulega.

Lykiltölur um mannauð - A-hluti	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	6.308	6.274	6.556	6.638	6.728
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	1.059.756	964.255	1.022.879	1.090.945	1.147.841
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	741.364	789.587	1.193.734	1.192.866	1.180.083
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	3.042.104	2.935.396	2.902.903	2.882.041	2.884.894
Hlutfall launatengdra gjalda	21,7%	24,6%	24,7%	23,8%	23,7%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 3.008 mkr. Ef horft er til rekstrarniðurstöðu árána 2011-2013 m.t.t. jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga var afkoman jákvæð um 156 mkr. Ef tekin eru árin 2012 og 2013 var rekstrarafgangur þeirra samtals um 3 milljarðar en yfir þriggja ára tímabilið 2012-2014 er gerð krafa um jafnvægi skv. sveitarstjórnarlögum.
- Eiginfjárlutfall og skuldsetningarhlutfall A-hluta ber enn merki um þær fjárfestingar og lántökur sem farið var í árin 2009 til 2011 sem hluta af aðgerðum borgarinnar vegna efnahagshrunsins. Þannig stóð skuldsetningarhlutfallið í 42,8% 2013 en var í 13,5% árið 2008. Á árinu 2012 var ákveðið að draga úr lántökum vegna fjárfestinga og fjármagna þær í auknum mæli af handbæru fé til að stemma stigu við skuldsofnun. Árangur þessarar vinnu er nú farinn að líta dagsins ljós því eiginfjárlutfallið hækkaði lítillega milli ára eða úr 57,5% 2012 í 57,8% 2013 og skuldsetningarhlutfallið lækkaði fór úr 44,0% í 42,8%.
- Veltufé frá rekstri nam 6,8 milljörðum og sem hlutfall af tekjum var það 8,6%. Áfram verður þörf fyrir hátt hlutfall veltufjár frá rekstri vegna skuldastöðunnar.
- Vakinn er athygli á því halli á rekstri málaflökks vegna fatlaðs fólks árið 2013 nam 413 mkr miðað við bráðabirgðauppgjör Reykjavíkurborgar eða 8,1% í hlutfalli af tekjum. Er þá samantekin þjónusta Velferðarsviðs við fatlaða á grundvelli yfirfærslunnar, þjónusta Velferðarsviðs vegna notendastýrðar persónulegrar aðstoðar, þjónusta Skóla- og frístundasviðs vegna lengdrar viðveru fatlaðra barna og þjónusta Íþrótt- og tólmundastýrðar við fötlud ungmenni á vegum Hins hússins.

⁹ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1.

Uppsafnaður halli Reykjavíkurborgar á rekstri málaflokki fatlaðs fólks frá flutningi árið 2011 er á þeim forsendum metinn á bilinu 850-900 mkr.

- Fyrir liggur tryggingafræðileg úttekt tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) vegna ársins 2012 sem sýnir að móttframlag þarf að hækka um 4,3 prósentustig til að standa undir lífeyrisskuldbindingum. Í samþykktum LSS segir að iðgjald sjóðfélaga skuli nema 4% af launum en iðgjald (móttframlag) launagreiðanda skal nema 12% en það skal endurskoða árlega í samræmi við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar. Ef iðgjald launagreiðanda hefði verið hækkað af stjórn LSS í upphafi árs 2013 hefðu útgjöld borgarsjóðs hækkað um 529 mkr á árinu. Tryggingafræðilega athugunin sýnir að miðað við árslok 2012 er skuldbinding A-deildar LSS vantalin um 18,1 milljarða.
- Stórir gjalddagar erlendra lána hjá OR sem voru á gjalddaga árið 2013 eru nú að baki og greiðslubyrðin léttari á árinu 2014. Það dregur úr þeirri þörf fyrir handbært fé sem A-hluti hefur haft til reiðu vegna ábyrgða á greiðsluskuldbindingum OR. Áfram er nauðsynlegt að fylgjast vel með skuldastöðu og greiðsluhæfi fyrirtækja í B-hluta samstæðunnar.
- Lífeyrisskuldbindingin í árslok var 13,1 mkr og lækkar um 1,2 mkr milli ára vegna hagstæðrar ávöxtunar á eignum sjóðsins. Vekja ber athygli á því að engir kjarasamningar voru gerðir á árinu 2013 og þróun á ávöxtunarkröfu á HFF 34 eru meginskýringin á því að lífeyrisskuldbindingin lækkar og gjaldfærsla er langt undir áætlun.
- Viðvarandi hallarekstur hefur verið á hjúkrunarheimilum um árabíl. Í fyrirbyggjandi ársreikningi er gert ráð fyrir að ríkið greiði mismun rekstrarútgjalda og tekna vegna reksturs hjúkrunarheima og nemur krafan á ríkið vegna ársins 2013 um 240 mkr enda ber ríkið ábyrgð á þessum málaflokki skv. lögum.
- Þegar litið er til afkomu A-hluta er mikilvægt að horfa á samspil í afkomu Aðalsjóðs og Eignasjóðs. Aðalsjóður er rekinn með 5,6 mkr halla fyrir fjármagnsliði á meðan Eignasjóður skilar 9,2 mkr afgangi fyrir fjármagnsliði. Frestun á viðhaldi í rekstri Eignasjóðs á mikinn þátt í jákvæðri afkomu A-hluta. Innri leiga gerir ráð fyrir því að ráðstafað sé allt að 17% af leigutekjum til viðhalds á ári hverju að meðaltali. Fjárhæðin á síðustu fjórum árum hefur aðeins numið um helming af þessu. Mikilvægt er að gera ráð fyrir auknu viðhaldi í Eignasjóði á næstu árum og bæta rekstur Aðalsjóðs fyrir fjármagnsliði.

3.1 Fjármagnsliðir A-hluta

Fjármagnsliðir (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Aðalsjóður	5.638	5.560	78	1,40%
Eignasjóður	-6.289	-6.028	-261	4,33%
A-hluti samtals	-651	-468	-183	39,10%


Fjármagnsliður A-hluta samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og fjármagnslið Eignasjóðs. Nettó fjármunatekjur Aðalsjóðs námu 5.638 mkr sem er 78 mkr yfir áætlun en í áætlun var gert ráð fyrir 5.560 mkr. Nettó fjármagnsgjöld Eignasjóðs voru 6.289 mkr sem er 261 mkr yfir áætlun en hún gerði ráð fyrir 6.028 mkr.

Nettó fjármagnsgjöld í A-hluta voru 651 mkr á árinu 2013 en gert hafði verið ráð fyrir 468 mkr fjármagnsgjöldum sem er 183 mkr yfir áætlun eða 39,1%. Í samhengi við heildar fjármagnsgjöld (6.289 mkr) eru frávikin rétt um 2,9%. Frávik frá áætlun eru að mestu vegna hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir í áætlun ársins og minni ávöxtun á handbært fé.

Einnig var greiddur 120 mkr fjármagnstekjuskattur vegna innlausnar á hluta af skuldabréfasafni borgarinnar sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í áætlunum ársins. Á móti þessu styrktist gengi krónunnar auk þess sem arðgreiðslur, ábyrgðargjald og dráttarvaxtatekjur reyndust hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun verðbólgu á móti áætlaðri verðbólgu fyrir árið 2013. Í upphafi árs hækkaði verðbólga mun meira en gert var ráð fyrir en nálgast síðan áætlun borgarinnar jafnt og þétt ef frá er talin lítilsháttar hækking undir lok árs. Í áætlun Reykjavíkurborgar var gert ráð fyrir jafri verðbólgu í hverjum mánuði. Bilið á milli línanna skýrir aukin frávik vegna verðbólgu.


Myndin hér til hliðar sýnir uppsafnaða hækkingu vísitölu á árinu 2013 í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og raunverulega hækkingu skv. mælingum Hagstofu Íslands.



Lausafjárstaða (mkr)	31.12.2013	Meðaláv. á ársgrv.
Innlán í bönkum	3.780	5,43%
Ríkisbréf	5.750	1,99%
Innlán í erl. mynt	242	0,11%
Samtals	9.772	3,27%

Handbært fé A-hluta í árslok var 9.772 mkr og lækkaði á árinu um 1.992 mkr en handbært fé nam 11.764 mkr þann 31.12.2012. Skipting eftir innlánsformum má sjá í töflunni hér til hliðar.

Ríkisbréf - Skuldabréfasafn Skuldabréfasafn Reykjavíkurborgar er í umsjón Íslenskra verðbréfa. Í upphafi árs var viðmiðunarvísitölu safnanna breytt þar sem fyrri viðmiðunarvísitölur endurspegluðu markaðinn ekki nægilega vel. Í maí voru þær breytingar gerðar á skuldabréfasafni borgarinnar að Veltusafn og Kjarnasafn voru sameinuð í eitt safn, Veltusafn.



Myndin sýnir 12 mánaða ávöxtun verðbréfasafna borgarsjóðs og vexti á viðskiptareikningi borgarinnar.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar þann 31.12.2013 námu 5.750 mkr og nam ávöxtun ársins 1,99%. Ávöxtun viðmiðunarvísitölu safnsins fyrir sama tímabil nam 3,07%. Talsvert flökt getur verið í ávöxtun á milli einstakra mánaða og missera. Í byrjun mars á þessu ári lánaði Reykjavíkurborg Orkuveitunni rúmlega 3,7 mkr í samræmi við samkomulag eigenda og Orkuveitunnar frá 2011. Lánveitingin var fjármögnuð með lausafé Reykjavíkurborgar og sölu skuldabréfa úr skuldabréfasafni borgarsjóðs í febrúar fyrir rúmlega 2,5 mkr. Borgarsjóður greiddi ríkissjóði um 120 mkr í fjármagnstekjuskatt vegna þessarar sölu en ekki hafði verið áætlað fyrir því í fjárhagsáætlun borgarinnar.

Ávöxtun lausafjár var heldur lakari en áætlanir gerðu ráð fyrir á árinu 2013. Vaxtatekjur voru áætlaðar 507 mkr en voru í raun 382 mkr. Helstu skýringar á frávikum eru að ríkisskuldabréf voru með lægri ávöxtun en oft áður.

Óvissa í kringum skuldabréf Íbúðalánasjóðs gerði það að verkum að ávöxtunarkrafa þeirra hækkaði sem leiddi til lakari ávöxtunar. Vextir á bankareikningum voru hins vegar heldur hærri en áætlanir gera ráð fyrir. Taflan hér fyrir neðan sýnir ávöxtun skuldabréfasafns fyrir hvern mánuð borið saman við viðmiðunarvísitölu.

Mánuður	janúar	febrúar	mars	april	maí	júní	júlí	ágúst	Sept.	Okt.	Nóv.	Des.
VELTUSAFN	2,22%	-0,63%	0,24%	-0,95%	1,49%	-0,67%	1,93%	0,56%	-0,02%	-0,51%	-0,85%	-0,77%
Viðmið	2,43%	-0,47%	0,63%	-0,68%	1,47%	-0,88%	2,17%	0,80%	-0,03%	-0,70%	-0,92%	-0,72%

Lán til B-hluta fyrirtækja Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lánað B-hluta fyrirtækjum umtalsverða fjármuni eins og meðfylgjandi tafla sýnir. Stærstu lánin eru eigendalánin til Orkuveitu Reykjavíkur sem eru frá 2011 og fyrri hluta árs 2013. Þá lánaði borgarsjóður Jörundi vegna endurbýggingar húsnanna á horni Lækjargötu og Austurstrætis auk þess sem Orkuveitan yfirtók hlutdeild í skuldabréfaflokki Reykjavíkurborgar frá árinu 2005. Þessi lán bera vexti og eru verðtryggð.

Staða á kröfum gagnvart B-hluta (mkr)	31.12.2013	Vextir
Eigendalán til OR 2011	8.581	4,25%
Eigendalán til OR 2013	3.866	3,05%
Jörundur	1.151	4,00%
Hlutdeild OR í RVK 05	859	3,79%
Samtals	14.457	



Innlend lántaka borgarsjóðs Reykjavíkurborg gefur út skuldabréfaflokkana RVK 09 1 og RVK 19 1 sem skráðir eru í kauphöll. Viðskiptavakt á eftirmarkaði er í báðum skuldabréfaflokkum og annast fimm fjármálastofnanir þá vakt.

Sala skuldabr.flokka (mkr)	Nafnverð	Markaðs.v
RVK 09 1	700	1.029
RVK 19 1	1.760	1.595
Samtals	2.460	2.624

Sjö skuldabréfaútböð fóru fram á árinu 2013 samkvæmt útgáfuáætlun sem birt var í kauphöll OMX Nasdaq í byrjun árs. Heimild til stækkun flokkanna á árinu nam alls 3.299 mkr að markaðsvirði. Á árinu var tilboðum í báða flokkanna tekin að nafnvirði 2.460 mkr, en það gerir 2.624 mkr að markaðsvirði. Einnig voru gefin út skuldabréf að nafnvirði 400 mkr í RVK 09 1 og 160 mkr í RVK 19 1 vegna lánsbréfavíðskipta við viðskiptavaka. Skipting á milli skuldabréfaflokkanna má sjá í töflunni hér til hliðar.

Ávöxtunarkrafa verðtryggðra ríkisskuldabréfa hækkaði almennt á árinu 2013. Ávöxtunarkrafa viðmiðunarflokka skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar, HFF24 (viðmiðunarflokkur RVK 19) hækkaði um 46 bp (0,46%) og HFF44 (viðmiðunarflokkur RVK 09) hækkaði um 31 bp (0,31%) á árinu. Ávöxtunarkrafa skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar hækkaði mun minna í útboðum eða á eftirmarkaði á árinu 2013. Ávöxtunarkrafa RVK 19 hækkaði um 2 bp (0,02%) í útboðum á árinu og ávöxtunarkrafa RVK 09 hækkaði um 18 bp (0,18%) í útboðum á árinu (síðasta útboðið var í apríl 2013) og um 27 bp (0,27%) á eftirmarkaði á árinu. Álag á ávöxtunarkröfu viðmiðunarflokkanna lækkaði því töluvert á árinu en það þýðir að lánskjör Reykjavíkurborgar bötnuðu á árinu 2013. Álag á RVK 19 m.v. HFF24 lækkaði úr 35 bp (0,35%) í upphafi árs í -9 bp (-0,09%) í lok ársins. Álag á RVK 09 m.v. HFF44 lækkaði úr 77 bp (0,77%) í upphafi árs í 20 bp (0,20%) í útboðinu í apríl 2013. Álagið á RVK 09 var í raun -18 bp (-0,18%) í lok ársins m.v. viðskipti á eftirmarkaði. Þetta þýðir að lánskjör Reykjavíkurborgar voru í raun betri en lánskjör Íbúðarlánasjóðs í lok árs 2013.

Myndirnar hér að neðan sýna þróun ávöxtunarkröfu í skuldabréfaflokkum Reykjavíkurborgar. Myndin vinstra megin sýnir ávöxtunarkröfu RVK 19 í útboðum í samanburði við ávöxtunarkröfu á viðmiðunarflokkinum, HFF24, auk þess hún sýnir álag RVK 19 á ávöxtunarkröfu viðmiðunarflokksins. Myndin hægra megin sýnir ávöxtunarkröfu RVK 09 í útboðum í samanburði við ávöxtunarkröfu á viðmiðunarflokkinum, HFF44, auk þess hún sýnir álag RVK 09 á ávöxtunarkröfu viðmiðunarflokksins.



Auk skuldabréfaflokka borgarinnar RVK 09 1 og RVK 19 1, er Reykjavíkurborg með tvo aðra skuldabréfaflokka skráða í kauphöll. Þetta eru skuldabréfaflokkar sem gefnir voru út á árinu 1996 og á árinu 2005. Önnur lán nema óverulegri fjárhæð. Í desember 2013 var ákveðið að greiða upp skuldabréfaflokkinn frá 2005.

Í febrúar 2013 samþykkti borgarráð að heimila fjármálastjóra að gefa út skammtíma víxlaflökk fyrir allt að 3 milljarða króna til næstu 12 mánaða. Heimildin var ekki nýtt á árinu.

Stöðu innlendra lána m.v. 31.12.2013 má sjá í töflunni hér til hliðar.

Staða innlendra lána (mkr)	31.12.2012	31.12.2013
Skuldabréf útgefin 1996 - RVK 96	2.319	2.010
Skuldabréf útgefin 2005 - RVK 05	1.788	1.735
Skuldabr. útgefin 2009 - RVK 09 1	18.787	19.419
Skuldabr. útgefin 2012 – RVK 19 1	1.128	2.269
Lán frá Lánasjóði sveitarfélaga	838	747
Skuldabréf við jöfnunarsjóð	0	180
Samtals	24.860	26.360

Erlend lántaka borgarsjóðs Staða erlendra lána nam 182 mkr þann 31.12.2013 en í ársbyrjun var staða þeirra 519 mkr. Lán í svissneskum frönskum var greitt upp á fyrri hluta ársins 2013. Eftir þessa uppgreiðslu skuldar Reykjavíkurborg eitt lán í erlendum gjaldmiðlum, sem er í japönskum jenum, en lokagjaldagi þess er í desember 2015. Vextir lánsins eru 0,16%.

Staða erlendra lána í (mkr)	31.12.2012	31.12.2013
JPY	374	182
CHF	145	0
Samtals	519	182

Gjaldeyriseign í árslok nemur 242 mkr eða 132% af höfuðstól JPY lánsins í íslenskum krónum miðað við gengi þann 31.12.2013. Gjaldeyriseign er því talsvert umfram skuldir í erlendum gjaldeyri.

3.1.1 Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhættan sem snýr að fjármagnslið A-hluta er verðbólguáhætta. Skuldir borgarinnar eru að mestu leyti verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir, stærst er eigendalán til Orkuveitunnar frá árunum 2011 og 2013. Skuldabréfasafn borgarinnar sem er í vörslu Íslenskra verðbréfa er um 63% verðtryggt. Lausafé á bankareikningum er óverðtryggt. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu. Það hefur verið metið um 250 mkr fyrir hvert prósentustig sem verðbólga fer umfram áætlaða verðbólgu í fjárhagsáætlun.

Skuldir A-hluta í erlendum gjaldmiðlum hafa minnkað mikið og er áhætta vegna þeirra hverfandi.

Markmið fjárstýringar er að tryggja virka lánastýringu sem miðast við að lágmarka fjármagnskostnað borgarsjóðs og virka lausafjárstýringu sem miðast við að tryggja hámarksávöxtun lausafjár að teknu tilliti til áhættustefnu þannig að Reykjavíkurborg eigi ávallt nægjanlegt laust fé til að standa við greiðsluskuldbindingar sínar.


Reglulega er skoðað hvort greiða eigi upp eldri skuldir borgarsjóðs og við útgáfu nýrra skuldabréfaflokka er ávallt gætt að því að greiðsluflæði falli sem best að áætluðu framtíðartekjuflæði.

Þann 19. desember 2013 samþykkti borgarráð að rýmka heimildir fjármálaskrifstofu varðandi vörslu lausafjár þannig að heimilt yrði að fjárfesta í sértryggðum skuldabréfum fjármálastofnana eða sambærilegum afurðum þeirra. Hluti af áhættustýringu er að dreifa innlánnum á bankastofnanir og fylgjast vel með mótaðilaáhættu. Laust fé sem ekki þarf að nýta til skamms tíma, er bundið til lengri tíma ef það gefur hærri ávöxtun. Skuldabréfaeign borgarinnar er vel dreifð í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum til mislangs tíma.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Þannig reyndust ávöxtunarkrafa Reykjavíkurborgar í raun betri en hliðstæð ávöxtunarkrafa á skuldabréf Íbúðarlánasjóðs í lok árs 2013. Skuldir A-hluta í erlendum gjaldmiðlum hafa minnkað mikið og er áhætta vegna þeirra hverfandi.
- Reglulega er skoðað hvort hagkvæmt sé að greiða upp eldri skuldir borgarsjóðs. Flestir skuldabréfaflokkar borgarinnar eru úppgreiðanlegir en ákvörðun var tekin í desember 2013 um að greiða upp skuldabréfaflokkinn RVK 05 í febrúar 2014. Einnig er lán frá Lánasjóði sveitarfélaganna uppgreiðanlegt. Ávöxtunarkrafa á skuldabréfaflokkum borgarinnar hefur farið lækkandi á árinu.

3.2 Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	81.286	79.003	2.283	2,89%
Laun og launat.gj.	39.083	38.438	645	1,68%
Annar rekstrark.	159	2.600	-2.441	-93,88%
Afskriftir	47.619	46.591	1.028	2,21%
Fjármagnsliðir	5.638	5.560	78	1,41%
Rekstrarniðurstaða	64	-3.066	3.130	-102,08%

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 64 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.066 mkr og var niðurstaðan því um 3.130 mkr betri en áætlað var. Helstu skýringar á betri afkomu er að finna í minni hækkun lífeyrisskuldbindingar, sem var 2.441 mkr lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og í aukningu annarra rekstrartekna, sem voru 1.928 mkr yfir áætlun.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu Aðalsjóðs á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 81.286 mkr eða 2.283 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 62.233 mkr eða 182 mkr yfir áætlun og tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 5.296 mkr eða 173 mkr yfir áætlun.¹⁰

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 13.756 mkr og voru 1.928 mkr yfir áætlun sem má einkum rekja þess að Velferðarsvið var 913 mkr yfir áætlun í tekjum, sameiginlegur kostnaður var 409 mkr yfir áætlun í tekjum, Skóla- og frístundasvið 307 mkr yfir áætlun, Íþrótt- og tómsundasvið 137 mkr yfir áætlun og skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu voru 109 mkr yfir áætlun.¹¹

Inngreiðslur frá Vinnuáætlun vegna atvinnuáætlun-kerfna námu 336 mkr en áætlað var fyrir þessum tekjum undir öðrum rekstrargjöldum. Jafnframt er undir öðrum tekjum reikningur á ríkið vegna hallareksturs hjúkrunarheimila að fjárhæð 240 mkr.

Rekstrargjöld voru 86.860 mkr eða 769 mkr undir áætlun. Launakostnaður var 39.083 mkr eða 645 mkr yfir áætlun eða 1,7%. Þar af námu laun vegna atvinnuáætlunarkerfna 758 mkr sem áætlað var fyrir undir öðrum kostnaði. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar nam 159 mkr og var 2.441 mkr undir áætlun. Lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs í árslok 2013 nam 39.856 mkr en nam í árslok 2012 um 40.519 mkr sem er lækkun um 663 mkr. Nettóskuldbinding Aðalsjóðs að teknu tilliti til eigna, aðallega skuldabréfs vegna sölu á hlut í Landsvirkjun, var í árslok 13.111 mkr en var í árslok 2012 um 14.361 mkr.¹² Annar rekstrarkostnaður var 47.619 mkr sem er 1.028 mkr yfir fjárheimildum. Þar af voru Skóla- og frístundasvið 926 mkr yfir áætlun og Umhverfis- og samgöngusvið og Íþrótt- og tómsundasvið hvort um sig 168 mkr yfir áætlun og Velferðarsvið 162 mkr yfir áætlun en sameiginlegur kostnaður 456 mkr undir áætlun, sem skýrist að hluta til af því að kostnaður vegna atvinnuáætlunarkerfna sem hér var áætlað fyrir dreifist á aðra liði sbr. umfjöllun hér að ofan¹³.

Nettó fjármunatekjur voru 5.638 mkr eða 78 mkr umfram áætlun, en hærri fjármunatekjur Aðalsjóðs endurspeglast af því að vaxtatekjur og verðbætur voru um 4.895 mkr eða um 360 mkr umfram áætlun og móttækinn arður af eignarhlutum var 213 mkr eða 83 mkr hærri en áætlað var. Greiddur fjármagnstekjuskattur nam hins vegar 409 mkr og var 304 mkr hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir voru 82.785 mkr, þar af fastafjármunir 61.563 mkr og veltufjármunir 21.222 mkr. **Skuldir og skuldbindingar** voru 23.927 mkr og eigið fé 58.858 mkr. **Veltufré frá rekstri** var neikvætt um 1.805 mkr. Handbært fé í árslok var 9.561 mkr. **Skuldbinding utan efnahags** nam 189.877 mkr í árslok og hafði lækkað um 36.717 mkr frá fyrra ári þar af nam lækkun vegna skulda OR 37.541 mkr.


¹⁰ Sjá umfjöllun frammar í kafla 3 um A-hluta bls. 6.

¹¹ Vísað er í viðauka 4 um innheimtuárangur

¹² Sjá umfjöllun í viðauka 6.

¹³ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

3.3 Eignasjóður



Eignasjóður (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	19.068	18.732	335	1,79%
Laun og launat.gj.	1.056	1.064	-8	-0,73%
Annar rekstrark.	5.205	4.630	576	12,44%
Afskriftir	3.573	3.641	-68	-1,86%
Fjármagnsliðir	-6.289	-6.028	-261	4,33%
Rekstrarniðurstaða	2.944	3.370	-426	-12,64%

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.944 mkr

en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 3.370 mkr og var niðurstaðan því 426 mkr lakari en áætlað var. Helstu skýringar á lakari afkomu er að finna hærri fjármagnsgjöldum sem voru 261 mkr yfir áætlun auk þess sem rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var 165 mkr verri en áætlun gerði ráð fyrir.

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá Eignasjóði á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrartekjur voru 19.068 mkr eða 335 mkr yfir áætlun.

Leigutekjur voru 15.292 mkr eða 145 mkr undir áætlun sem skýrist einkum af því að framkvæmdir gatna voru undir áætlun og gatnagerðargjöld hærri en áætlun og því var stofn til leigutekna lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Þá var verðbótapáttur leigu lægri en áætlun en miðað er við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Þessar leigutekjur voru 129 mkr undir áætlun.

Aðrar tekjur voru 3.775 mkr og voru 480 mkr yfir áætlun sem skýrist að mestu af tekjum vegna reksturs gatna sem voru 301 mkr yfir áætlun (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði).

Rekstrargjöld voru 9.835 mkr eða 500 mkr yfir fjárheimildum.

Launakostnaður var 1.056 mkr eða 7,8 mkr undir fjárheimildum eða 0,73%. Lægri launakostnaður skýrist af því að vegna skipulagsbreytinga hjá Eignasjóði var ekki ráðið í allar stöður sem áætlað var á fyrri hluta ársins.

Annar rekstrarkostnaður var 5.205 mkr sem er 576 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar 214 mkr yfir fjárheimildum og Umhverfis- og skipulagssvið 362 mkr yfir fjárheimildum¹⁴.

Nettó fjármagnsgjöld voru 6.289 mkr eða 261 mkr yfir áætlun, en hærri fjármagnsgjöld Eignasjóðs skýrast af því að vaxtagjöld voru 151 mkr yfir áætlun, neikvæðum gengismun sem nam 96 mkr og 54 mkr lántökukostnaði sem ekki var áætlað fyrir.

Heildareignir námu 110.108 mkr, þar af námu fastafjármunir 105.259 mkr og veltufjármunir 4.849 mkr.¹⁵

Heildarskuldir voru 82.614 mkr. Langtímaskuldir námu 74.423 mkr og skammtímaskuldir voru 8.191 mkr í árslok. Skuldbinding utan efnahags nam 1.076 mkr í árslok.

Eigið fé hækkar úr 24.550 mkr í ársbyrjun í 27.494 mkr í árslok. Þessi hækkan skýrist af rekstrarniðurstöðu ársins.

Veltufé frá rekstri nam 8.645 mkr í árslok og handbært fé var 211 mkr.

Fjármögnun framkvæmda Samkvæmt fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir að lántaka næmi 3.299 mkr. Á árinu voru boðin út skuldabréf að nafnverði 2.460 mkr sem skiluðu 2.624 mkr að raunvirði. Fjárhagsáætlun gerði einnig ráð fyrir tekjum af gatnagerðargjöldum að fjárhæð 347 mkr. Tekjur af gatnagerðargjöldum námu hins vegar 1.330 mkr og voru 983 mkr yfir áætlun.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Eignarsjóðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

¹⁴ Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

¹⁵ Um breytingar á fastafjármunum er fjallað nánar um í kafla 3.3.1 um fjárfestingar hér að neðan

Lykiltölur um mannauð - ES 2013 *	ES	SEA	USK
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	201	12	189
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	67.221	3.968	63.253
Fjöldi vinnust. með vaktalag á ári	3	0	3
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	207.365	42.641	164.724

* Vegna skipulagsbreytinga hjá Eignasjóði 2013 eru lykiltölur um mannauð ekki fyllilega samanburðarhæfar milli ára

Lykiltölur úr rekstri - ES	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Úthlutun og sala byggingaréttar (íbúðir)*	-15	-27	-14	-6	201	
Götur - lengd (km)	503	508	515	516	517	2,78%
Götur - yfirborð (m ²)	4.320.000	4.365.000	4.404.000	4.461.000	4.452.000	3,06%
Göngu- og hjólréiðastígar - lengd (km)	760	762	766	776	785	3,29%
Göngu- og hjólréiðastígar - yfirborð (m ²)	1.985.000	2.015.000	2.021.000	2.037.000	2.067.000	4,13%

* Tölurnar sýna nettólóðaúthlutun, mismun á fjölda lóða (talið í íbúðum) sem hefur verið úthlutað og þeim sem hefur verið skilað eða verið afturkallaðar.

3.3.1 Fjárfestingar Eignasjóðs

Fjárfestingar námu alls 7.153 mkr sem var 85% af endurskoðaðri framkvæmdaáætlun ársins sem samþykkt var í borgarráði 20. júní sl. Gert var ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 8.456 mkr og voru framkvæmdir því 1.303 mkr lægri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Nettó fjárfesting ársins að teknu tilliti til tekna af gatnagerðargjöldum nam 5.823 mkr eða 72%, sjá meðfylgjandi töflu og verkstöðuskýrslu nýframkvæmda 2013 sem lögð er fram með ársreikning.

Fjárfestingar Eignasjóðs (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Fasteignir og stofnbúnaður	3.398	3.918	-520	-13,27%
Samgöngumannvirki	2.531	3.331	-800	-24,02%
Annað	1.224	1.207	17	1,41%
Samtals fjárfesting - brúttó	7.153	8.456	-1.303	-15,41%
Gatnagerðargjöld	-1.330	-347	-983	283,29%
Samtals fjárfesting - nettó	5.823	8.109	-2.286	-28,19%

Fasteignir og stofnbúnaður Kostnaður við byggingaframkvæmdir nam 3.398 mkr sem var um 87 % af áætlun ársins.

Samgöngumannvirki Kostnaður við gatnaframkvæmdir nam 2.531 mkr sem er um 76 % af áætlun ársins.

Tekjur af gatnagerðargjöldum námu 1.330 mkr eða 283% umfram áætlun ársins.

Áhöld, tæki og nýr hugbúnaður Fjárfestingar námu 439 mkr sem er um 81 % af áætlun ársins.

Lóðir, lönd og skipulagseignir Kostnaður nam 207 mkr sem er um 126 % af áætlun ársins.

Endurbætur, meiriháttar viðhald og sérstök átaksverkefni Fjárfestingar námu 578 mkr sem er um 116 % af áætlun ársins.

Yfirlit yfir keyptar og seldar fasteignir á árinu 2013:

Keyptar fasteignir og lóðir árið 2013 (mkr)	Kaupverð
Varmahlíð 1 - Perlan	950.000
Valsmenn gervigrasvöllur	100.000
Suðurlandsbraut 68, lóð	70.000
Suðurlandsbraut 70, lóð	41.006
Blesugróf Laufás	7.800
3. Gata við Rauðavatn 6	2.000
Kaupverð samtals:	1.170.806

Seldar fasteignir og lóðir árið 2013 (mkr)	Söluverð
Bjarmaland 26 skólagarðahús	3.051
Jaðarsel skólagarðahús	2.160
Þoragata skólagarðahús	2.050
Gorvík skólagarðahús	1.610
Suðrhólar 25	752
Söluverð samtals:	9.623

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Áhætta vegna lána Eignasjóðs tengist fyrst og fremst innlendu verðlagi.
- Mikilvægt er að taka upp arðsemismat vegna forgangsröðunar fjárfestinga.
- Nauðsynlegt er að skilja betur á milli útgjalda vegna atvinnuþróunar, sem á að gjaldfæra í Aðalsjóði, og útgjalda vegna Eignasjóðs.

3.4 Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks nam 5.512 mkr og tekjur sem komu á móti voru 5.098, rekstrarniðurstaða var neikvæð um 413 mkr.

Málefni fatlaðs fólks árið 2013	
Fjárhæðir í mkr	
Tekjur:	
Framlag frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks	3.867
Framlag frá Jöfnunarsjóði vegna lengdrar viðveru	35
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjón.	25
Útsvarstekjur 0,25% RVK	929
Þjónustutekjur	95
Útsvarstekjur 0,25% Seltjarnarnes	43
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög	105
Tekjur alls	5.098
Gjöld:	
Laun og launatengd gjöld	3.576
Húsaleiga [5511&5519]	308
Lengd viðvera	170
Annar rekstrarkostnaður	185
Þjónustugjöld (samningar)	1.168
Þjónustugjöld (Seltjarnarnes)	27
Stjórnunarkostnaður	77
Gjöld alls	5.512
Niðurstaða	-413
Frávik	-8,10%

Hjúkrunarheimili Hallarekstur hjúkrunarheimila hefur verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var kveðið á um að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Við það hefur ekki verið staðið. Árið 2013 voru hjúkrunarheimilin rekin með 240 mkr halla Meðfylgjandi mynd sýnir uppsafnaðan halla hjúkrunarheimilanna á árunum 2008-2013.


Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Hallarekstur 2008-2013 (í mkr á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugar- staðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
Samtals	879	452	1.331

Tónlistarskólar Framlög Jöfnunarsjóðs til tónlistarskóla í Reykjavík eru vegna nemenda í miðnámi í söng og vegna nemenda í framhaldsnámi í hljóðfæraleik og söng. Reykjavíkurborg greiðir til skólanna framlög Jöfnunarsjóðs sem námu 347 mkr á árinu.

4. Nánar um A-hluta

4.1 Aðalsjóður

4.1.1 Íþróttá- og tómstundasvið



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri íþróttá- og tómstundasviðs á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 5.622 mkr sem er 14 mkr eða 0,25% yfir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 1.059 mkr, sem er 137 mkr eða 14,9% yfir áætlun. Tekjur sundlauga voru 47 mkr yfir áætlun sem skýrist af auknum tekjum af vöru- og veitingasölu. Tekjur í Fjölskyldu- og húsdýragarði voru 13,1 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir og má einkum rekja til aukinnar veitingasölu. Tekjur Hins Hússins voru 21,1 mkr yfir áætlun sem má rekja til aukinna styrkja til verkefna á vegum Hins Hússins.

Laun og launatengd gjöld voru um 1.358 mkr, sem er 17 mkr eða 1,2% undir fjárheimildum. Launakostnaður í öllum sundlaugum var 7 mkr undir fjárheimildum, þrátt fyrir að launakostnaður í Laugardalslaugar hafi verið 13,7 mkr yfir fjárheimildum. Ástæður þessa eru kröfur heilbrigðiseftirlitsins um fjölgun starfsmanna við laugargæslu og aukning á yfirvinnu starfsmanna vegna framkvæmda. Launakostnaður vegna atvinnumála var 4,4 mkr yfir fjárheimildum vegna atvinnuáttaksverkefna í samvinnu við Vinnuáttastofnun. Endurgreiðsla Vinnuáttastofnunar vegna atvinnuáttaksverkefna er færð sem tekjur. Skíðabrekkur í hverfum voru 4,7 mkr undir fjárheimildum.

Annar rekstrarkostnaður var um 5.322 mkr, sem er 168 mkr eða 3,3% yfir fjárheimildum. Nýting frístundakortsins var um 21 mkr meiri en áætlun gerði ráð fyrir þá var krafa að fjárhæð 9,6 mkr frá árinu 2006 vegna ungs fólks í Evrópu var afskrifuð. Síðan hafa fallið til aukin útgjöld vegna vörukaupa í veitingasölum starfsstaða vegna aukinnar sölu en annar rekstrarkostnaður hjá sundlaugum var 45,9 mkr yfir fjárheimildum sem rekja má til hærri kostnaðar við aðföng. Laugarból var 8,8 mkr yfir fjárheimildum vegna hætti orkukostnaðar og Hitt húsið var 9,7 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af auknum verkefnum þar sem tekjur í formi styrkja koma á móti.

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða var 1.858 mkr, sem er 7 mkr eða 0,4% yfir fjárheimildum.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða var um 1.079 mkr sem er 8,7 mkr eða 0,8% undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru samtals um 47 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur af vöru- og veitingasölu var 33,5 mkr hærri en gert var ráð fyrir í áætlun og munar langmest um sölu á strætókortum þar sem framlegð er lítil, en seld voru strætókort fyrir um 54 mkr og hækkar um 17 mkr á milli ára. Að frátaldri sölu strætókorta var vöru- og veitingasalan undir áætlun eða um 10 mkr. Aðgangseyrir var 5,8 mkr yfir áætlun, sem verður að teljast viðunandi miðað við að aðgangseyrir fyrir maí til júlí var um 10,7 mkr undir áætlun. Annar rekstrarkostnaður sundlauganna var 45,7 mkr yfir fjárheimildum sem rekja má til hærri kostnaðar aðfanga og þá einkum strætókorta. Að lokum ber að nefna að aukinn kostnaður við gerð aðgangskorta ásamt endurnýjunar áhaldna og tækja var 5,3 mkr hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir.

Frístundakort: Rekstrarniðurstaða var 377,6 mkr sem er 21,3 mkr eða 6% yfir fjárheimildum. Nýting korta var 81% en í áætlun var gert ráð fyrir 65% nýtingu.

Styrkir til íþróttá- og æskulýðsmála: Styrkir námu 13,6 mkr sem er 0,1 mkr yfir fjárheimildum.

Fjölskyldu og húsdýragarður: Rekstrarniðurstaða var 159,4 mkr sem er 2,1 mkr undir fjárheimildum. Tekjur voru 13,1 mkr yfir áætlun sem var að mestu vegna meiri veitingasölu. Annar rekstrarkostnaður í garðinum var 11,7 mkr yfir fjárheimildum aðallega vegna hærri kostnaðar við endurnýjun áhaldna, búnaðar og innréttinga, auk aðkeyptrar vinnu og aðfanga í veitingasölu. Launakostnaður var 0,7 mkr undir fjárheimildum.

Hitt Húsið: Rekstrarniðurstaða var 195,5 mkr sem er 17,8 mkr undir fjárheimildum. Tekjur voru 21,1 mkr yfir áætlun. Auknar tekjur skýrast fyrst og fremst af styrkjum vegna ýmissa innlendra og erlendra verkefna s.s. styrkja frá Senu og Ýli vegna Músíktílauna, samstarfsverkefnanna Initiative me og Stage Europe Network, styrks frá STRV vegna vettvangsferðar, framlags vegna "Heita pottsins", styrks frá EUF vegna Áttavitans, Listar án landamæra auk þátttökugjalda á kvikmyndanámskeið og norræna ráðstefnu. Einnig var útseld þjónusta til nágrannasveitarfélaga vegna frístundar fatlaðra framhaldsskólanema umfram áætlun. Launakostnaður var 6,4 mkr undir fjárheimildum sem skýrist fyrst og fremst af því að færri ungmenni sóttu frístundastarfið en áætlun gerði ráð fyrir. Annar rekstrarkostnaður var 9,7 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af auknum verkefnum en á móti aukast tekjur í formi styrkja.

Ylströndin: Rekstrarniðurstaða var 51,6 mkr sem eða 5,4 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur voru samtals 2,3 mkr yfir áætlun en tekjur vegna aðgangseyris voru 2,7 mkr yfir áætlun og vöru- og veitingasala var 0,4 mkr hærrí. Launakostnaður var 2,9 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist af aukinni þjónustu við sjósund yfir vertartímann. Annar rekstrarkostnaður var 4,8 mkr yfir fjárheimildum sem má rekja til aukinnar orkunotkunar upp á 1,1 mkr, aukins kostnaðar við aðföng í veitingasölu fyrir 1,1 mkr og aukins viðhaldskostnaðar upp á 1,2 mkr.

Siglunes: Rekstrarniðurstaða var 21,1 mkr eða 1,2 mkr yfir fjárheimildum. Tekjur voru 1,3 mkr yfir áætlun vegna aukinnar þátttöku í sumarnámskeiðum. Launakostnaður var 2,1 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 0,5 mkr yfir fjárheimildum vegna aukins viðhalds á bátakosti staðarins.

Laugarbóli: Rekstrarniðurstaða var 154,8 mkr sem er 8,8 mkr yfir fjárheimildum en það skýrist af orkukostnaði sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2013.

Þjónusta við félög: Rekstrarniðurstaða var 55,9 mkr sem er 4 mkr undir fjárheimildum og skýrist af því að viðhaldskostnaður var minni en gert hafði verið ráð fyrir.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Íþróttá- og tómsundasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.¹⁶

Lykiltölur um mannauð - ÍTR	2009	2010	2011	2012*	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	604	624	630	246	243
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	147.005	139.850	127.372	66.953	76.960
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	216.901	212.473	198.485	128.758	127.964
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	247.066	228.595	228.095	99.609	97.605

Lykiltölur úr rekstri - ÍTR	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Frístundaheimili						
Aðsókn að sundstöðum ÍTR (þús)	1.825	1.904	1.771	1.822	1.698	-6,96%
Aðsókn að Ylströnd (þús)	453	470	475	485	480	5,96%
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarði (þús)	186	195	189	174	171	-8,06%


* Árið 2012 var frístundahluti Íþróttá- og tómsundasviðs fluttur yfir á Skóla- og frístundasvið

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur Íþróttá- og tómsundasviðs er í samræmi við fjárheimildir

¹⁶ Lykiltölur mannauðs miða við skipulag hvers árs

4.1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	273	239	34	14,20%
Laun og launat. gj.	880	868	11	1,31%
Annar rekstark.	2.926	2.945	-20	-0,67%
Rekstrarniðurstaða	3.532	3.574	-42	-1,19%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir árið 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 3.532 mkr og er það 42 mkr eða 1,19% undir fjárheimildum ársins.

Tekjur ársins voru um 273 mkr eða 34 mkr og 14,2% yfir áætlun. Tekjuaukinn má að stærstum hluta rekja til þess að tekjur af aðgangseyri voru umfram áætlun á Listasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni og Landnámssýningu og skýrist það helst af fjölgun erlendra ferðamanna. Þá var rekstrarformi á kaffihúsi í Gerðubergi breytt frá upphaflegri áætlun og reksturinn nú vistaður tímabundið hjá menningarmiðstöðinni og því bæði tekjur og gjöld að bókast af þeim rekstri. Hins vegar voru tekjur af salarleigu undir áætlun í Gerðubergi. Nánari greiningar koma undir viðeigandi liðum hér á eftir.

Laun og launatengd gjöld voru 1,3% eða 11 mkr umfram fjárheimildir og má rekja til afturvirkra breytinga vegna endurmats á starfsmati, uppgjöra vegna starfsloka og þess að launatengd gjöld eru víða hærri en fjárheimildir ársins gerðu ráð fyrir fyrir.

Annar rekstrarkostnaður var 2.922 mkr, sem er 20 mkr eða 0,67% undir fjárheimildum. Helstu frávik eru vegna framlaga tengdum Hörpu og Austurhöfn, sem reyndist lægra en áætlað var og sameiginlegur og ófyrirséður kostnaður er undir fjárheimildum.

Þá var innri leiga lægri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir sem nemur ríflega 0,29%. Nánari greiningar koma undir viðeigandi liðum hér á eftir.

Styrkir og samstarfssamningar: Kostnaður sviðsins vegna þessa liðar nam tæplega 1.158 mkr og er 0,27% undir fjárheimildum eða ríflega 3 mkr. Eins og áður var getið var innri leiga lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem nam 0,29% og frávik þessi fyrst og fremst tilkominn vegna þess.

Borgarbókasafn: Kostnaður vegna reksturs safnsins var 618 mkr, sem var tæplega 3,2 mkr eða 0,5% yfir fjárhagheimildum. Tekjur voru yfir áætlun ársins sem nemur ríflega 3 mkr. Laun og launatengd gjöld voru á móti umfram fjárheimildir sem nam 4,5 mkr og voru annars vegar vegna afturvirkra breytinga á starfsmati og hins vegar að launatengd gjöld voru hærri en forsendur fjárhagsáætlunar gerðu ráð fyrir. Þá var aukinn kostnaður við rekstur bókaþáttanna, sem nú er orðinn 13 ára gamall og viðhaldsþörf meiri en áætlun gerði ráð fyrir. Á umliðnum árum hefur verið hagrætt mjög í starfsmannahaldi safnsins. Sama þjónustustigi hefur þó verið unnt að halda úti með því að taka virkan þátt í átaksverkefnum Vinnandi vegur og Atvinnutorg. Safnið fékk til liðs við sig 7 starfsmenn á árinu 2013 í gegnum átaksverkefnið. Gestir Borgarbókasafnsins voru 626 þúsund árið 2013 og fækkaði um 1% milli ára. Útlán voru ríflega 916 þúsund og minnkuðu um 7% milli ára.

Listasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Listasafnsins var tæplega 328 mkr eða um 0,6% yfir fjárheimildum. Tekjur af aðgangseyri voru hærri en áætlað hafði verið sem nam 7,5 mkr eða ríflega 30%. Á sama tíma og gestum fjölgaði um tæplega 19%. Kostnaður við afmælisýninguna Flæði var umfram fjárheimildir þar sem umfang sýningarinnar varð talsvert meira en gert var ráð fyrir. Gott starf var unnið í tengslum við verkefnið sem gefur mikla möguleika í safna- og sýningarstarfi næstu árin. Listasafnið tók þátt í erlendum samstarfsverkefnum á árinu sem m.a. fól í sér stærstu Kjarvalssýningu utan Íslands í St. Pétursborg. Safnið náði einnig þeim áfanga að gera stærstan hluta safneignar sinnar aðgengilegan á sérstökum listaverkavef. Listasafnið tók virkan þátt í atvinnuátaksverkefnum á árinu 2013 og voru 6 starfsmenn ráðnir til í sýningagæslu í Hafnarhúsi og á Kjarvalsstöðum.

Minjasafn Reykjavíkur: Kostnaður vegna reksturs Minjasafns Reykjavíkur nam 197 mkr sem var 5% undir fjárheimildum, sem skýrist af því að tekjur af aðgangseyri voru 17% yfir áætlun hjá Árbæjarsafni og tæplega 67% yfir áætlun á Landnámssýningunni eða samtals um 13,9 mkr. Gestum Landnámssýningar fjölgaði um 31,6% milli ára en gestum Árbæjarsafns fækkaði um 10,6% þrátt fyrir auknar tekjur, en fækkuninni var helst meðal barna í frístundastarfi og eldri borgara og má líklega rekja fækkunina að mestu til óhagstæðs veðurfars í Reykjavík sl. sumar. Á báðum söfnunum fjölgaði

erlendum gestum til muna, en þeir greiddu hlutfallslega flestir fullan aðgangseyri. Ráðist var í nokkra endurnýjun á búnaði á Landsnámssýningu og endurgerð safnhúsa á Árbæjarsafni gekk samkvæmt áætlun. Ráðgert var að nýta tekjuauka á árinu til að ljúka rannsókn og útgáfu á niðurstöðum fornleifauppgraftar í Aðalstræti, en því miður vannst ekki tími til þess. Á árinu var hafin vinna við undirbúning að stofnun nýs safns sem mun innihalda Minjasafn Reykjavíkur, Ljósmyndasafn, Viðey og Sjóminjasafnið Víkina.

Aðrar menningarstofnanir: Kostnaður vegna reksturs annarra menningarstofnana var ríflega 198 mkr og var 0,6% eða 1,3 mkr yfir fjárheimildum. Kostnaðurinn skiptist þannig að rekstur Menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs var um 84 mkr og 0,8% yfir fjárheimildum, rekstur Viðeyjar um 71 mkr skv. fjárheimildum og rekstur Ljósmyndasafns Reykjavíkur um 44 mkr eða 1,6% yfir fjárheimildum. Gestir í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi voru ríflega 106 þúsund og fækkaði um 2% milli ára. Gestir Ljósmyndasafnsins voru ríflega 35 þúsund og fjölgaði um 19% frá fyrra ári og gestafjöldi í Viðey stóð í stað milli ára og var ríflega 22 þúsund.

Höfuðborgarstofa: Kostnaður vegna reksturs Höfuðborgarstofu nam rúmum 130 mkr sem var því sem næst skv. fjárheimildum eða 0,2% frávik eða um 0,2 mkr. Gestum Upplýsingamiðstöðvar ferðamanna fjölgaði um ríflega 16% og voru um 299 þúsund árið 2013. Meðal forgangsverkefna ferðamálastefnunnar sem unnið var að voru endurskoðun á vörumerkinu Pure Energy, þátttaka í samstarfsverkefninu Ísland allt árið (sem er samstarfsverkefni fyrirtækja í greininni, ríkis og borgar og miðar að því að fjölga ferðamönnum utan háannar), Ráðstefnuborgin Reykjavík og Jólaborgin Reykjavík, sem jafnframt var unnið að í samvinnu við fyrirtæki og hagsmunasamtök í miðborginni. Borgarhátíðir voru haldnar í samræmi við starfsáætlun.

Yfirstjórn: Kostnaður vegna yfirstjórnar nam tæplega 77,4 mkr sem var tæplega 2,1 mkr. eða 2,6% undir fjárheimildum ársins. Frávikin eru tilkomin vegna þess að launakostnaður ráðsins var lægri en áætlað var og fyrirhuguð vinnu- og fræðsluferð ráðsins á erlenda grund var ekki farin.

Framlög: Framlag Reykjavíkurborgar til Borgarleikhússins var 836 mkr sem í samræmi við fjárheimildir. Framlögin skiptast þannig að 503 mkr var rekstrarframlag, en 333 mkr var húsnæðisstyrkur. Auk þess námu fjárfestingar borgarinnar vegna Borgarleikhússins 55 mkr.

Framlag Reykjavíkurborgar til Hörpu – Tónlistar- og ráðstefnuhússins var um 547 mkr en það var 12,4 mkr eða 2,2% undir fjárheimildum. Frávikin eru tilkomin vegna kreditreiknings vegna leiðréttinga á verðbótum. Áætlað rekstrarframlag til Austurhafnar var fellt niður þar sem félagið var sameinað Hörpu í febrúar 2013.

Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands var 166,2 mkr eða um 2,5 mkr yfir fjárheimildum ársins og eru tilkomin vegna hlutdeildar í móttframlagi í lífeyrissjóð sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ársreikningur 2012 barst á vordögum og sýndi að rekstur hljómsveitarinnar fór um 68 mkr fram úr fjárheimildum skv. fjárlögum. Sí gerði kröfu um að Reykjavíkurborg greiddi 18% hlutdeild í taprekstri sveitarinnar 2012 eða um 12,2 mkr og var sú fjárhæð tekjufærð í ársreikningi sveitarinnar. Þeirri kröfu var hafnað, sjá nánar í ábendingum.

Annað: Helsta sérverkefni sviðsins á árinu var Bókmenntaborg UNESCO. Reykjavík fékk titilinn á árinu 2011 og hefur unnið markvisst að bókmenntatengdum verkefnum, kynningarstarfi og alþjóðlegum tengslum í netverki skapandi borga UNESCO. Verkefnið var rekið innan fjárheimilda. Á árinu var jafnframt unnið að nýmiðlun og fjölbreyttum verkefnum á sviði barnamenningar s.s. Menningarfánanum, sem er samstarfsverkefni MOF og SFS og þátttöku í tónlistarverkefni Bjarkar Guðmundsdóttur, Biofilii – allt rekið undir fjárheimildum alls ríflega 6 mkr. Þá var ófyrirséður og sameiginlegur kostnaður undir fjárheimildum sem nam ríflega 13 mkr og kom á þann hátt á móti auknum kostnaði stofnana sviðsins meðal annars vegna launaleiðréttinga, uppgjöra og launatengdra gjalda.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Menningar- og ferðamálasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum. Athygli er vakin á að fjölgun stöðugilda allt frá árinu 2009 felast eingöngu í þátttöku stofnana sviðsins í atvinnuáttaksverkefnum – reglubundnum föstum stöðugildum hefur ekki fjölgað.


Lykiltölur um mannauð - MOF	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	148	152	151	157	160
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	25.983	25.107	23.608	24.986	25.664
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	20.662	20.459	17.151	19.200	19.118
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	70.207	64.982	67.320	67.074	68.558

Lykiltölur úr rekstri - MOF	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Gestaföldi						
Borgarbókasafn	698.133	684.987	656.087	636.970	626.015	-10,33%
Listasafn Reykjavíkur	219.307	241.952	193.865	171.138	203.053	-7,41%
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	31.414	31.143	31.967	29.592	35.247	12,20%
Menningarmiðstöðin Gerðuberg	111.186	115.680	124.013	108.514	106.292	-4,40%
Minjasafn Reykjavíkur	71.974	72.838	64.514	66.650	71.414	-0,78%
Víðey	20.117	22.860	19.421	22.295	22.302	10,86%
Upplýsingamiðstöð ferðamanna	322.846	295.878	298.534	257.025	299.088	-7,36%
Borgarbókasafn - útlán	1.171.710	1.152.312	1.106.587	985.802	916.037	-21,82%
Fjöldi listaverka í eigu Listasafns	13.872	16.082	16.349	16.483	16.778	20,95%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur Menningar- og ferðamálasviðs var í jafnvægi og í samræmi við fjárheimildir.
- Samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að greiða 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þetta felur í sér óvissu um útgjöld borgarsjóðs þar sem borgin hefur ekki ákvörðunarvald yfir rekstri SÍ. Rekstur SÍ hefur ítrekað farið fram úr fjárheimildum undanfarin ár. Á árinu 2012 fór reksturinn 68 mkr fram úr heimildum. SÍ hefur gert kröfu um að borgarsjóður greiði 18% hlutdeild í taprekstri SÍ eða um 12,2 mkr og er sú fjárhæð tekjufærð í ársreikningi sveitarinnar en sama er ekki gert vegna 82% hlutar ríkissjóðs í taprekstrinum. Skv. 8. gr. l. nr. 36/1982 ber stjórn SÍ ábyrgð á að leggja Reykjavíkurborg til áreiðanlegar upplýsingar um fjárhagsáætlun næsta árs og hún ber einnig ábyrgð á að fjárreiðum sínum, þar á meðal að eyða ekki fé umfram fjárheimildir. Í greinargerð með lagafrumvarpi að lögum um SÍ er kveðið á um skyldu stjórnar SÍ að gera rekstraraðilum grein fyrir ef rekstraráætlanir stefna í óefni og óska aukafjárveitingar innan fjárhagsársins með málefnalegum rökum. Stjórn SÍ hefur ekki gætt að þessari skyldu á rekstrarárinu 2012 og getur af þeim sökum ekki komið fram með síðbúna kröfu á árinu 2013. Þar sem SÍ er ríkisstofnun ber ráðherra ábyrgð á að stofnunin sé rekin innan fjárheimilda. Af ofangreindum ástæðum hefur kröfum SÍ um greiðslu bakreikninga verið hafnað.

4.1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	3.675	3.368	307	9,11%
Laun og launat. gj.	22.083	22.258	-175	-0,79%
Annar rekstark.	15.644	14.718	926	6,29%
Rekstrarniðurstaða	34.052	33.608	444	1,32%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs á árinu 2013 í samanburði við endurskoðaða áætlun ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 34.052 mkr sem er 444 mkr yfir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 3.675 mkr sem er um 307 mkr yfir áætlun eða 9%. Þar af voru tekjur grunnskólahluta 281 mkr yfir áætlun eða 23,7%. Hjá leikskólahluta voru tekjur um 4 mkr undir áætlun eða 0,3%. Tekjur frístundahluta voru 3 mkr yfir áætlun eða 0,5%. Yfirstjórn og miðlægir liðir voru með tekjur upp á 10 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Tekjur listmála og námsflokka var um 17 mkr yfir áætlun eða 33,4%. Sjá skýringar í kaflanum um grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðvar, yfirstjórn og listaskóla.

Laun og launatengd gjöld voru 22.083 mkr sem er um 175 mkr undir fjárheimildum. Þar af voru laun grunnskólahluta um 161 mkr undir fjárheimildum eða 1%. Hjá leikskólahluta var launakostnaður 60 mkr undir fjárheimildum eða 1%. Launakostnaður frístundahluta var 61 mkr yfir fjárheimildum eða 3%. Launakostnaður yfirstjórnar/miðlægra liða var um 14 mkr undir fjárheimildum eða 2%. Launakostnaður listmála og námsflokka var 1 mkr undir fjárheimildum. Sjá nánari skýringar í kaflanum um grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðvar, yfirstjórn og listaskóla.

Annar rekstrarkostnaður var 15.644 mkr sem er 926 mkr yfir fjárheimildum eða 6%. Þar af var annar kostnaður grunnskólahluta 650 mkr yfir fjárheimildum eða 8%. Hjá leikskólahluta var annar kostnaður 126 mkr yfir fjárheimildum eða 3%. Annar kostnaður hjá frístundahluta var um 58 mkr yfir fjárheimildum eða 10%. Annar kostnaður hjá yfirstjórn/miðlægum liðum var um 13 mkr undir fjárheimildum eða 5%. Annar kostnaður listmála og námsflokka var 95 mkr yfir fjárheimildum eða 8%. Sjá nánari skýringar í kaflanum um grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðvar, yfirstjórn og listaskóla.

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	1.468	1.186	282	23,74%
Laun og launat. gj.	11.943	12.104	-161	-1,33%
Annar rekstark.	9.128	8.479	649	7,66%
Rekstrarniðurstaða	19.604	19.397	207	1,07%

Grunnskólahluti SFS var 1,1% yfir áætlun ársins eða 208 mkr.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.468 mkr sem er um 282 mkr eða 23,7% hærra en áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru 27 mkr lægri en áætlað var en tekjur vegna uppgjörssveitarfélaga vegna skólakostnaðar nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 125 mkr umfram áætlun.

Húsaleiga, leiga af íþróttamannvirkjum og aðrar sértekjur voru 28 mkr umfram áætlun. Frávik annarra tekjuliða grunnskólahluta skýrast af framlögum og styrkjum sem skólarnir sækja um en ekki var áætlað fyrir, til dæmis framlög vegna námsleyfa kennara 93 mkr og aðrir styrkir 69 mkr. Kostnaður bókast á móti styrkjum, ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Launakostnaður grunnskólahluta var 11.943 mkr sem er um 161 mkr eða 1,3% undir fjárheimildum. Á launakostnað var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólustjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar. Eftir millifærslur vegna þessara liða og eftir að tekið hefur verið tillit til launakostnaðar sem framlög vegna námsleyfa kennara koma á móti, er launakostnaður 83,5 mkr undir fjárheimildum eða 0,7%.

Annar rekstrarkostnaður var 9.128 mkr sem er um 649 mkr eða 7,7% yfir fjárheimildum. Helstu frávik skýrast af gjaldfærslu hönnunarkostnaðar að fjárhæð 33,5 mkr vegna skólamannvirkja í Úlfarsárdal sem hætt hefur verið við byggingu á. Frávik skýrast einnig af því aðkeypt þjónusta, sem áætlað var fyrir launamegin, var 170,2 mkr yfir fjárheimildum, innkaup í

mötuneyti voru 69,4 mkr hærri, og orkukostnaður 24,6 mkr hærri. Að teknu tilliti til þessara skýringa var annar rekstrarkostnaður 352 mkr yfir fjárheimildum eða 4,1%.

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Borgarreknir grunnskólar: Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða (að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum) var 18.977 mkr. Fjárheimildir námu 18.767 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 209 mkr umfram fjárheimildir eða 1,1%.

Á árinu voru 19 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 17 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 19 var 135 mkr. Tveir grunnskólar voru 4% eða meira yfir fjárheimildum, Dalskóli, með 8,3% halla eða 21 mkr og Norðlingaskóli, með 4,8% halla eða 32 mkr. Samanlagður afgangur grunnskólanna 17 var 86 mkr. Klettaskóli var með mestan afgang í prósentum 3,7% eða 24 mkr.

Eftirfarandi grunnskólar voru með 4% eða meiri halla sem gerir samtals 53,5 mkr.

Dalskóli (sameinaður) var með 8,3% halla eða 21,3 mkr. Frávikin liggja í 9,1 mkr öðrum rekstrarkostnaði og 9,9 mkr launakostnaði en tekjur voru 2,3 mkr undir fjárheimildum.

Norðlingaskóli (sameinaður) var með 4,8% halla eða 32,2 mkr. Frávikin liggja í 39,1 mkr öðrum rekstrarkostnaði en launakostnaður var 2,8 mkr undir og tekjur 4,1 mkr yfir fjárheimildum.

Eftirfarandi grunnskólar voru með 2% – 3,9% halla sem gerir samtals 28,8 mkr.

Ártúnsskóli (sameinaður) var með 2,5% halla eða 7,6 mkr. Frávikin liggja í 8,4 mkr öðrum rekstrarkostnaði en tekjur voru 4,4 mkr undir áætlun og launakostnaður 5,2 mkr undir fjárheimildum.

Grandaskóli var með 2,2% halla eða 8,1 mkr. Frávikin liggja í 5,1 mkr launakostnaði, 5,7 mkr í öðrum rekstrarkostnaði en tekjur voru 2,7 mkr yfir fjárheimildum.

Ölduselsskóli var með 2,1% halla eða 13,1 mkr. Frávikin liggja í 1,7 mkr launakostnaði, 11,2 mkr í öðrum rekstrarkostnaði og tekjur voru 0,2 mkr undir áætlun.

Fjórtán grunnskólar voru með halla innan við 2% þar sem hallinn var frá 34 þús kr. til 11 mkr.

Langtímaveikindapottur útgjöld voru 263,3 mkr og var halli 129 mkr.

Sérkennslupottur útgjöld voru 839 mkr og var afgangur 6,6 mkr.

Nýbúakennslupottur útgjöld voru 88,4 mkr og var afgangur 10,6 mkr á árinu þar sem fjöldi þjónustuþega og þjónustuþyngd var minni en gert var ráð fyrir.

Skólaakstur útgjöld voru 191,2 mkr og var halli 24,5 mkr á árinu eða 15% yfir fjárheimildum. Aukningin stafar fyrst og fremst af auknu ósamræmi milli tímasetningar á upphafi skóladags og loka skóladags á milli skóla, og var því samnýting bíla minni en áætlun gerði ráð fyrir.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar útgjöld voru 627,8 mkr sem er 0,2% undir fjárheimildum eða 1,3 mkr.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	1.540	1.544	-4	-0,26%
Laun og launat. gj.	7.513	7.573	-60	-0,79%
Annar rekstark.	4.321	4.195	126	3,00%
Rekstrarniðurstaða	10.294	10.224	70	0,68%

Leikskólahluti SFS var 0,7% yfir áætlun á árinu eða 70 mkr.

Tekjur leikskólahluta eru um 4 mkr undir áætlun sem skýrist að stærstum hluta vegna færri barna en herra meðalgjalds fyrir hvert barn en áætlað var.

Launakostnaður leikskólahluta var 60 mkr undir fjárheimildum.

Þar af var launakostnaður borgarrekinna leikskóla 221 mkr undir fjárheimildum, endurúthlutun 20 mkr undir fjárheimildum. Sérkennsla var 154 mkr yfir fjárheimildum og langtímaveikindi 33 mkr yfir.

Raunfjöldi barna var að meðaltali 60 barni færri en áætlun og fjöldi stöðugilda var að meðaltali um 1 yfir áætlun en yfirvinnukvótinn var að meðaltali um 461 tímum undir áætlun á mánuði.

Magntölutafli

Janúar - Des (meðaltal)	Raunfjöldi barna	Áætlaður fjöldi barna	Mismunur	Raunfjöldi dvalargilda	Áætlaður fj. dvalargilda*	Mismunur
Borgarreknir leikskólar	5.831	5.891	-60	57.054	58.619	-1.565
Samreknir leik-og grunnskólar	134	134	0	1.292	1.305	-13
Sjálfstætt starfandi leikskólar	999	1.141	-142	11.110	11.991	-881
Dagforeldrar	874	880	-6			

* dvalargildi = dvalarstundir x barngildisstuðull

Annar rekstrarkostnaður í leikskólahluta var rúmlega 126 mkr yfir fjárheimildum. Þar af var annar rekstrarkostnaður borgarrekinn leikskóla 205 mkr yfir fjárheimildum, sérkennsla 24 mkr yfir fjárheimildum, Dagforeldrar 12 mkr yfir fjárheimildum, Greiðslur til og frá sveitarfélögum 13 mkr yfir fjárheimildum, sjálfstætt starfandi leikskólar 55 mkr undir fjárheimildum og endurúthlutun 73 mkr undir fjárheimildum.

Hjá leikskólum borgarinnar var endurnýjun og viðhald á áhöldum, búnaði og skrifstofuvélum rúmlega 98 mkr yfir fjárheimildum, kennslugögn voru um 28 mkr yfir fjárheimildum, fæðiskostnaður um 25 mkr yfir fjárheimildum, ritföng, pappír og kostnaður vegna ljósritunar var um 19 mkr yfir. Aðrir liðir voru um 35 mkr yfir fjárheimildum.

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Kostnaður vegna borgarrekinn leikskóla og tengdra liða var 8.425 mkr, fjárheimildir námu 8.304 mkr og var liðurinn því 121 mkr yfir fjárheimildum.

Talsverð breidd var í rekstrarniðurstöðum einstakra leikskóla, frá 7% afgangi í 3,6% hallarekstur. Af 62 borgarreknnum leikskólum voru 27 reknir með halla. Samtals voru þessir 27 leikskólar með halla að fjárhæð 45 mkr. Leikskólinn Sunnufold var með mestan rekstrarhalla í prósentum, 3,6% eða 7,2 mkr. Alls voru 35 leikskólar með rekstrarafgang, samtals að fjárhæð 63 mkr. Leikskólinn Mýri var með mestan rekstrarafgang í prósentum, 7,1% eða 5 mkr. Nettó rekstrarafgangur borgarrekinn leikskóla var því 18 mkr.

Eftirfarandi leikskólar voru með 2% - 3,9% halla sem gera samtals 27,1 mkr.

Sunnufold var með 3,6% halla eða 7,2 mkr. Frávikin liggja í 4,4 mkr í öðrum rekstrarkostnaði og 2,8 mkr í launakostnaði.

Heiðarborg var með 3,4% halla eða 3,7 mkr. Frávikin liggja í 2,1 mkr í öðrum rekstrarkostnaði og 1,6 mkr í launakostnaði.

Seljakot var með 3,1% halla eða 2,8 mkr. Frávikin liggja í 1,6 mkr öðrum rekstrarkostnaði og 1,2 mkr launakostnaði.

Bjartahlíð var með 2,7% halla eða 5,3 mkr. Frávikin liggja í 4 mkr í launakostnaði og 1,3 mkr í öðrum rekstrarkostnaði.

Seljaborg var með 2,5% halla eða 1,8 mkr. Frávikin liggja í 2,9 mkr í öðrum rekstrarkostnaði en launakostnaður var 1,1 mkr undir fjárheimildum.

Hraunborg var með 2,4% halla eða 2,6 mkr. Frávikin liggja í 4,6 mkr í öðrum rekstrarkostnaði en launakostnaður var 2 mkr undir fjárheimildum.

Ösp var með 2% halla eða 1,6 mkr. Frávikin liggja í 3,7 mkr í öðrum rekstrarkostnaði en launakostnaður var 2,1 mkr undir fjárheimildum.

Tuttugu og einn leikskóli var með halla innan við 2% þar sem hallinn var frá 56 þús kr til 3,7 mkr.

Greiðslur til/frá sveitarfélögum tekjur voru 26 mkr sem er rúmlega 13 mkr undir fjárheimildum, en uppgjör milli sveitarfélaga liggur ekki endanlega fyrir.

Sérkennsla. Útgjöld voru 795 mkr sem er rúmlega 171 mkr yfir fjárheimildum eða 27%. Þess má geta að potturinn hefur verið hækkaður um 155 mkr fyrir árið 2014.

Börn af erlendum uppruna útgjöld voru 37 mkr sem er tæplega 900 þús kr undir fjárheimildum.

Langtímaveikindi. Útgjöld voru 159 mkr sem er tæplega 34 mkr yfir fjárheimildum eða 27%. Þess má geta að potturinn hefur verið hækkaður um 25 mkr fyrir árið 2014.

Endurúthlutun vegna breytinga á barnafjölda. Útgjöld voru 32 mkr sem er tæplega 77 mkr undir fjárheimildum. Skýrist það vegna þess að fjöldi barna hefur verið minni heldur en áætlað var. Þar af leiðandi er fjármagn leikskólanna skert ef að þeir eru ekki fullnýttir og er fjármagnið millifært á endurúthlutunarpott.

Sjálfstætt starfandi leikskólar útgjöld voru 1.415 mkr sem er rúmlega 55 mkr undir fjárheimildum og skýrist af því að fjöldi barna var minni en áætlað var.

Dagforeldrar útgjöld voru 460 mkr sem var tæplega 10 mkr yfir fjárheimildum og stafar af því að meðalgreiðsla fyrir hvert barn á mánuði var 1.235 kr hærri en áætlað var.

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	589	586	3	0,51%
Laun og launat. gj.	1.827	1.766	61	3,45%
Annar rekstark.	655	598	57	9,53%
Rekstrarniðurstaða	1.893	1.778	115	6,47%

Frístundahluti SFS var 6,5% yfir áætlun ársins, eða 116 mkr.

Tekjur voru 589 mkr sem er um 3 mkr eða 0,5% yfir áætlun. Tekjur vegna vistunargjalda voru lægri en gert var ráð fyrir en á móti komu hærri aðgangstekjur, sem voru m.a. vegna ferða sem ungmennin fara í. Einnig voru aðrar sértekjur, fengnir styrkir og önnur framlög hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Laun og launatengd gjöld voru 1.827 mkr sem er um 61 mkr yfir fjárheimildum eða 3%. Meginskýringin liggur í hærri launakostnaðar vegna stuðnings barna með sérþarfir og langtímaforföllum.

Annar rekstrarkostnaður var 655 mkr sem er um 57 mkr eða 10% yfir fjárheimildum. Ræsting og endurnýjun áhalda, búnaðar og innréttinga var yfir fjárheimildum en á móti kom að hráefniskostnaður og innri leiga húsnæðis voru undir fjárheimildum.

Frístundaheimili útgjöld voru 832 mkr eða 98 mkr og 13% yfir fjárheimildum. Tekjur frístundaheimila voru 30 mkr lægri en fjárheimildir eða 6%. Launakostnaður var 6% hærri en fjárheimildir eða 64 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 4 mkr hærri en fjárheimildir eða 2%. Launakostnaður var almennt lægri en fjárheimildir en stuðningur vegna barna með sérþarfir var langt yfir fjárheimildum.

Frístundaklúbbur útgjöld voru 255 mkr eða 13 mkr og 6% yfir fjárheimildum. Tekjur voru 19% undir áætlun eða 7 mkr. Launakostnaður var um 3% lægri en fjárhagsáætlun eða 7 mkr. Annar rekstrarkostnaður var 24% hærri en fjárheimildir eða 14 mkr. Sérþæka starfið var mun þyngra en gert var ráð fyrir, sem kallaði á fleira starfsfólk og auknar búnaðarkröfur. Frístundaklúbburinn Hlíðin við Brúarskóla var án fjárheimilda, en það er nýr klúbbur sem var settur á um mitt árið. Þar þurfti að kaupa inn búnað til að koma starfinu af stað.

Frístundamiðstöðvar með félagsmiðstöðvum útgjöld voru 751 mkr eða 2 mkr og 0,5% yfir fjárheimildum. Tekjur voru 39 mkr hærri eða 315%. Launakostnaður var 8 mkr. lægri en fjárheimildir eða 1% og annar rekstrarkostnaður var 18% hærri en fjárheimildir eða 44 mkr. Umframtekjur ársins voru til komnar vegna starfs í félagsmiðstöðvum, m.a. skíðaferð og aðrar styttri ferðir, en á móti bókast hærri rekstrarkostnaður vegna ferðanna.

Miðlægir liðir útgjöld voru 55 mkr eða 6 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist að mestu af framúrkeyslu í langtímaforföllum.

Langtímaforföll útgjöld voru 16,4 mkr eða um 5,6 mkr umfram fjárheimildum.

Stuðningur vegna barna með sérþarfir útgjöld voru 334 mkr eða 118 mkr yfir fjárheimildum eða 55%. Kostnaðaraukinn liggur m.a. í að fjöldi barna sem þurftu stuðning var meiri og greiningar voru þyngri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Yfirstjórn og miðlægir liðir

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 831 mkr eða tæplega 25,5 mkr undir fjárheimildum eða 3% á árinu.

Ráð og yfirstjórn útgjöld voru 697 mkr eða um 1% undir fjárheimildum eða 7 mkr. Meginskýringin liggur í öðrum kostnaði sem var undir fjárheimildum og 2 mkr tekjum sem ekki var áætlað fyrir.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 134 mkr eða um 19 mkr undir fjárheimildum eða 12%. Þá voru bókaðar 8 mkr tekjur sem ekki var áætlað fyrir.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 1.430 mkr eða 76 mkr yfir fjárheimildum eða 5,6% á árinu.

Listaskólar og skólahljómsveitir útgjöld voru 1.300 mkr eða 6,3% yfir fjárheimildum eða 77 mkr. Þar af eru frávik vegna tónlistarskólanna um 113 mkr en þeir voru aðeins áætlaðir til 8 mánaða þar sem að samningur við ríkið lá ekki fyrir fyrir tímabilið september til desember. Fjárheimildir sviðsins voru ekki endurskoðaðar en greiðslur bárust frá Jöfnunarsjóði vegna þessa tímabils á síðustu mánuðum ársins, sem bókast með skatttekjum. Nú liggur fyrir samningur vegna ársins 2014.

Fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar útgjöld voru 130 mkr eða 0,5% undir fjárheimildum eða 0,7 mkr og liggja frávikin hjá Námsflokki Reykjavíkur en framlög til framhaldsskóla voru í samræmi við fjárheimildir.

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Skóla- og frístundasviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - SFS	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	4.312	4.212	4.173	4.189	3.999
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	633.367	535.683	515.235	517.646	476.886
Fjöldi vinnust. með vaktálagi á ári	250.625	245.026	227.682	209.588	82.946
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	504.820	435.427	430.634	459.429	352.698


Lykiltölur úr rekstri - SFS	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Grunnskólar						
Nemendafjöldi (meðaltal 2ja skólaára)	13.634	13.372	13.264	13.273	13.425	-1,54%
Sérskólar						
Fjöldi nemenda	139	140	140	140	148	6,41%
Sérkennsla v. sérúthlutana til fatlaðra barna						
Fj. nemenda m. sérframlag (meðaltal 2ja ára)*	714	718	737	691	565	-20,87%
Leikskólar						
Meðalfjöldi barna	5.645	5.638	5.618	5.715	5.831	3,29%
Frístundaheimili						
Frístundaheimilispláss skv. áætlun	2.100	2.600	3.270	3.340	3.502	66,76%
Fjöldi barna á frístundaheimilum	2.770	2.784	3.243	3.400	3.504	26,50%

*Fækkun er vegna þeirrar breytingar að sérframlag nemenda með málþroskavanda á mið- og unglíngastigi var fellt niður en framlag fatlaðra nemenda hækkað á mótí

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur sviðsins er 444 mkr yfir fjárheimildum ársins eða 1,3%. Þar af eru frávik vegna tónlistarskólanna um 113 mkr en þeir voru aðeins áætlaðir til 8 mánaða þar sem að samningur við ríkið lá ekki fyrir fyrir tímabilið september til desember. Fjárheimildir sviðsins voru ekki endurskoðaðar en greiðslur bárust frá Jöfnunarsjóði vegna þessa tímabils á síðustu mánuðum ársins. Þá var gjaldfærður hönnunarkostnaður að fjárhæð 33,5 mkr vegna byggingaframkvæmda sem ekki var farið í og ber að gjaldfæra.
- Rekstur grunnskóla er 208 mkr umfram fjárheimildir eða 1,1%. Á árinu 2013 voru 19 af 36 grunnskólum með hallarekstur, alls 135 mkr. Af þessum 19 eru 2 með 4% eða meiri halla og 14 með undir 2% halla. Skóla- og frístundasvið hefur verið með þessi mál í sérstakri skoðun.
- Rekstur leikskóla var 70 mkr undir fjárheimildum eða 0,7%. Á árinu voru 27 af 62 leikskólum með halla alls 45 mkr. Af þessum 27 var enginn leikskóli með halla yfir 4%.
- Sviðið fékk við samþykkt fjárhagsáætlunar 2013 heimild til að endurúthluta úr 4 safnliðum samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar vegna sérkennslu og stuðnings, vegna langtímaveikinda, vegna nýbúakennslu og vegna endurúthlutunar í grunnskólum að hausti. Eins og fram kemur í viðauka 2 hefur sviðið úthlutað mun meiri fjármunum til undirstofnana en fjárheimildir leyfðu eða 422,5 mkr umfram fjárheimildir. Reglurnar veita sviðsstjóra heimild til að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana í samráði við fjármálastjóra. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlutaðeigandi fagráði og borgarráði. Þessari reglu var ekki fylgt þar sem mun meiri fjármunum var ráðstafað en heimilt var samkvæmt fjárhagsáætlun. Mikilvægt er að bæta verklag við framkvæmd tilfærslna.
- Sérkennsla grunnskóla og leikskóla og stuðningur við börn með sérþarfir í frístund nemur samtals 1.968 mkr og er 282 mkr yfir fjárheimildum eða 17%. Bregðast þarf við umfangsmikilli framúrkeyrslu hjá leikskólum og á frístundaheimilum og aðlaga útgjöld vegna þjónustunnar að því fjármagni sem ráðstafað hefur verið í verkefnið. Mikilvægt að sviðið birti sérstaklega áætlun fyrir stuðning í frístundahluta.
- Kostnaður við langtímaveikindi var 170 mkr umfram fjárheimildir. Brugðist hefur verið við í áætlun 2014 með auknu fjármagni til langtímaveikinda.
- Skóla- og frístundasvið er að þróa samantekt á magntölum í frístund og í grunnskólum til samræmis við þá samantekt sem gerð er á magntölum leikskóla. Mikilvægt er að ná árangri í því sem fyrst. Erfitt hefur reynt að ná réttum tölum úr úr upplýsingakerfum.
- Mikil frávik eru víða í grunnskólahluta milli áætlunar og rauntalna. Mikilvægt er að bæta áætlunargerð vegna grunnskólahluta sviðsins til að færa hana nær raunverulegu tekju- og útgjaldamynstri. SFS er að vinna að endurskoðun á úthlutunarlíkani fyrir grunnskólana.

4.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	1.751	1.732	19	1,09%
Laun og launat. gj.	1.829	1.932	-103	-5,32%
Annar rekstark.	6.065	5.897	168	2,85%
Rekstrarniðurstaða	6.143	6.097	46	0,76%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 6.143 mkr eða 46 mkr umfram fjárheimildir sem er um 0,76%. Frávikid felst einkum í hærri kostnaði við rekstur gatna og opinna svæða. Upprunaleg fjárhagsáætlun ársins var samþykkt fyrir þrjú svið, Framkvæmda- og eignasvið, Umhverfis- og samgöngusvið og Skipulags- og byggingarsvið. Áætlun fyrir sameinað svið, Umhverfis- og skipulagssvið var samþykkt í borgarstjórn í mars 2013.

Tekjur voru 1.751 mkr sem er 19 mkr umfram áætlun eða um 1,1%. Helstu frávik í tekjum sviðsins er vegna sorphirðu en tekjur hennar eru um 28 mkr undir áætlun og tekjur heilbrigðiseftirlit eru 12 mkr undir áætlun. Tekjur verkbækistöðva garðyrkjunnar eru 6 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en tekjur ræktunarstöðvar voru hins vegar 12 mkr hærri en áætlun ársins. Þá eru tekjur byggingarfulltrúa 73 mkr yfir áætlun og tekjur samgangna 4 m.kr. yfir áætlun, en tekjur skipulagsfulltrúa eru hins vega 22 m.kr. lægri en áætlun ársins.

Laun og launatengd gjöld námu 1.830 mkr sem er 103 mkr undir fjárheimildum ársins eða um 5,3%. Frávik er einkum vegna sorphirðu, Vinnuskólans og verkbækistöðva garðyrkju.

Annar rekstarkostnaður nam 6.065 mkr sem er 168 mkr umfram fjárheimildir eða um 2,9%. Stærsta frávikid er vegna reksturs gatna 301 mkr, sem skýrist einkum af vetrarþjónustu 201 mkr, hreinsunar borgarlandsins 57 mkr og grassláttar 30 mkr. Leiga gatna er 92 mkr undir fjárheimildum ársins. Þá eru móttökugjöld til Sorpu 46 mkr yfir fjárheimildum vegna afnáms afsláttar Sorpu til Reykjavíkurborgar. Skrifstofa sviðsstjóra er 26 mkr undir fjárheimildum og skipulagsfulltrúi er 21 mkr undir fjárheimildum. Annar rekstarkostnaður annarra rekstrareininga sviðsins er því 40 mkr undir fjárheimildum ársins.

Skrifstofa sviðsstjóra og miðlæg þjónusta Rekstarkostnaður nam 895 mkr. Tekjur voru 308 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 587 mkr, sem er 41 mkr lægri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Rekstarkostnaður skrifstofu er 22 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna lægri sérfræðiþjónustu og auglýsingakostnaðar. Þá var kostnaður skrifstofu sviðsstjóra 23 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna landupplýsingadeildar og stefnumótunar og greiningar.

Skipulag byggingar og borgarhönnun Rekstarkostnaður nam 534 mkr. Tekjur voru 143 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 391 mkr, sem er 95 mkr betri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstarkostnaður skipulagsfulltrúa er 6 mkr undir fjárheimildum, tekjur eru 22 mkr lægri en áætlun og annar rekstarkostnaður 21 mkr lægri einkum vegna sérfræðiþjónustu. Rekstarkostnaður byggingarfulltrúa er 85 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna hærri tekna að upphæð 73 mkr og þá er launakostnaður 10 mkr undir fjárheimildum. Samgöngur eru 4 mkr undir fjárheimildum vegna hærri tekna en gert var ráð fyrir.

Umvhverfisgæði Rekstarkostnaður nam 1.727 mkr. Tekjur voru 1.238 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins var 489 mkr, sem er 3 mkr hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Tekjur matvælaeftirlits og umhverfiseftirlits eru 5 mkr undir áætlun, tekjur hundaeftirlits eru 7 mkr undir áætlun og tekjur sorphirðunnar eru 31 mkr undir áætlun ársins en gert var ráð fyrir að fleiri bláar tunnur færu í umferð á fyrri hluta ársins. Launakostnaður sorphirðunnar er 25 mkr undir fjárheimildum en ekki hefur verið ráðið í jafn mörg störf og áætlað var. Launakostnaður Vinnuskóla Reykjavíkur er 32 mkr undir fjárheimildum en mæting í Vinnuskólann var minni en gert var ráð fyrir. Móttökugjöld til Sorpu eru 46 mkr yfir fjárheimildum vegna afnáms afsláttar Sorpu til Reykjavíkurborgar. Umhverfi og útivist er 16 mkr undir fjárheimildum, einkum vegna reksturs og viðhalds opinna svæða.

Rekstur og umhirða borgarlands Rekstarkostnaður nam 3.665 mkr. Tekjur voru 63 mkr, þannig að rekstrarniðurstaða ársins er 3.602 mkr, sem er 181 mkr hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Stærsta frávikid er vegna reksturs gatna 301 mkr yfir fjárheimildum sem er aðallega vegna aukinnar vetrarþjónustu 201 mkr, hreinsunar borgarlandsins 57 mkr og grassláttar 30 mkr. Leiga gatna er 92 mkr undir fjárheimildum ársins, einkum vegna verðbótaþátta leigunnar og lægri afskrifta. Þá eru hverfastöðvar garðyrkju samtals 23 mkr undir fjárheimildum, aðallega vegna lægri launakostnaðar.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** Umhverfis- og skipulagssviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - USK	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	296
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	74.304
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	4.947
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	400.919

* Vegna skipulagsbreytinga hjá sviðinu 2013 eru lykiltölur um mannauð ekki fyllilega samanburðarhæfar milli ára


Lykiltölur úr rekstri - USK	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Umhverfisgæði						
Útgefin starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits	370	472	445	325	648	75,14%
Nemendur í Vinnuskólanum	3.440	3.440	3.150	1.830	1.588	-53,84%
Fjöldi sorpílata, blandað sorp [tunnuígildi]	39.158	37.288	37.761	37.311	36.100	-7,81%
Fjöldi blárra tunna [stk]	2.420	2.644	2.939	4.063	11.224	363,80%
Skipulag, byggingar og borgarhönnun						
Deiliskip. auglýst í B-deild stj.tíðinda	88	86	67	57	69	-21,59%
Grenndarkynn. / þar af v. byggingarl.ums.	199 / 81	111 / 37	102 / 36	112 / 39	130 / 30	
Samþykktir m ³	297.140	67.632	193.790	295.688	663.996	123,46%
Byggðir m ³ (lokið við)	658.000	816.432	426.920	236.637	222.309	-66,21%
Fullgerðar íbúðir	112	309	95	141	353	215,18%
Hafin smíði nýrra íbúða	247	14	113	356	614	148,58%
Rekstur og umhirða						
					*	
Sláttur - flatarmál (m ²)		3.792.000	3.806.138	4.145.320	4.750.000	
Hreinsun gatna og gönguleiða - flatarmál (m ²)	6.042.000	6.285.000	6.425.000	6.486.520	6.519.000	7,89%

*Búið að sameina hverfisbækistöðvar Framkvæmda- og eignasviðs og garðyrkjustöðvar Umhverfis- og samgöngusviðs

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarkostnað Umhverfis- og skipulagssviðs umfram fjárheimildir má einkum skýra með að snjómokstur, hreinsun gatna og opinna svæða og grassláttur var meiri en fjárheimild gerði ráð fyrir. Á móti vegur lægri kostnaður við annars vegar skipulag og borgarhönnun og hinsvegar skrifstofu sviðsstjóra og miðlægrar þjónustu.

4.1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	5.216	4.303	913	21,22%
Laun og launat. gj.	9.903	9.788	115	1,17%
Annar rekstrark.	6.055	5.730	325	5,68%
Húsaleigub.	2.874	2.467	407	16,51%
Fjárhagsaðst.	2.876	3.447	-571	-16,57%
Rekstrarniðurstaða	16.493	17.129	-636	-3,71%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á árinu 2013 með og án bundinna liða í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 16.493 mkr sem var 636 mkr eða 3,7% innan fjárheimilda. Fráviknið má einkum rekja til bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Fjárhagsaðstoð var 571 mkr innan fjárheimilda og húsaleigubætur voru 43 mkr innan fjárheimilda þegar tekið hefur verið tillit til tekna frá Jöfnunarsjóði. Hallarekstur hjúkrunarheimilanna nam 240 mkr á árinu sem var tekjufærður og hefur reikningur verið sendur til Velferðarráðuneytis.

Reglubundinn rekstur sviðsins að frádregnum bundnum liðum (fjárhagsaðstoð og húsaleigubótum) var 12.510 mkr sem var 17 mkr eða 0,1% umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 5.216 mkr sem var 913 mkr eða 21,2% hærrí en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Megin ástæða fráviks var að tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna húsaleigubóta voru 450 mkr hærrí en áætlun vegna reglubreytinga. Tekjur vegna skrifstofu voru 50 mkr hærrí en áætlun vegna námskeiða fyrir notendur, styrkja og velferðarmála. Tekjur vegna samninga og styrkja voru 53,4 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur vegna félagsmiðstöðva voru um 24,5 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna aukningar á seldu fæði. Tekjur vegna dagþjónustu voru 25,2 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærrí daggjalda. Tekjur framleiðslueldhúss voru 32,4 mkr lægri en áætlun vegna samdráttar í sölu.

Laun og launatengd gjöld voru 9.903 mkr sem var 115,4 mkr eða 1,2% umfram fjárheimildir. Skrifstofur voru 34,6 mkr umfram fjárheimildir en frávik skýrist að hluta til vegna námskeiða, styrkja og velferðarmála en tekjur koma á móti. Búsetuúrræði voru 91,3 mkr umfram fjárheimildir að mestu vegna langtímaveikinda starfsmanna. Félagsmiðstöðvar voru 20,3 mkr innan fjárheimilda þar sem ekki var ráðið í allar stöður. Hjúkrunarheimilin voru 30,8 mkr umfram fjárheimildir en frávik skýrist af greiðslum vegna stórhátíða og launaflokkahækkana hjúkrunarfræðinga. Stuðningsþjónusta var 24,1 mkr umfram fjárheimildir en á móti kemur að annar rekstrarkostnaður er innan fjárheimilda. Kostnaður afleysinga vegna skammtíma og langvarandi veikinda var 468 mkr, þar af var kostnaður vegna langvarandi veikinda um 165 mkr.

Annar rekstrarkostnaður að meðtöldum húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð (bundnir liðir) var 11.806 mkr sem var 161,7 mkr eða 1,4 % umfram fjárheimildir. Án bundinna liða var annar rekstrarkostnaður 5.976 mkr sem var 337 mkr eða 5,6% umfram fjárheimildir. Samningar og styrkir vegna málefna fatlaðs fólks voru 89 mkr umfram fjárheimild þar af 71 mkr vegna sólarlagssamnings við Ás. Félagsmiðstöðvar voru 47 mkr umfram fjárheimildir en tekjur koma að hluta til á móti. Dagþjónusta var 21,8 mkr umfram fjárheimildir vegna hærrí rekstrarkostnaðar dagdeilda en tekjur koma að fullu á móti. Stuðningsþjónustan var 66,7 mkr innan fjárheimilda en á móti kemur að launakostnaður er umfram fjárheimildir. Úrræði barnaverndar voru 23,2 mkr umfram fjárheimildir vegna vistunargjalda.

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 5.342 mkr eða 128 mkr umfram fjárheimildir. Rekstrarniðurstaða í málefnum fatlaðs fólks var 5.099 mkr eða neikvæð um 67,8 mkr. Taflan hér fyrir neðan sýnir rekstrarniðurstöðu Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks.


Tekjur voru 243 mkr eða 60 mkr umfram áætlun. Frávik skýrist af því að tekjur vegna samninga og styrkja voru 25 mkr hærrí en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og eins var ekki ætlað fyrir 25 mkr tekjum vegna NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð). Launakostnaður var 3.576 mkr sem var 55 mkr eða 2% umfram fjárheimildir. Búsetuúrræði í málefnum fatlaðs fólks var 63 mkr umfram fjárheimildir en það skýrist af stærstum hluta vegna veikinda starfsmanna sem ekki var ætlað fyrir.

Rekstur VEL (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	-243	-183	60	33,00%
Laun og launat. gj.	3.576	3.521	-55	2,00%
Annar rekstrark.	1.775	1.693	-83	5,00%
Rekstrarniðurstaða	5.099	5.031	-67	1,00%

Annar rekstrarkostnaður var 1.765 mkr sem var 73 mkr eða 4% umfram fjárheimildir. Samningar og styrkir vegna málefna fatlaðs fólks voru 89 mkr umfram fjárheimildir. Mesta frávik var vegna samnings við ÁS styrktarfélag sem var 71 mkr hærrí en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Skrifstofur, nefndir og ráð Undir þennan lið falla skrifstofa Velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur og rekstur þjónustumiðstöðva. Heildarkostnaður var 2.571 mkr sem var 7,6 mkr umfram fjárheimildir eða 0,3%. Rekstrarkostnaður nam 2.516 mkr sem var 42 mkr eða 1,5% innan fjárheimilda. Tekjur voru 50 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 31,8 mkr eða 1,7% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist að hluta til vegna námskeiða, styrkja og velferðarmála en tekjur koma á móti. Annar rekstrarkostnaður var 24,1 mkr eða 3,5% innan fjárheimilda.

Fjárhagsaðstoð Heildarkostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 2.876 mkr í heild sem var 571 mkr eða 17% innan fjárheimilda. Notendur fjárhagsaðstoðar alls voru 4.218 sem var fjölgun um 85 eða 2,1% á milli ára. Notendur framfærslustyrks voru 3.350 á árinu sem var fjölgun um 55 eða 1,7% frá árinu á undan.




Taflan hér fyrir neðan sýnir rekstarniðurstöðu fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðst. (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Framfærslustyrkur	2.276	2.842	-566	-19,90%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoð	522	524	-1	-0,20%
Átaksverkefni	32	31	1	2,90%
Heimildargreiðslur 16.gr. a v/barna	44	50	-7	-13,10%
Annað	2	0	2	-
Rekstrarniðurstaða	2.876	3.447	-571	-16,60%




Framfærslustyrkur var 2.276 mkr sem var 566 mkr eða 20% innan fjárheimilda. Að meðaltali voru 1.519 notendur á mánuði. Fjöldi notenda var nálægt pari m.v. áætlun á fyrri helmingi ársins en eftir það voru notendur umtalsvert færri. Frávik var að hluta til vegna ofmats á fjölda aðstoðarmánaða notenda sem luku atvinnuleysisbótarétti á árinu og einnig vegna árangurs af atvinnuátaksverkefni með nema á milli anna á sumarmánuðum sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Meðal útborguð fjárhæð framfærslustyrks var 124.821 kr. á mánuði á árinu sem var hækkun um 6.300 kr. eða 5,3% frá árinu á undan. Útborguð fjárhagsaðstoð ræðst af þeim kvarða sem notandi hefur rétt á miðað við búsetu að teknu tilliti til skerðingar vegna annarra tekna og/eða 3. gr. reglna fjárhagsaðstoðar. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu fyrir einstakling með þinglýstan húsaleigusamning var 163.635 kr. á árinu 2013.

Heimildargreiðslur voru í heild 600 mkr á árinu sem var 5 mkr eða 1% innan fjárheimilda. Heimildargreiðslur skiptast í heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar og átaksverkefni. Kostnaður vegna heimildargreiðslna fjárhagsaðstoðar var 522 mkr sem var 1 mkr innan fjárheimilda eða nánast á pari, þar af var kostnaður vegna framfærslu til náms 302 mkr. Til heimildargreiðslna fjárhagsaðstoðar teljast heimildargreiðslur barnaverndar, almennar heimildargreiðslur, fjárhagsaðstoð til erlendra aðila án kennitölu og framfærslu til náms. Átaksverkefni voru 1 mkr umfram fjárheimildir eða 3%. Meðal átaksverkefna eru Fjölsmiðjan, Kvenna- og Karlasmíðjan og Grettistak. Heimildargreiðslur v/16. gr. a í reglum fjárhagsaðstoðar voru 7 mkr eða 13% innan fjárheimilda. Notendur heimildargreiðslna án átaksverkefna voru 2.130 sem var fjölgun um 103 eða 5,1% frá árinu á undan.



Fjárhagsaðstoð alls pr. notenda á mánuði var 129.603 kr. sem var hækkun um 8.416 kr. eða 6,9% á milli ára.



Húsaleigubætur Heildarkostnaður vegna húsaleigubóta var 2.874 mkr sem var 407 mkr eða 17% hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Breyting var gerð á reglum um húsaleigubætur þann 1. janúar 2013 þar sem grunnfjárhæð húsaleigubóta var hækkuð, skerðingarmark tekna var hækkað og skerðingarprósenta vegna tekna umfram skerðingarmark var lækkuð. Samhliða þessum breytingum var endurgreiðsla Jöfnunarsjóðs vegna almennra húsaleigubóta aukinn úr 54% í 64%. Tekjur frá Jöfnunarsjóði voru 1.836 mkr sem var 450 mkr eða 32% hærra en áætlun gerði ráð fyrir. Nettó útgjöld vegna húsaleigubóta voru 1.038 mkr sem var 44 mkr eða 4% lægra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Fjöldi notenda almennra húsaleigubóta var 8.314 sem var fjölgun um 93 eða 1,1% á milli ára. Notendur sérstakra húsaleigubóta voru 1.275 sem var fjölgun um 31 eða 2,5% á milli ára. Notendur sérstakra húsaleigubóta í félagslegu húsnæði voru 2.200 sem var fjölgun um 8 eða 0,4% frá árinu á undan.

Taflan hér að neðan sýnir rekstrarniðurstöðu húsaleigubóta:

Húsaleigub. (mkr)	Tekjur Raun	Tekjur Áætlun	Húsál.b. Raun	Húsál.b. Áætlun	Nettó Raun	Nettó Áætlun
Alm. húsaleigub.	1.275	844	1.938	1.563	663	719
Sérst. húsaleigub.	194	186	324	309	130	124
Sérst. húsaleigub. v/fél. íbúða	367	357	612	595	245	238
Rekstrarniðurstaða	1.836	1.386	2.874	2.467	1038	1.081

Samningar, framlög og styrkir Heildarkostnaður vegna samninga, framlaga og styrkja var 2.237 mkr. Tekjur námu 133 mkr. Rekstrarniðurstaða var 2.104 mkr sem var 67,9 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Samningar og styrkir vegna málefna fatlaðs fólks var 64,1 mkr umfram fjárheimildir eða 8% vegna samnings við Ás styrktarfélag sem var 71 mkr hærri en gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Búsetuúrræði Rekstrarkostnaður búsetuúrræða var 4.013 mkr. Rekstrartekjur voru 86 mkr. Rekstrarniðurstaða nam 3.927 mkr, sem var 69,4 mkr eða 3% umfram fjárheimildir. Undir búsetuúrræði falla búsetukjarnar, sambýli, skammtímvistanir fyrir fatlað fólk, heimili fyrir áður heimilisláusa einstaklinga og heimili fyrir heilabilaða. Tekjur voru um 10,9 mkr eða 15% hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærri húsaleigutekna. Launakostnaður var 91,3 mkr umfram fjárheimildir sem var 3% hærra en áætlun gerði ráð fyrir, að mestu vegna langtímaveikinda starfsmanna. Annar rekstrarkostnaður var 11 mkr eða 3% innan fjárheimilda. Frávik skýrist af hagræðingu í öðrum rekstrarkostnað til að koma að hluta til á móti yfirfrávikum launa.

Félagsmiðstöðvar Rekstrarkostnaður félagsmiðstöðva var 726 mkr. Rekstrartekjur voru 133 mkr. Rekstrarniðurstaða var 593 mkr sem var um 2,1 mkr innan fjárheimilda eða nánast á pari. Tekjur voru 24,5 mkr eða 23% hærri en áætlun gerði ráð fyrir vegna aukningar á seldu fæði. Launakostnaður var 20,3 mkr eða 6% innan fjárheimilda þar sem ekki var ráðið í allar stöður. Annar rekstrarkostnaður var 47 mkr eða 13% umfram fjárheimildir vegna aukinna sölu máltíða en tekjur koma að hluta til á móti.

Dagdeildir Rekstrarkostnaður dagdeilda var 381 mkr. Rekstrartekjur voru 117 mkr. Rekstrarniðurstaða vegna dagdeilda var 264 mkr sem var 11,7 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Daggjöld dagdeildanna voru 25,2 mkr eða 27% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var um 8,2 mkr eða 4% innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður var 21,8 mkr eða 22% umfram fjárheimildir.

Heimaþjónusta Rekstrarkostnaður heimaþjónustu og heimahjúkrunar var 2.672 mkr. Rekstrartekjur voru 1.256 mkr. Rekstrarniðurstaða heimaþjónustu og heimahjúkrunar var 1.416 mkr sem var 11,7 mkr eða 4% innan fjárheimilda. Tekjur voru 2,3 mkr eða 0,2% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður heimaþjónustu var 36,6 mkr eða um 2% innan fjárheimilda þar sem ekki var ráðið í öll stöðugildi á árinu. Launakostnaður félagslegrar heimaþjónustu var 22,6 mkr eða 2% innan fjárheimilda og launakostnaður heimahjúkrunar var 14 mkr eða 2% innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var samtals 24,7 mkr eða 5% umfram fjárheimildir vegna þjónustusamninga að stærstum hluta. Annar rekstrarkostnaður félagslegrar heimaþjónustu var 10,2 mkr eða 4% umfram fjárheimildir og annar rekstrarkostnaður heimahjúkrunar var 14,5 mkr eða 7% umfram fjárheimildir.

Hjúkrunarheimili Rekstrarkostnaður Droplaugarstaða og hjúkrunardeildar Seljahlíðar var 1.109 mkr. Tekjur vegna daggjalda og smærri liða námu 869 mkr. Halli af rekstrinum nam því 240 mkr en reikningur fyrir halla hefur verið sendur til velferðarráðuneytis. Launakostnaður var 745 mkr sem nemur 30,8 mkr umfram fjárheimildir, sem skýrist af hærri kostnaði en áætlað var vegna breytinga á launaflokkaröðun hjúkrunarfræðinga og vegna veikinda. Annar rekstrarkostnaður var 364 mkr sem var um 10,9 mkr eða 5% umfram fjárheimildir.

Þjónustuíbúðir Rekstrarkostnaður þjónustuíbúða var 595 mkr. Tekjur voru 148 mkr. Rekstrarniðurstaða þjónustuíbúða var 457 mkr sem var 9,5 mkr eða 2% innan fjárheimilda. Tekjur voru 12 mkr eða 9% hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Launakostnaður var 8,5 mkr eða 2% innan fjárheimilda og annar rekstrarkostnaður um 10,9 mkr eða 5% umfram fjárheimildir.

Stuðningsfjölskyldur, stuðningsþjónusta og sumarúrræði Rekstrarkostnaður stuðningsþjónustu var 560 mkr sem var 43 mkr eða 7% innan fjárheimilda. Stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðs fólks voru 5,2 mkr eða 8% innan fjárheimilda og almennar stuðningsfjölskyldur voru 11,1 mkr eða 44% innan fjárheimilda. Almenn stuðningsþjónusta var 19,9 mkr eða 6% innan fjárheimilda. Frekari liðveisla var 6,8 mkr eða 5% innan fjárheimilda. Stöðugildi voru ekki fullnýtt á árinu þar sem erfitt reyndist að manna lausar stöður. Haldið verður áfram að vinna að mönnun í þessar stöður svo hægt verði að vinna á biðlistum eftir þjónustu.

Ýmis úrræði Rekstrarkostnaður ýmissa úrræða var 619 mkr sem var 11 mkr eða 2% umfram fjárheimildir. Tekjur voru 229 mkr. Rekstrarniðurstaða var 390 mkr sem var 43,1 mkr eða 12% umfram fjárheimildir. Undir ýmis úrræði falla framleiðslueldhús, unglingsmiðjur, stuðningsheimili, skólaselið Keilufelli og barnaverndarúrræði. Rekstrarkostnaður framleiðslueldhúss var 71 mkr sem var 20,9 mkr eða 42% umfram fjárheimildir vegna samdráttar í sölu. Framleiðslan 2013 var 27 þúsund skömmtum færri en árið 2012 eða um 8% fækkun. Rekstrarkostnaður vegna úrræða Barnaverndarnefndar var 25,9 mkr eða 11% umfram fjárheimildir vegna langtímaveikinda starfsmanna og breytilegra vistgjalda milli mánaða í úrræðum barnaverndar.

Þróunarverkefni Rekstrarkostnaður þróunarverkefna var 198 mkr sem var 7 mkr eða 3% innan fjárheimilda. Um er að ræða Borgarverði og NPA (Notendastýrða persónulega aðstoð). Kostnaður vegna Borgarvarða var 28,4 mkr sem var 4,9 mkr eða 15% innan fjárheimilda vegna styrkja sem ekki var ráðstafað á árinu. Kostnaður vegna NPA var 104 mkr sem var 27,3 mkr eða 21% lægri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem ekki var gert ráð fyrir tekjum í áætlun og kostnaður vegna Virkniáætlunar var 42 mkr sem var í samræmi við fjárheimildir.

Hér að neðan eru töflur sem sýna helstu **lykiltölur** Velferðarsviðs, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.

Lykiltölur um mannauð - VEL	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	980	1.056	1.474	1.516	1.533
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	196.374	202.789	299.628	356.995	353.179
Fjöldi vinnust. með vaktalagi á ári	428.969	485.721	912.413	925.729	933.939
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	1.316.018	1.395.678	1.454.899	1.429.458	1.408.824


* Árið 2011 tók Velferðarsvið yfir þjónustu vegna málefna fatlaðs fólks.

Lykiltölur úr rekstri - VEL	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Fjárhagsaðstoð						
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - Fjöldi heimila	2.487	2.927	3.285	3.295	3.350	34,70%
Heimildargreiðslur alls - Fjöldi heimila	1.535	1.813	1.936	2.027	2.130	38,76%
Fjárhagsaðstoð alls. Fjöldi heimila.	3.292	3.704	4.112	4.135	4.218	28,13%
Fjárhagsaðstoð til framfærslu. - þús.kr	1.487.508	1.790.244	2.065.478	2.156.113	2.275.738	52,99%
Heimildargreiðslur - þús. kr	371.371	469.224	549.157	553.486	567.789	52,89%
Fjárhagsaðstoð samtals þús. kr	1.858.878	2.259.469	2.614.635	2.709.599	2.843.527	52,97%
Húsaleigubætur						
Húsaleigubætur (almennar) - Fj. heimila	7.858	8.370	8.433	8.221	8.314	5,80%
Sérstakar húsaleigubætur - Fj. heimila	896	1.036	1.163	1.244	1.275	42,30%
Sérst. húsaleigub. Félagsb - Fj. heimila	2.114	2.183	2.177	2.192	2.200	4,07%
Húsaleigubætur (almennar) - þús. kr	1.731.818	1.800.258	1.792.005	1.720.020	1.938.598	11,94%
Sérstakar húsaleigubætur - þús. kr	243.022	277.595	308.389	312.041	324.091	33,36%
Sérst. húsaleigub. Félagsb. - þús. kr	633.994	647.476	626.748	619.765	612.226	-3,43%
Heimabjónusta						
Fjöldi heimila	3.789	3.777	3.836	3.805	3.808	0,50%
Heildarkostnaður - þús. kr	1.320.407	1.261.430	1.306.813	1.409.853	1.399.733	6,01%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Hallarekstur hjúkrunarheimila nam á árinu 240 mkr umfram greiðslur frá ríki (daggjöld). Skuld ríkisins vegna hallareksturs á árunum 2008-2013 nemur samtals 1.331 mkr á verðlagi hvers árs. Skuldin er hærri ef tekið er tímabilið 2004-2011. Mikilvægt að kalla eftir leiðréttingu á daggjöldum eða sérstökum greiðslum frá ríki til að mæta þessum hallarekstri.
- Þegar litið reksturs málefna fatlaðs fólks á Velferðarsviði er halli vegna þjónustunnar um 67 mkr. Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 3.4 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppjöri er 413 mkr.
- Vegna lagabreytingar á úthlutnarreglum húsaleigubóta í upphafi árs voru húsaleigubætur 407 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Á móti komu tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna lagabreytingarinnar sem voru 450 mkr yfir áætlun. Nettó útgjöld vegna húsaleigubóta voru 44 mkr undir áætlun.
- Heildarkostnaður vegna fjárhagsaðstoðar var 571 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrri þrátt fyrir að notendum fjárhagsaðstoðar hefði fjölgað um 85 milli ára. Notendum fjárhagsaðstoðar hefur fjölgað stöðugt frá árinu 2007 þó að hægt hafi á fjölguninni síðustu tvö ár.
- Framfærslustyrkur var 566 mkr undir áætlun. Frávik var að hluta til vegna ofmats á fjölda bótamánaða vegna þeirra notenda sem luku atvinnuleysisbótarétti á árinu og einnig vegna árangurs af atvinnuátaksverkefni með nema á milli anna á sumarmánuðum sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

4.1.6 Miðlæg stjórnsýsla



Rekstur RHS (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	1.372	1.264	109	8,62%
Laun og launat. gj.	2.062	2.161	-99	-4,59%
Annar rekstark.	1.634	1.568	67	4,24%
Rekstrarniðurstaða	2.324	2.465	-141	-5,74%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri hjá skrifstofum Ráðhúss ársins 2013 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávik frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 2.324 mkr eða 141 mkr innan fjárheimilda.

Tekjur voru 1.372 mkr sem var 109 mkr eða 9% yfir áætlun. Tekjur borgarlögmanns voru 13 mkr yfir áætlun vegna ýmissa verkefna. Tekjur voru 48 mkr yfir áætlun hjá innkaupaskrifstofu vegna umsýsluþóknana vegna rammasamninga og uppgjors vegna tollkrítar. Mannréttindaskrifstofa var með 4 mkr hærri tekjur en áætlun gerði ráð fyrir vegna Progressstyrkjar. Tekjur UTD voru 30 mkr hærri en áætlað og aðrar tekjur voru 14 mkr hærri en áætlað.

Laun og launatengd gjöld voru 2.062 mkr sem er 99 mkr eða 5% undir fjárheimildum.

Annar rekstarkostnaður var 1.634 mkr, sem er 67 mkr eða 4% yfir fjárheimildum og skýrist m.a. af uppgjöri tollkrítar, 40 mkr og rekstriUTD sem var 65 mkr yfir fjárheimildum. Annar annar kostnaður var 38 mkr undir fjárheimildum.

Borgarlögmaður Kostnaður var 92 mkr og er rekstur 9% innan fjárheimilda.

Fjármálaskrifstofa Kostnaður var 706 mkr og er rekstur 6% innan fjárheimilda.

Mannréttindaskrifstofa Kostnaður var 81 mkr og er rekstur er 9% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara Kostnaður var 586 mkr og er rekstur 6% innan fjárheimilda.

Skrifstofa borgarstjórnar Kostnaður var 254 mkr og er rekstur 7% innan fjárheimilda.

Skrifstofa þjónustu og rekstrar Kostnaður var 524 mkr og er rekstur 3% innan fjárheimilda.

Innri endurskoðun Kostnaður var 80 mkr og er rekstur 1% yfir fjárheimildir.

Hér að neðan eru tölur sem sýna helstu **lykiltölur** á skrifstofum í Ráðhúsi, annars vegar lykiltölur um mannauð og hins vegar aðrar lykiltölur tengdar rekstrinum.


Lykiltölur um mannauð - RHS	2009	2010	2011	2012	2013
Fjöldi stöðug. á ári (meðaltal)	243	241	238	261	288
Fjöldi yfirvinnustunda á ári	65.308	66.508	63.209	70.358	70.245
Fjöldi vinnust. með vaktaálagi á ári	15.337	15.015	14.914	16.799	10.754
Eknir kílómetrar á ári (samn. og dagb.)	327.767	351.289	332.208	328.560	314.588

Lykiltölur úr rekstri - RHS	2009	2010	2011	2012	2013	Breyting 2009-13
Innsend erindi – skrifstofa borgarstjóra	1.847	2.150	1.876	1.372	1.318	-28,64%
Fjöldi reikninga (fskj) - FMS	223.870	235.669	244.069	260.803	269.891	20,56%
Fjöldi útboða - Innkaupaskrifstofa	62	71	52	96	60	-3,23%
www.reykjavik.is – vikuleg innlit	35.222	40.147	44.948	45.907	42.460	20,55%
Þjónustuver - fjöldi símtala	226.350	212.017	214.387	199.275	180.610	-20,21%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur miðlægrar stjórnsýslu var í jafnvægi á árinu 2013

4.1.7 Sameiginlegur kostnaður



Rekstur ÖNN (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	409	1	409	
Laun og launat. gj.	967	55	912	1661,11%
Breyting lífeyrisskb.	159	2.600	-2.441	-93,88%
Annar rekstark.	1.803	2.259	-456	-20,18%
Rekstrarniðurstaða	2.519	4.913	-2.394	-48,72%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu á öðrum útgjöldum ársins 2013 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða var 2.519 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 4.913 mkr. Það er 2.394 mkr eða 48,7% undir fjárheimildum ársins.

Tekjur voru 409 mkr hærrí en áætlun gerði ráð fyrir sem skýrist af inngreiðslum frá Vinnuálastofnun vegna þátttöku í atvinnuáttaksverkefni 336 mkr og tekjum vegna kosninga 65 mkr. Atvinnuáttaksverkefni voru áætluð sem nettó fjárhæð undir öðrum kostnaði. Aðrar tekjur voru 8 mkr yfir áætlun.

Laun voru 912 mkr yfir fjárheimildum. Þar af voru útgjöld vegna atvinnuáttaks 758 mkr yfir fjárheimildum, breytingar orlofsskuldbindinga 110 mkr yfir fjárheimildum og laun vegna kosninga 33 mkr yfir. Atvinnuáttaksverkefni voru áætluð sem nettó upphæð undir öðrum kostnaði. Önnur laun voru 11 mkr yfir fjárheimildum.

Styrkir og ýmis framlög námu 413 mkr sem var 36 mkr undir fjárheimildum sem skýrist af því að afsláttur fasteignagjalda til elli- og örorkulífeyrisþega er 23 mkr lægri en áætlað, styrkir borgarráðs 9 mkr undir fjárheimildum og ýmsar samningsbundnar greiðslur er 4 mkr undir fjárheimildum.

Atvinnuátt útgjöld námu 498 mkr til ýmissa atvinnusköpunarverkefna og voru 36 mkr undir fjárheimildum.

Rekstur miðlægs tölvakerfa nam 113 mkr og var samkvæmt fjárheimildum.


Innheimtukostnaður skattektna nam 439 mkr var 8 mkr undir fjárheimildum.

Starfsmannakostnaður nam 185 mkr og var 107 mkr yfir fjárheimildum vegna þess að orlofsskuldbinding borgarinnar hækkaði meira en áætlað var.

Ýmis kostnaður nam 711 mkr og var 19 mkr yfir fjárheimildum. Þar af námu útgjöld á liðnum ófyrirséð 252 mkr sem var 37 mkr yfir fjárheimildum. Þar er að finna uppgjör við Valsmenn um 184 mkr og greiddar skaðabætur sem námu 36 mkr. Afskriftareikningur borgarsjóðs var hækkaður um 46 mkr sem ekki var áætlað fyrir. Á móti koma að innri leiga áhaldna og tækja var 25 mkr undir fjárheimildum og aðrir liðið 39 mkr undir.

Breyting lífeyrisskuldbindingar Tryggingafræðileg úttekt vegna ársins 2013 leiddi í ljós að áfallin lífeyrisskuldbinding Aðalsjóðs að frádregnum eignum var 13.111 mkr og lækkaði um 1.250 mkr á milli ára. Þegar tekið hefur verið tillit til inngreiðslna í sjóðinn að fjárhæð 1.409 mkr og stöðu lífeyrisskuldbindinga að frádregnum eignum í lok árs 2012 að fjárhæð 14.361 mkr þá fæst gjaldfærsla ársins að fjárhæð 159 mkr. Til samanburðar var gert ráð fyrir 2.600 mkr gjaldfærslu á árinu og frávik um 2.441 lægri gjaldfærslu. Í áætlun var gert ráð fyrir að virði Landsvirkjunarbréfa myndi rýrna um 900 mkr í samræmi við forsendur áætlunar um 2% ávöxtunarkröfu ásamt forsendum um verðlagsþróun. Í lok árs var ávöxtunarkrafan metin 2,52% sem leiddi til um 600 mkr hækkunar á virði bréfanna á milli ára eða viðsnúning upp á um 1.500 mkr. Að öðru leyti skýrast frávik fyrst og fremst af ávöxtun annarra eigna lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar umfram launaþróun.

4.1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja



Myndin hér til hliðar lýsir framlögum til B-hluta fyrirtækja á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa fráviki frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Framlög til B-hluta fyrirtækja námu 2.419 mkr og voru 13 mkr yfir fjárheimildum.

Strætó: Framlag til Strætó var 1.738 mkr eða 19 mkr undir fjárheimildum. Þar af var framlag til nemaverkefnis 147 mkr eða 11 mkr undir fjárheimildum.


Reglubundið framlag var 8 mkr undir fjárheimildum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: Framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins var 681 mkr eða 32 mkr yfir fjárheimildum ársins. Frávikið skýrist af gjaldfærðu fjárfestingarframlagi eignaraðila sem áætlað var fyrir sem stofnframlag.

Framlög (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Strætó	1.738	1.756	-19	-1,06%
Slökkvilið hbsv.	681	649	32	4,88%
Rekstrarniðurstaða	2.419	2.406	13	0,54%

4.2 Eignasjóður

4.2.1 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)



Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu hjá SEA 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða SEA var jákvæð um 4.602 mkr en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 5.070 mkr. Frávik frá áætlun voru því 468 mkr. Frávikíð fólst einkum í 261 mkr hærrí fjármagnskostnaði en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir, auk þess sem rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnskostnað var 207 mkr verri en áætlun gerði ráð fyrir. Það má að stórum hluta rekja til gjaldfærslu fasteignagjalda af lóðum sem ekki var áætlað fyrir.

Tekjur voru 17.317 mkr eða 56 mkr undir áætlun sem jafngildir 0,32%. Þar af voru leigutekjur 146 mkr undir áætlun en á móti kemur að aðrar tekjur voru 90 mkr umfram áætlun.

Laun og launatengd gjöld námu 116 mkr sem var 5 mkr umfram fjárheimildir eða 5%.

Annar rekstrarkostnaður var 2.737 mkr eða 214 mkr umfram fjárheimildir sem jafngildir 8,47% frávikí, þar af voru 166 mkr vegna vanáætlaðra fasteignagjalda.

Afskriftir voru 3.573 mkr eða 68 mkr undir áætlun.

Fjármagnsliðir Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur námu 6.289 mkr en áætlun hljóðaði upp á 6.028 mkr og frávikíð því 261 mkr gjaldfærsla umfram fjárhagsáætlun, sem skýrist af því að vaxtagjöld voru 151 mkr yfir áætlun, neikvæðum gengismun upp á 96 mkr sem ekki var áætlað fyrir og 54 mkr lántökukostnaði sem ekki var áætlað fyrir.

SEA (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	17.317	17.373	-56	-0,32%
Laun og launat.gj	116	110	5	4,98%
Annar rekstrark.	2.737	2.523	214	8,47%
Afskriftir	3.573	3.641	-68	-1,86%
Fjármagnsliðir	-6.289	-6.028	-261	4,33%
Rekstrarniðurstaða	4.602	5.070	-468	-9,24%

Rekstur eigna Tekjur af leigu fasteigna námu 11.450 mkr sem var 15 mkr umfram það sem áætlun gerði ráð fyrir. Kostnaður við rekstur fasteigna nam 3.832 mkr eða 23 mkr umfram áætlun. Þar af námu afskriftir 2.148 mkr og voru 26 mkr umfram áætlun og fasteignagjöld námu 1.586 mkr sem var 166 mkr umfram áætlun.

Rekstrarkostnaður skólamanntvirkja nam 1.696 mkr, íþróttahúsa og sundlauga 631 mkr, leikskóla 373 mkr, velferðarmála 179 mkr, menningarstofnana 245 mkr og borgarskrifstofa 250 mkr.


Framleigueignir Afkoma af rekstri framleigueigna var jákvæð sem nam 445 mkr sem var samkvæmt áætlun. Tekjur af útleigu framleigueigna námu 1.616 mkr eða 4 mkr umfram áætlun en gjöld af framleigueignum námu 1.170 mkr sem var liðlega 4 mkr undir áætlun.

Leiga gatnakerfis Tekjur vegna leigu á gatnakerfi námu 1.824 mkr og voru tæplega 129 mkr lægri en áætlun gerði ráð fyrir þar sem framkvæmdir ársins 2012 voru undir áætlun og stofn til leigutekna því lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Beinn kostnaður, einkum afskriftir nam um 530 mkr.

Áhöld, tæki og stofnbúnaður Tekjur vegna áhalda tækja og stofnbúnaðar námu 402 mkr eða 36 mkr undir áætlun. Kostnaður vegna þessa liðar nam 330 mkr þar af námu afskriftir 316 mkr.

Lóðir, lönd og sala byggingarréttar Tekjur af sölu byggingarréttar námu 707 mkr og var afkoma af sölu byggingarréttar jákvæð sem nam 503 mkr sem var 52 mkr undir áætlun.

4.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (mkr)	Raun 2013	Áætlun 2013	Frávik	%
Tekjur	1.750	1.359	391	28,76%
Laun og launat. gj.	940	954	-13	-1,40%
Annar rekstrark.	2.468	2.106	362	17,19%
Rekstrarniðurstaða	1.658	1.700	-42	-2,48%

Myndin hér til hliðar lýsir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði á árinu 2013 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.658 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.700 mkr. Rekstrarniðurstaðan er því 42 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 2,48%.

Tekjur voru 1.750 mkr, sem var 391 mkr hærra en áætlun eða um 28,8%. Tekjur vegna reksturs gatna (sem færast sem útgjöld hjá Aðasjóði) voru 301 mkr umfram áætlun einkum vegna vetrarþjónustu, grassláttar, hreinsunar gatna og opinna svæða. Einnig voru tekjur frá Vegagerðinni vegna rekstur og viðhald þjóðvega að fjárhæð 43 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Þá voru te kjur af útseldri þjónustu 30 mkr hærra en áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 940 mkr sem er 13 mkr innan fjárheimilda eða um 1,4%, einkum vegna starfa sem ekki var ráðið í á fyrrihluta ársins vegna skipulagsbreytinga.

Annar rekstrarkostnaður var 2.468 mkr og reyndist 362 mkr umfram fjárheimildir eða um 17,2%. Rekstur gatna var um 301 mkr yfir fjárheimildum ársins, einkum vegna vetrarþjónustu 201 mkr, hreinsunar borgarlandsins 57 mkr og grassláttar 30 mkr.

Þá var kostnaður tengdur verkefnum Vegagerðarinnar 43 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárheimildum. Kostnaður vegna útseldrar þjónustu var 40 mkr umfram fjárheimildir á árinu.

Viðhald fasteigna Nettó viðhaldskostnaður fasteigna nam 901 mkr eða 32 mkr yfir fjárheimildum. Viðhaldskostnaður vegna grunnskóla nam 358 mkr, leikskóla 185 mkr, íþrótt- og sundlauga 152 mkr, menningarmála 57 mkr og velferðamála 61 mkr.

Útseld þjónusta Tekjur af útseldri þjónustu námu 152 mkr sem var 30 mkr yfir áætlun eða um 25%. Kostnaður við útselda þjónustu nam 163 mkr sem var 40 mkr yfir fjárheimildum eða 33%. Eftir er að tekjufæra mismun á milli útgjalda og tekna.

Rekstur og viðhald gatna Kostnaður nam 2.063 mkr, þar með talinn er kostnaður vegna verkefna sem unnin voru fyrir Vegagerðina upp á 43 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Kostnaðurinn var 244 mkr yfir fjárheimildum eða 14%. Kostnaður við vetrarþjónustu nam 436 mkr sem er 78% yfir fjárheimildum. Kostnaður við hreinsun borgarlandsins nam 437 mkr (12% yfir), umferðamerki og umferðaljós 109 mkr (4 % yfir), opin svæði 161 mkr (8% undir), grassláttur 198 mkr (18% yfir) og viðhald gatna 133 mkr (13% undir). Kostnaður við gatnalýsingu nam 322 mkr (2% yfir).

5. Nánar um B-hluta

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppjörs Reykjavíkurborgar.

Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

5.1 Bílastæðasjóður

Rekstrarniðurstaða Bílastæðasjóðs fyrir árið 2013 var jákvæð um 162 mkr en hún var jákvæð um 198 mkr árið 2012. Fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir 152 mkr hagnaði og var afkoman því 10 mkr betri en áætlun gerði ráð fyrir en þar munar mest um auknar tekjur.

Rekstrartekjur ársins voru tæpar 775 mkr og hækkuðu frá fyrra ári um 36 mkr. Jákvæð þróun er að tekjur vegna stöðu- og miðamæla eru 40 mkr hærri en áætlað var og má skýra með auknu eftirliti sem leiðir til fækkunar aukastöðugjalda. Lítil breyting er á tekjum vegna stöðubrotagjalda á milli ára. Bílastæðagjöld húseigenda eru tekjur til sjóðsins sem koma til vegna ákvörðunar skipulagsyfirvalda um að húsbyggjendur geti keypt sig frá kvöð um ákveðinn fjölda bílastæða á byggingalóð. Erfiðlega gengur að áætla þennan tekjulið og voru tekjur ársins 20 mkr en voru áætlaðar 50 mkr, samanborið við tæpar 30 mkr tekjur af þessum lið árið 2012 en þá nam áætlun 5 mkr.

Rekstrargjöld voru 613 mkr, miðað við 541 mkr árið 2012. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 616 mkr. Rekstrarkostnaður er því aðeins undir áætlun. Laun og launatengd gjöld eru undir áætlun á meðan annar rekstrarkostnaður er hærri en áætlað var. Launakostnaður hefur undanfarin ár verið talsvert undir áætlun ársins. Það má skýra með viðvarandi starfsmannaveltu sem hefur leitt til þess að ekki hefur tekist að fjölga starfsmönnum jafnhliða útvíkkun starfssvæða sjóðsins. Þó var síðast liðið ár betra en fyrra ár þar sem fjöldi starfsmanna var 32 í lok árs en þarf að vera 34 – 35. Ástæða starfsmannaveltu má m.a. skýra með erfiðu starfsumhverfi samfara lágum launum. Kostnaður eykst meðal annars vegna kostnaðar við viðgerðir á gluggum í þjónustumiðstöð og íbúðum aldraðra og tilheyrir sameign á Lindagötu 59 þar sem bílahúsið Vítorgi er. Ekki var vitað um þennan kostnað við síðustu fjárhagsáætlun og mun þetta viðhald halda áfram út þetta ár a.m.k. Kostnaður við þessar viðgerðir nam 5,8 mkr á árinu. Tekjur vegna bílahúsa voru 98 mkr á árinu en kostnaður vegna þeirra 151 mkr og þ.a. 89 mkr vegna fasteignagjalda og brunatrygginga. Þá var sameiginlegur kostnaður hærri en ráð var fyrir gert og munar þar mestu um auglýsinga- og kynningarkostnað sem var mun hærri en áætlað hafði verið.

Heildareignir námu 1.876 mkr, hækkuðu um tæp 10% frá fyrra ári. Fastafjármunir námu 1.465 mkr og veltufjármunir námu 410 mkr.

Engar **langtímaskuldir** eru áhvílandi eins og staðan er í dag.

Í lok árs 2013 var **eigið fé** Bílastæðasjóðs 1.620 mkr, hækkaði um 11,1% frá fyrra ári.

Rekstur Bílastæðasjóðs var jákvæður á árinu 2013 og hafa allar þær breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár verið að skila sér til baka. Tekjur í gjaldmælum eru að aukast, sem er jákvæð þróun. Betur hefur gengið að manna stöður hjá Bílastæðasjóði miðað við undanfarin ár þó svo að starfsmannavelta sé enn töluverð. Meðalfjöldi starfsmanna var 32 árið 2013 en 29 starfsmenn árið 2012. Ef næst að minnka starfsmannaveltu þá skilar það sér í auknu eftirliti sem leiðir til betri innkomu í gjaldmæla. Það ætti einnig að leiða til fækkunar stöðvunarbrotagjalda með tímanum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Bílastæðasjóðs fyrir árin 2009-2013:

Bílastæðasjóður	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	81,6%	81,9%	78,1%	85,5%	86,3%
Arðsemi eigin fjár	6,0%	1,9%	7,4%	15,7%	11,1%
Veltufjárlutfall	11,35	1,71	0,50	5,71	8,04
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	49%	45%	51%	34%	33%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	27%	28%	32%	35%	32%
Framlegð/rekstrartekjur	27%	28%	30%	39%	31%

Taflan dregur vel fram fjárhagslegan styrk Bílastæðasjóðs sem birtist í háu eiginfjárlutfalli og veltufjárlutfalli.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða, efnahagur og sjóðsstreymi gefa ekki tilefni til að meta sérstaklega áhættu gagnvart A-hluta borgarsjóðs.
- Vakin er athygli á skuldbindingum Bílastæðasjóðs utan efnahags vegna skuldbindingar á kaupum á 145 stæðum í bílakjallara Hörpunnar þegar að ráðist verður í stækkun bílakjallarans. Skuldbindingin nam 915 mkr í árslok.
- Einnig hvílir 174,5 mkr virðisaukaskattskvöð á sjóðnum vegna bílastæða í bílakjallara Hörpu.

5.2 Faxaflóahafnir

Rekstrarhagnaður ársins nam 587,6 mkr en til samanburðar var rekstrarhagnaður 367,4 mkr fyrir árið 2012.

Niðurstaða ársreiknings árið 2013 sýnir að tekjur voru nokkuð umfram áætlun og rekstrarútgjöld eilítið undir áætlun. Þá var þróun fjármagnsliða lægri en áætlun gerði ráð fyrir vegna gengisflökts og hagstæðari lánskjara.

Rekstrartekjur voru 2.843 mkr og hækkuðu á milli ára um 111,8 mkr eða sem nemur 4,1% og er það 6,8% umfram fjárhagsáætlun. Þar vegur langþýngst hækkan á skipagjöldum og hafnarþjónustu, sem hafa aukist vegna stækkandi skemmtiferðaskipa og auk þess að vöruf lutningar voru umfram spár. Hækkun vörugjalda á milli ára var 91,1 mkr. Magn vöru á milli áruna 2012 og 2013 jókst lítillega og útlit fyrir svipað magn árið 2014. Þá voru eignatekjur eilítið lægri en ráð var fyrir gert í áætlun en í raun mjög svipaðar og árið 2012.

Rekstrargjöld voru 2.246,9 mkr og hækka að krónutölu á milli ára um 20,2 mkr eða um 0,9%. Rekstrargjöld voru lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem nemur 37,9 mkr eða 1,66%. Frávik í einstökum útgjaldaliðum voru annars vegar vegna hafnarvirkja og hins vegar hafnarþjónustu. Frávik varðandi hafnavirki réðust af viðhaldspörf mannvirkja sem voru 40 mkr lægri en gert var ráð fyrir, en í hafnarþjónustu koma aukin útgjöld sem nema 20 mkr vegna aukinnar þjónustu við stærri skip en þeim verkefnum fylgja tekjur á móti.

Heildareignir 2013 námu 13.117 mkr þar af námu fastafjármunir 11.898 mkr og veltufjármunir 1.219 mkr. Heildareign hækkaði á milli ára um 242 mkr eða um 1,9%

Heildarskuldir voru 1.784 mkr og lækkuðu um 172,7 mkr eða um 8,8%.

Eigið fé nam 11.333 mkr í lok árs og hækkaði um 3,8%.

Fjárfestingarhreyfingar voru í heildina 718 mkr sem er hækkan um 16% á milli ára en árið 2012 námu þær 618 mkr. Fjárfestingar ársins námu um 869 mkr en voru á árinu 2012 alls 1.080 mkr sem er lækkan um 20%.

Fjárfestingar á árinu 2013 og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum var eftirfarandi:

	mkr	%
Gamla höfnin	270	31,02%
Sundahöfn	310	35,66%
Grundartangi	258	29,66%
Akranes	1	0,16%
Annað:	30	3,50%
Alls	869	100,00%

Greiddur var arður til eigenda sem nam 173 mkr. Afborganir lána námu 207 mkr en þær voru 288 mkr árið 2012 eða 39% lækkan.

Handbært fé frá rekstri í lok árs 2013 nam 1.308 mkr og hækkaði um 225 mkr á milli ára. Handbært fé í árslok nam 889 mkr en það nam 678 mkr árið 2012 sem er 31% hækkan.

Helstu verkefni voru eftirfarandi: Í Gömlu höfninni í Reykjavík var unnið að að 2. áfanga endurnýjunar efri hæðar Bakkaskemmu. Þar hefur verið sköpuð aðstaða fyrir klasa fyrirtækja sem vinna að verkefnum tengdum sjávarútvegi. Þá var unnið að gatnagerð á Norðurgarði og umhverfisfrágangi, en samhliða því reisti HB Grandi hf. nýja frystigeymslu á Norðurgarði og umhverfislistaverkið Þúfuna. Í Vesturbugt voru settar út tvær flotbryggjur, sem væntanlega munu nýtast haftengdri ferðaþjónustu. Í Sundahöfn var lokið við lengingu Skarfabakka um 200 metra. Var það meginframkvæmd Faxaflóahafna á árinu 2013. Þá var hafinn undirbúningur að gerð 400 metra viðlegumannvirkis utan Klepps, sem verður meginverkefni Faxaflóahafna sf. á árunum 2015 - 2018. Á Grundartanga var unnið að lóða og gatnagerð og undirbúningi að lengingu Tangabakka. Gengið var frá kaupum á stálþili til þess verkefnis, en niðurrekstur og aðrir verkþættir unnir á árinu 2014. Á Akranesi var unnið að smærri viðhaldsverkefnum en í Borgarnesi var lokið við gerð sjósetningarramps fyrir smábáta.

Rekstur Faxaflóahafna sf. árið 2013 var vel viðunandi. Tekjur voru umfram áætlun og rekstrargjöld undir áætlun.

Rekstrartekjur Faxaflóahafna sf. dreifast á allnokkra þætti og eru vörugjöld og lóðarleigutekjur þar stærst. Aðrir tekjuliðir eru almennt stöðugir. Á síðustu árum hafa tekjur af skipagjöldum hækkað með komu stærri skipa þó svo að fjöldi skipa á milli ára sé svipaður. Aflagjöld hafa einnig sveiflast nokkuð, hækkuðu á árunum 2008 - 2012 með auknum afla, háu fiskverði og lágri krónu. Sú þróun hefur snúist við m.a. með lækkandi fiskverði og breytingum á gengi, en að auki er líklegt að breyting á útgerðarháttum og fækkandi frystitogurum geti leitt til lækkunar á aflagjöldum. Þá má merkja eftirspurn eftir lóðum, sem komið getur efnahag Faxaflóahafna sf. til góða. Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. eru í jafnvægi, en ráðast af nokkru af viðhaldspörf mannvirkja.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir árin 2009-2013:

Faxaflóahafnir	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	83,0%	84,3%	82,7%	84,8%	86,4%
Arðsemi eigin fjár	1,0%	1,2%	2,3%	3,4%	5,4%
Veltufjárlutfall	2,37	2,29	2,02	1,79	2,00
Skuldsetningarlutfall	15,8%	14,4%	15,1%	12,7%	10,4%
Uppgreiðslutími	2	2	2	2	1
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	94,9%	85,8%	91,2%	71,6%	62,8%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	41,4%	39,7%	42,8%	39,8%	46,6%
Framlegð/rekstrartekjur	44,1%	45,0%	45,0%	45,8%	47,2%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Niðurstaða ársreiknings Faxaflóahafna sf. er góð og fjárhagsstaða fyrirtækisins sterk. Fyrirtækið er vel í stakk búið til að sinna þeim verkefnum sem langtímaáætlun þess gerir ráð fyrir án þess að taka lán til þeirra verkefna.

5.3 Félagsbústaðir

Ársreikningar Félagsbústaða eru gerðir í samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS í samræmi við 90. gr laga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Í ársreikningum Félagsbústaða og Reykjavíkurborgar fyrir árið 2013 eru eignir metnar til gangvirðis. Fram til ársins 2012 var í reikningum Reykjavíkurborgar gangvirðisútreikningur verið bakfærður og eignir félagsins afskrifað.

Hagnaður nam 1.606 mkr á árinu 2013 en var 2.266 mkr árið 2012.

Rekstrarhagnaður fyrir vaxtagjöld, verðbætur lána og matsbreytingu fjárfestingaeigna jókst um 3,2% milli ára, úr 1.411 mkr árið 2012 í **1.457 mkr** árið 2013. Hrein vaxtagjöld námu 924 mkr og minnkuðu um 9% milli ára og nam vaxtaþekja rekstrarhagnaðar ársins 2013 1,58 miðað við 1,39 árið á undan.

Rekstrarafkoma fyrir verðlagsbreytingar lána og matsbreytingu eigna nam 533 mkr á árinu 2013 miðað við 396 mkr árið á undan sem 35% aukning milli ára.

Verðbreyting lána nam samtals 824 mkr og hefur þá verið tekið tillit til 165 mkr höfuðstólslækkunar láns frá Íslandsbanka hf., upphaflega með gengisviðmiði frá árinu 2008 en því hefur nú verið breytt í óverðtryggt lán í íslenskum krónum.

Við mat á eignum Félagsbústaða til útleigu er stuðst við mat fasteignaskrár Þjóðskrár Íslands sem var í gildi í árslok 2013 að teknu tilliti til 8% hækkunar á vísitölu íbúðaverðs í fjölþýli í Reykjavík frá febrúar 2013. Matsbreyting fjárfestingaeigna félagsins nam 1.891 mkr á árinu 2013 en var 2.855 mkr árið 2012.

Rekstrartekjur Félagsbústaða hf. á árinu 2013 námu 2.958 mkr, sem er 5,6% aukning tekna frá árinu á undan aðallega vegna verðlagshækkunar leigu.

Rekstrargjöld námu samtals 1.502 mkr og hækkuðu milli ára um 7,9%. Af einstökum rekstrarþáttum hækkaði rekstrarkostnaður fasteigna um 7,0% og launakostnaður um 9,0%. Gjaldfært viðhald fasteigna nam um 1,54% af verðmati þeirra í árslok. Framlag til afskrifta leiguskulda hækkaði úr 51 mkr í 64 mkr, eða um 24% og svaraði til um 2,2% af leigutekjum ársins miðað við 1,8% árið á undan.

Heildareignir Félagsbústaða hf. í árslok 2013 námu ríflega 42 mkr og jukust um 2,2 mkr á árinu, eða um 5,4%, aðallega vegna matsbreytingar fjárfestingaefna félagsins. Eigið fé félagsins nam 12,7 mkr í árslok 2013 og jókst um tæpa 1,7 mkr milli ára, eða um 15%. Eiginfjárlutfall var 30% í árslok 2013 en var 28% árið á undan.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok voru 29.465 mkr en voru 28.946 mkr í árslok 2012.

Handbært fé frá rekstri nam 482 mkr á árinu 2013 sem er um 94 mkr meira en árið á undan. Fjárfestingar á árinu 2013 námu 274 mkr miða við 460 mkr árið áður. Fjármögnunarmagn hreyfingar ársins voru neikvæðar um 210 mkr samanborið við 70 mkr árið áður. Á árinu 2013 keypti félagið 14 íbúðir og seldi 8 íbúðir.

Félagið endurfjármagnaði á árinu skuldabréfaflokk FEL 97 1A sem bar 5,0% verðtryggða vexti. **Endurfjármögnun** var gerð í samvinnu við Lánasjóð Sveitarfélaga. Nýtt lán hljóðar upp á 2,8 milljarða króna og ber 3,32% vexti umfram verðtryggingu.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu Félagsbústaða skv. gangvirðisuppgjöri pr.31.12.2013:

Félagsbúst. - gangv. uppgj.	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	23,20%	18,40%	23,70%	27,60%	30,05%
Arðsemi eigin fjár	-29,60%	-24,80%	51,10%	26,10%	14,60%
Veltufjárlutfall	0,11	0,2	0,19	0,16	0,14
Skuldsetningarhlutfall	304,90%	429,30%	309,80%	251,90%	224,57%
Uppgreiðslutími	60	83	94	70	54
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	1021%	1062%	1097%	1033%	994%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	16%	13%	11%	14%	18%
Framlegð/rekstrartekjur	46%	47%	46%	50%	50%
Skuldaþekja	1,02	0,93	0,91	0,95	1
Vaxtaþekja	1,5	1,35	1,32	1,39	1,58

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Hinn 29 maí 2012 ákvarðaði ársreikningaskrá ríkisskattstjóra að félaginu væri skylt að beita IFRS við gerð og framsetningu ársreikninga sinna í samræmi við ákvæði 90. greinar laga um ársreikninga. Hinn 21. júlí 2013 staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ákvörðun ársreikningaskrár en félagið hafði kært ákvörðun ársreikningaskrár til ráðuneytisins. Samkvæmt þessum úrskurði eiga Félagsbústaðir að endurgera ársreikninga fyrir árin 2011 og 2012 og setja fram í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS. Í samanburði á upprunalegum og endurgerðum ársreikningum fyrir árin 2011-2012 er ljóst að ekki urðu breytingar á meginniðurstöðum ársreiknings sbr. rekstrarniðurstöðu, efnahag eða sjóðstreymi. Hins vegar var bætt við ítarlegri skýringum með ársreikning sem er til bóta að mati FMS.
- Á síðasta ári var skuldabréfaflokkur FEL 97 endurfjármagnaður að fjárhæð 2,8 ma.kr, eða tæplega 10% af skuldum FB í gegnum Lánasjóð Sveitarfélaga (LS) sem fól í sér bæði lengingu lána og hagstæðari verðtryggð vaxtakjör úr 5% niður í 3,32%. Athygli er vakin á að endurfjármögnun var á hagstæðari kjörum samanborið við 3,5% niðurgreidd lánskjör ÍLS vegna félagslegra leiguíbúða. Lántökur Félagsbústaða hjá Íbúðalánasjóði virðast ekki innihalda uppgreiðsluákvæði.
- Rekstrarniðurstaða samkvæmt gangvirðisuppgjöri lýsir ekki getu félagsins til að standa skil á skuldbindingum þegar gert er ráð fyrir óbreyttu eða auknu leiguframboði. Vísbendingar má finna með að benda á sjóðstreymisfirlitið þar sem handbært fé frá rekstri nam 482 mkr en afborganir langtímalána námu um 532 mkr.
- Vakin er athygli á að lánveitingar LS eru með beinu veði í útsvarstekjum Reykjavíkurborgar. Veðheimildin var samþykkt með skilmálum um að skulda- og vaxtaþekja skuli ávallt vera fyrir ofan 0,9 og 1,4 á lánstímanum. Í skilmálum er vaxtaþekja skilgreind sem rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði á móti vaxtagjöldum og í skuldaþekjuviðmiði er einnig bætt við afborgunum langtímalána í nefnara. Þessir árangursmælikvarðar taka tillit til rekstrarárangurs án reiknaðra stærðar eins og matsbreytinga og áfallinna verðbóta og þá getu rekstrar til að standa undir skuldbindingum án þess að draga úr framboði leigueigna. Bent er hins vegar á að mælikvarðar eru að sjálfsgöðu viðkvæmir fyrir því hvort viðhald er eignfært eða gjaldfært. Vakin er athygli á að á árunum 2010-2012 var vaxtaþekjan undir lágmarksviðmiðunum 1,4.

5.4 Orkuveita Reykjavíkur

Rekstrarhagnaður (EBIT) Orkuveitu Reykjavíkur varð 2,5 milljörðum meiri árið 2013 en 2012 og hækkaði um 17% milli ára. Tekjur jukust um 3,4% milli ára, launakostnaður dróst saman og annar rekstrarkostnaður lækkaði um 4,9%. Nær allir þættir aðgerðaáætlunar fyrirtækisins og eigenda þess, sem samþykkt var á árinu 2011, hafa staðist og sumir gott betur. Eignasala er minni en Planið gerði ráð fyrir en skýrist eingöngu af því að lengri tíma hefur tekið að selja eignir en upphaflega var gert ráð fyrir.

Rekstrarniðurstaða samstæðunnar 2013 var jákvæð um 3.350 mkr samanborið við tap á sama tíma árið áður að fjárhæð 2.295 mkr.

Rekstrartekjur ársins námu 39.209 mkr en voru 37.905 mkr árið 2012 eða 3,4% hækkun. Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Virkjanir og sala, veitur og önnur starfsemi, en jafnframt er fyrirtækinu skipt upp eftir miðlum sem eru: Rafmagn, heitt vatn, kalt vatn, fráveita og gagnaveita. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af honum 35,5% af heildartekjum samstæðu OR. Hagnaður fyrirtækisins fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir (EBITDA), var 26.084 mkr samanborið við 25.044 mkr 2012. EBITDA er því 4,2% hærri en á síðasta ári. Handbært fé frá rekstri jókst um 5,8% eða um ríflega 1 milljarð á milli ára.

Rekstrargjöld ársins 2013 námu 22.053 mkr að meðtöldum afskriftum en voru 23.232 mkr 2012.

Rekstrarhagnaður nam 17.156 mkr en var 14.673 mkr 2012 og hækkaði um 16,9% milli ára.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 6.232 mkr á árinu en voru neikvæðir um 18.494 mkr árið 2012. Hér hafa mjög lágt álverð og jákvæð gengisáhrif mikil áhrif á niðurstöðu ársins.

Heildareignir í árslok voru 283.107 mkr en voru 297.202 mkr árslok 2012.

Eigið fé í árslok var 80.969 mkr en var 60.648 mkr í árslok 2012.

Heildarskuldir fyrirtækisins í árslok voru 202.138 mkr en voru 236.554 mkr í árslok 2012.

Handbært fé frá rekstri nam 20.032 mkr á árinu og hækkaði um 5,8% miðað við fyrra ár.

Fjárfestingarhreyfingar árið 2013 nettó voru innstreymi að fjárhæð 2.444 mkr en útstreymi 2012 var 2.747 mkr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam 3.530 mkr 2013 en sala varanlegra rekstrarfjármuna nam 5.973 mkr en þar nam sala á höfuðstöðvunum þyngst.

Fjármögnunarhreyfingar ársins nettó var útstreymi að fjárhæð 19.143 mkr en var 11.360 mkr 2012. Afborganir vaxtaberandi skulda vega þar þyngst en þær námu 26.223 mkr.

Orkuveita Reykjavíkur hefur fylgt aðgerðaáætlun „Planinu“ sem unnið var í samstarfi við eigendur frá vormánuðum 2011. Í Planinu voru mjög metnaðarfull markmið um aðhald í rekstri og minnkun fjárfestinga auk samþykktra leiðréttinga á gjaldskrá, eignasölu og láns frá eigendum. Árangur Plansins á árinu 2013 var 3.296 mkr betri en gert var ráð fyrir sem rekja má fyrst og fremst til eignasölu ársins umfram áætlun ársins að fjárhæð 1.009 mkr og leiðréttinga á gjaldskrá vegna verðlagsbreytinga umfram áætlun að fjárhæð 955 mkr. Áhrif ytri breyta á sjóðstöðu ársins 2013 voru 47 mkr jákvæðari en Planið gerði ráð fyrir. Á árunum 2011 til 2013 er heildarárangur Plansins um 5.114 mkr umfram markmið tímabilsins.

Þrátt fyrir að markmið Plansins hafi hingað til gengið eftir eru skuldir Orkuveitunnar verulegar og áhrif vaxta, álverðs og gengis hafa mikil áhrif á rekstur og efnahag fyrirtækisins. Álverð, sem hefur verið í sögulegu lágmarki undanfarið hefur mikil neikvæð áhrif á tekjur en á móti hefur gengisstyrking haft jákvæði áhrif. Það er fyrirtækinu mikilvægt að styrkja lausafjárstöðu sína og hefur verið unnið að því hörðum höndum. Orkuveitan hefur fengið lánalínur hjá innlendu bönkunum sem hluta af því að geta brugðist við áhrifum markaðsáhættu á lausafjárstöðuna. Vegna þungrar afborgunarbyrði á árinu 2013 hefur verið sérstök áhersla á lausafjárstyringu. Einnig hefur verið lögð áhersla á að gera áhættuvarnarsamninga til þess að verja sjóðstreymið. Samningar hafa m.a. náðst við ING og Goldman Sachs um áhættuvarnir í áli og vöxtum. Auk þess hafa verið gerðir áhættuvarnarsamningar við tvo íslenska banka til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu.

Matsfyrirtækin Moody's og Reitun hafa bæði breytt horfum í mati sínu gagnvart Orkuveitunni. Moody's vann síðast mat á lánshæfi Orkuveitunnar lok árs 2013 og breyttust horfur úr neikvæðum í stöðugar. Einkunnin er áfram B1. Reitun breytti mati sínu úr stöðugum horfum í jákvæðar með sömu grunneinkunn. Vonir eru bundnar við það að báðir þessir aðilar hækki mat sitt á næstunni ef áætlanir ganga eftir.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Orkuveitu Reykjavíkur árin 2009-2013:

OR	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	14,40%	18,40%	20,80%	20,40%	28,60%
Arðsemi eigin fjár	-5,50%	34,40%	-1,00%	-3,70%	4,80%
Veltufjárlutfall	0,45	0,38	0,35	0,53	0,59
Skuldsetningarhlutfall	545%	401%	348%	333%	217%
Skuldabekja (EBIT/gr afb + Nettó gr. vextir)	0,49	0,76	0,87	0,83	0,6
Skuldabekja (EBITDA/gr afb + Nettó gr. vextir)	1,23	1,76	1,5	1,41	0,91
Vaxtabekja (EBIT/(n.greiddir vextir)	1,07	1,8	3,35	2,69	3,34
Vaxtabekja (EBITDA/(n.greiddir vextir)	2,68	4,19	5,76	4,59	5,07
Uppgr.tími lána (veltuf.frá rekstri/skuldum)	27	22	14	12	10
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	926%	837%	698%	624%	524%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	35%	38%	51%	52%	50%
EBITDA framlegð	50%	50%	63%	66%	67%

Í fimm ára yfirliti yfir þróun kennitalna má sjá verulegar umbætur á flestum stærðum sem horft er til við mat á stöðu fyrirtækisins. Fyrirtækið er eins og áður mjög viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkir stöðu þess og tiltrú ytri aðila á því. Lágt álverð leiddi til mikillar lækkunar innbyggðra afleiða í sölusamningum en lækkun lána vegna gengisstyrkingar vó þar á móti.

Mjög háar afborganir lána voru greiddar á árinu 2013, þyngsta afborgunarári Orkuveitunnar frá upphafi. Afborganirnar ásamt gengisstyrkingu leiða til verulegra lækkunar skulda auk þess sem uppgreiðslutími lána styttist enn. Kennitölur sem sýna skuldabekju lækka á árinu 2013 vegna hinna miklu afborgana en vaxtabekjan hækkar mikið. Eiginfjárlutfall er að hækka en þarf enn að styrkjast til að ná settum markmiðum. Veltufjárlutfall er 0,59 og hefur hækkað smám saman, mikilvægt er að bæta enn lausafjárstöðu fyrirtækisins og stefnt er að því að ná veltufjárlutfallinu í kringum 1.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Á þriggja ára gildistíma Plansins er árangur OR í heild vel umfram markmið í nær öllum þáttum. Heildarárangur nemur um 43,7 milljörðum eða um 18% umfram markmið tímabilsins. Árið 2013 var þyngsta ár Plansins m.t.t. afborgana lána og forsenda um sölu eigna. Sala varanlegra rekstrarfjármuna námu um 6 milljörðum kr., þar af sala á höfuðstöðvum OR fyrir 5,1 milljarða og sölu á Perlunni til Reykjavíkurborgar fyrir 950 mkr. Í kjölfar samþykkt eigenda á sölu hlutar OR í HS veitum undir lok síðasta árs þá var salan undirrituð í febrúar síðastliðnum fyrir um 1,5 milljarða króna. Áform um sölu eigna fyrir 10 milljarða yfir tímabilið 2011-2014 var með viðkæmari forsendum Plansins að mati FMS. Í kjölfar þess að bjartsýnar forsendur um stórfellda sölu eigna utan kjarnastarfsemi stóðust á síðasta ári þá nemur sala eigna um 8,9 milljarða fram til febrúar 2014.
- Á árinu samdi OR um skil á einni af þremur túrbínunum sem voru pantaðar árið 2007. Miðað við fyrri áætlanir voru útgjöld vegna skila mun lægri en gert var ráð fyrir og hefur frestur til frekari ákvarðanatöku verið lengdur fram að miðju ári 2016.
- Í árslok átti OR um 9 milljarða króna í handbæru fé og hafði aðgengi að um 9,4 milljörðum króna í ónýttum lánsheimildum og opnum lánalínum. Samtals var OR með um 18,4 milljarða króna tryggt lausafé í árslok en til samanburðar var tryggt lausafé um 13,7 milljarðar króna í lok árs 2012.
- Samkvæmt ársreikning OR er árleg næmni sjóðstreymis fyrir 1% hliðrun vaxta um 31 mkr en næmi OR gagnvart vaxtasveiflum er nú smávægileg í kjölfar 500 milljón evra vaxtaskiptasamninga sem gerðir voru við Goldman Sachs í apríl 2013 síðastliðnum. Án tillits til áhættuvarnasamninga er næmi sjóðstreymis fyrir 1% hliðrun vaxta um 509 mkr.
- Árslokagengi krónu skv. þröngri viðskiptavog Seðlabanka Íslands styrktist á milli ársuppgjöra um 10% sem skýrir að mestu 17,7 milljarða króna fjármagnstekjufærslu en til samanburðar var um 10,4 milljarða króna gjaldfærsla á árinu 2012. Samkvæmt ársreikning 2012 voru afborganir langtímalána áætlaðar 25,5 milljarða króna 2013 en samkvæmt sjóðstreymi 2013 urðu afborganir langtímalána 23,6 milljarða króna. Ef ekki er gert ráð fyrir að skuldbreytingar hafi átt sér stað á tímabilinu má ætla að gengisbreytingar hafi minnkað afborganir um 1,9 milljarða króna á síðasta ári.
- Meðalálverð var 1.888 USD/tonn á síðastliðnu ári 2013 en til samanburðar gerðu forsendur Plansins ráð fyrir um 44% hærra meðalálverðinu eða 2.722 USD/tonn. Áhrif á tekjustreymi er metið neikvætt um 2,5 milljarða króna á liðnu ári. Miðað við mánaðarlega þróun 3ja mánaða framvirka LME samninga hefur meðalálverð lækkað um 8% á milli ára og um 15% í samanburði á milli desembermánaða 2012 og 2013. Í uppgjöri ársins 2013 voru 14,3 milljarðar gjaldfærðir í fjármagnslið vegna gangvirðisbreytinga innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum. Hlutfall tekna OR sem tengt er heimsmarkaðsverði á áli nam rúmum 18% af heildartekjum á uppgjörstímabilinu. Næmni gangvirðis vegna 1% hliðrunar á álverði er um 375 mkr.
- Niðurstöður virðisrýrnunarprófa ársins leiddu til þess að varanlegir rekstrarfjármunir voru færðir upp um 8,5 milljarða króna í efnahag að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Þar af var leiddi endurmat á virði dreifi- og framleiðslukerfa til tæplega 11,1 milljarða króna hækkan á eigin fé en til lækkunar var bakfært endurmat á framleiðslukerfi rafmagns sem leiddi til um 2,6 milljarða lækkunar á eigin fé.

- Í ljósi samninga um breytingar á greiðslum lána frá Depfa og Dexia, gerð áhættuvarnasamninga við ING og innlenda banka og framlengingar á innlendum lánalínum er ljóst að aðgengi OR að fjármagnsmörkuðum hefur tekið stakkaskiptum og útlit er fyrir auknu aðgengi á næstu misserum vegna árangurs Plansins. Fyrirhugaðar eru áframhaldandi samningaviðræður við lánadrottna um endurdreifingu á afborgunarferlum lána OR.
- Lánshæfismatsfyrirtækið Moody's hélt einkunn OR óbreyttri í B1 með neikvæðum horfum í mati sínu frá 22. febrúar 2013. Það er fjórum flokkum neðar en lánshæfismat ríkissjóðs. Til þess að fá betri einkunn er tilgreint að fyrirtækið þurfi að verja sig frekar gegn ytri sveiflum í álverði, vöxtum og gengi. Sérstaklega er tiltekið að nái eignasöluáform Orkuveitunnar áætlun verða horfur stöðugar. Frá endurskoðun einkunnar hefur OR gengið frá 500 milljón evra samning við erlendan banka sem tryggir lága vexti fram til ársloka 2016, sótt lánsfjármögnun hjá sama banka og uppfyllt markmið um eignasölu þann 1. nóvember síðastliðinn. Auk þess hafði OR áður gert álverðssamninga við ING út árið 2014 og gjaldmiðlaskiptasamninga við innlenda banka fram til 2016. Með fyrrgreint í huga verður athyglisvert að fylgjast með hver viðbrögð Moody's verða í næstu endurskoðun.
- Greiningarfyrirtækið Reitan vann mat á lánshæfi Orkuveitunnar í október 2013 og er mat þess B+ með jákvæðum horfum. Lánshæfismatið hefur því breyst úr stöðugum í jákvæðar horfur.
- Í árslok 2013 voru stofnuð ný félög Orkuveitu Reykjavíkur vegna uppskiptingar á fyrirtækinu þann 1. janúar 2014 til að uppfylla ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skyld að aðgreina á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Bent er á umfjöllun í skýrslu stjórnar OR með ársreikning.

5.5 Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 59,5 mkr, en án afskrifta var rekstrarafgangur um 0,3 mkr.

Rekstrartekjur námu 268,5 mkr sem er 46,2 mkr hærri en fjárhagsáætlun eða 20,7%. Framlög sveitarfélaga námu 140,7 mkr sem er framlag samkvæmt þjónustusamningi en þar af var sérstakt framlag frá Reykjavíkurborg upp á 1,3 mkr vegna opunar hjólagarðs í Skálafelli. Tekjur vegna aðgangseyris og annarra afleiddra þátta voru 44,2 mkr yfir áætlun.

Rekstrargjöld námu 328 mkr þar af námu afskriftir 59,8 mkr. Launakostnaður nam 116,7 mkr sem er 12,4 mkr yfir áætlun eða 11,9%. Annar rekstrarkostnaður Skíðasvæðanna nam 151 mkr sem er 33,7 mkr yfir áætlun eða 28,6%. Hækkun á launakostnaði má rekja til þess að fleiri opunnar dagar voru heldur en áætlun gerði ráð fyrir.

Heildareignir námu 470,5 mkr þar af fastafjármunir 451,4 mkr. Heildarskuldir námu alls 72,8 mkr, þar af er skuld við borgarsjóð 52,4 mkr. Eigið fé nam 397,6 mkr og hefur lækkað um 34,5 mkr frá áramótum.

Fjárfestingahreyfingar námu 24,7 mkr á árinu. Helstu fjárfestingar voru í innborgun í snjótroðara sem var afhentur og fullgreiddur í janúar 2014, snjóblásari, uppbygging á snjógírðingum, búnaður fyrir skíðaleigur og landmótun. Handbært fé nam um 2 mkr í lok ársins.

Rekstraráætlanir miða við 60 opunardaga á vetri. Veturinn 2012-2013 voru opunardagar 75 og er þá talið út apríl.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Skíðasvæðanna fyrir árin 2009-2013:

Skíðasvæðin	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárhlutfall	90,4%	91,2%	89,7%	86,2%	84,5%
Arðsemi eigin fjár	-11,0%	-13,0%	-11,3%	-15,9%	-13,8%
Veltufjárhlutfall	0,37	0,12	0,28	0,22	0,26
Skuldsetningarhlutfall	1,6%	0,8%	0,0%	0,0%	0,0%
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	20%	26%	26%	31%	27%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Um árabíl hefur verið halli á rekstri Skíðasvæðanna. Tekin hefur verið ákvörðun um að færa rekstur af þessu samstarfsverkefni undir Íþrótt- og tómstundasvið frá 1. janúar 2014 og gerðir hafa verið þjónustusamningar við hlutaðeigandi sveitarfélög með sama gildistíma.

5.6 Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Ársreikningur félagsins inniheldur samstæðu SHS (móðurfélag), SHS fasteignir ehf. og Almannavarnir höfuðborgarsvæðisins

Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 12,7 mkr en var neikvæð árið 2012 um 84 mkr. Í áætlun ársins var gert ráð fyrir hagnaði upp á rúmar 11 mkr en þá var miðað við að tekjur vegna sjúkraflutninga yrðu um 747 mkr samkvæmt drögum að nýjum samning um sjúkraflutninga milli velferðaráðuneytis og SHS frá febrúar 2013 Þessi samningsniðurstaða hefur enn ekki verið staðfest af fjármálaráðuneytinu. Í samráði við endurskoðendur var ákveðið að bóka tekjur upp á 708 mkr vegna sjúkraflutningana. Skuld ríkisins miðað við áðurnefnd samningsdrög fyrir árin 2012-2013 er komin í um 366 mkr. Vakín er athygli á því að þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir hefur ríkið hvorki fengist til að viðurkenna þessa kröfur né greiða. Um nokkra vikna skeið hafa staðið yfir viðræður um möguleika á nýjum samningi milli heilbrigðis- og fjármálaráðuneytis og SHS sem ekki hafa borið árangur. Stjórn SHS hefur því ákveðið að hefja undirbúning verkloka vegna sjúkraflutninga og innheimtu krafna vegna sjúkraflutningar eftir að síðasti samningur rann út í árslok 2011. Ef þessi krafa fæst ekki greidd hefur það mikil og neikvæð áhrif á rekstur SHS en á móti var hagnaður dótturfélagsins SHS fasteigna um 50 mkr meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Sjá nánari skýringar undir SHS fasteignum hér fyrir neðan.

Rekstrartekjur námu 2.019 mkr sem er 11,1% hærrí tekjur en fyrir árið 2012. Framlag eigenda á árinu 2013 nam 1.104 mkr sem er hækkun um 59 mkr milli ára, þá voru bókaðar 708 mkr í tekjur vegna sjúkraflutninga sem er hækkun um 92 mkr og aðrar tekjur voru 62 mkr sem er hækkun um 19 mkr. Eigendur lögðu jafnframt 54 mkr í fjárfestingarsjóð á árinu.

Rekstrargjöld námu 1.912 mkr sem er um 8,9% hækkun milli ára. Launakostnaður hækkaði um 9,7% á milli ára og fer úr 1.465 mkr í 1.607 mkr. Kjarasamningsbundnar hækkanir á árinu skiptast í 4% hækkun 1. mars og hækkanir vegna starfsmats sem ólokið var á árinu. Hækkanir vegna starfsmatsins giltu frá 1. desember 2011.

Heildareignir námu 2.284 mkr og þar af námu fastafjármunir 1.714 mkr. Heildarskuldir voru 1.235 mkr og hafa hækkað um 26% eða 256 mkr frá áramótum. Ástæðan fyrir þessari hækkun er að mestu leyti lántaka vegna byggingu nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Eigið fé nam 1.049 mkr og hefur lækkað um 12 mkr á árinu, sem er tap ársins.

Fjárfestingahreyfingar námu 231 mkr en fyrir árið 2012 voru fjárfestingahreyfingar 57 mkr. Mikil hækkun milli ára skýrist af byggingu nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ, sjá nánar skýringu hér fyrir neðan.

SHS fasteignir

Undir SHS heyrir dótturfélagið SHS fasteignir, sem á og rekur þau mannvirki sem hýsa starfseminu.

Rekstrarhagnaður SHS fasteigna fyrir árið 2013 var tæpar 50 mkr en rekstrarhagnaður ársins 2012 var 22 mkr. Ástæðan fyrir þessari hækkun milli ára er fyrst og fremst tilkominn vegna þess að stjórn SHS ákvað að greiða upp óhagstætt lán frá Lánasjóði sveitarfélaga upp á 682 mkr í lok árs 2012 en um leið lækkuðu vaxtaberandi skuldir mikið.

Rekstrartekjur félagsins voru 204 mkr og rekstrargjöld 66 mkr. Fjármagnsliðurinn hjá SHS fasteignum er neikvæður um 43 mkr.

Heildareignir námu 1.543 mkr í árslok 2013 og hafa þær hækkað um 138 mkr á árinu. Heildarskuldir eru 1.377 mkr og hafa hækkað um 88 mkr frá áramótum.

Fjárfestingahreyfingar námu 178 mkr en fyrir árið 2012 voru fjárfestingahreyfingar 29 mkr. Ástæðan er byggingakostnaður nýrrar slökkvistöðvar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar fyrir árin 2009-2013:

SHS - samstæða	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárhlutfall	8,5%	20,0%	22,4%	52,0%	45,9%
Arðsemi eigin fjár	-54,6%	149,2%	7,9%	-18,2%	-1,2%
Veltufjárhlutfall	1,23	1,21	1,22	1,08	1,02
Skuldsetningarhlutfall	866,6%	307,0%	262,4%	51,1%	64,4%
Uppgreiðslutími	59	12	18	22	9
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	107%	100%	98%	54%	61%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	2%	7%	4%	1%	4%
Framlegð/rekstrartekjur	2%	7%	6%	3%	5%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstur félagsins var í járnnum á árinu 2013. Bókaðar tekjur vegna sjúkraflutninga, 708 mkr, voru talsvert hærri en greiðslur ríkisins, sem námu 482 mkr á árinu. Miðast bókfærðar tekjur við samningsdrög frá febrúar 2013 milli velferðarráðuneytis og SHS. Þar sem enginn samningur hefur verið í gildi frá árslokum 2011 um sjúkraflutninga má færa rök fyrir því að ríkið ætti að greiða SHS fyrir hvern sjúkraflutning á grundvelli ákvæða reglugerðar og myndi þá tekjufærslan nema 960 mkr í stað 708 mkr.
- Mikil óvissa er um hvort framhald verði á sjúkraflutningum hjá SHS. Niðurstöður óháðs aðila (KPMG) sýndu ótvírætt hagræði af samrekstri slökkviliðs og sjúkraflutninga hjá SHS. Gert var ráð fyrir að það kostaði ríkið um 1.126 mkr að reka sjúkraflutningana eina sér og að sanngjörn greiðsla til SHS væri 856 mkr á verðlagi 2012. Heilbrigðisráðuneytið segir að ríkið (LSH) geti framkvæmt verkefnið fyrir mun lægri fjárhæð.
- Nýbygging slökkvistöðvar SHS í Mosfellsbæ var samþykkt í stjórn um miðjan febrúar 2012. Heildarbyggingarkostnaður er áætlaður 580 mkr og hefur þegar verið tekið lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga fyrir hluta fjármögnunar og eigendur munu fyrir lok apríl 2014 leggja félaginu til stofnaframlög að fjárhæð 250 mkr. Óvissa um framhald sjúkraflutninga hefur áhrif á endanlega stærð og útfærslu þessarar nýbyggingar.
- SHS gerði í lok árs 2012 upp lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjörinu ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. SHS sendi LS kröfu byggða á niðurstöðu í hliðstæðum málum og hljóðaði krafan upp á 370 mkr. LS synjaði kröfunni og málinu var stefnt á árinu 2013. Niðurstöðu héraðsdóms er að vænta fyrir réttarhlé.
- SHS gerði upp lán við Glitni á árinu 2008 með fyrirvara um leiðréttingu á uppgjörinu ef niðurstaða dómstóla í gengislánamálum sýndi að um ofgreiðslu hafi verið að ræða. Verður þessi máli einnig stefnt takist ekki sættir um niðurstöðuna.
- Mikilvægt er að eigendur setji eigendastefnu fyrir byggðasamlagið.
- Mikilvægt er að sveitarstjórnir rýni ítarlega tillögur byggðarsamlagsins að fimm ára áætlunum áður en þær eru samþykktar í sveitarstjórnunum, þar sem þær eiga að liggja til grundvallar fjárhagsáætlunum hvers árs skv. stofnsamningum.

5.7 SORPA bs

Rekstrarniðurstaða ársins 2013 var jákvæð um tæpar 97 mkr en var jákvæð um tæpar 22 mkr árið áður.

Rekstrartekjur voru 2.429 mkr og hækkuðu milli ára um 137 mkr eða um 6%. Samkvæmt rekstraráætlun var gert ráð fyrir að rekstrartekjur yrðu 2.263 mkr. Tekjur voru því 166 mkr hærri en áætlað var. Helstu skýringar á frávikum voru þær að allir afslættir voru aflagðir, bæði í móttökustöð og á urðunarstaðnum. Tekjur *Góða hirðisins* jukust jafnframt meira en gert hafði verið ráð fyrir.

Rekstrargjöld voru 2.325 mkr og hækkuðu milli ára um 60 mkr eða um 2,6%. Rekstrargjöld ársins voru 3,9% yfir áætlun. Sú hækkan skýrist að hluta vegna hækkunar verðlags en einnig vegna meiri umsvifa *Góða hirðisins*. Brúttókostnaður endurvinnslustöðvanna var undir áætlun.

Heildareignir í lok árs 2013 námu 2.079 og hækkuðu um 10,0 % frá fyrra ári, þar af námu fastafjármunir 1.487 mkr og veltufjármunir 592 mkr.

Heildarskuldir voru 651 mkr í árslok 2013 en 583 mkr árið áður og hækkuðu því um 11,7 % frá fyrra ári. Langtímaskuldir voru 354 mkr og hækkuðu um 55,0 % á milli ára og skammtímaskuldir sem voru 297 mkr lækkuðu um 16,4 % á milli ára. Eigið fé nam 1.428 mkr í lok árs 2013 og hækkaði um 9,4 % milli ára.

Fjárfestingahreyfingar voru í heildina 232 mkr og hækkuðu um 39,4 % á milli ára en árið 2012 námu fjárfestingahreyfingar 167 mkr. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 231 mkr, en gert var ráð fyrir 785 mkr í áætlun. Fjárfestingar á endurvinnslustöðvunum voru samtals 2,9 mkr á árinu, fjárfestingar í Gufunesi námu á árinu um 120 mkr en fjárfesting í Álfsnesi og svæðisáætlun var 108 mkr. Söluverð fastafjármuna var 1,0 mkr og breyting langtímakrafna skilaði jákvæðu sjóðstreymi að fjárhæð 3,9 mkr. Greiddar afborganir langtímalána námu 57 mkr en stofnað var til nýrra langtímalána að upphæð 178 mkr. En engin ný langtímalán voru tekin árið 2012.

Handbært fé frá rekstri í lok árs 2013 nam 169 mkr, en var 251 mkr fyrir árið 2012 og lækkaði því um 82 mkr á milli ára. Skýringar á þessari breytingu eru helstar að breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum voru jákvæðar um 80,7 milljónir á árinu 2012 en neikvæðar um 78,0 mkr árið 2013.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir árin 2009-2013:

Sorpa	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	61,1%	65,6%	68,6%	69,1%	68,7%
Arðsemi eigin fjár	5,9%	3,3%	2,4%	1,7%	7,4%
Veltufjárlutfall	0,91	1,46	1,52	1,40	1,99
Skuldsetningarhlutfall	13,3%	23,4%	21,7%	16,6%	23,5%
Uppgreiðslutími	2	3	2	2	2
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	41%	34%	29%	25%	27%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	12%	7%	8%	7%	10%
Framlegð/rekstrartekjur	11%	7%	8%	7%	10%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða félagsins er ásættanleg og félagið skuldlítið og í stakk búið fyrir fjárfestingar sem eru framundan.
- Fyrirvari í áritun ytri endurskoðanda Sorpu bs. þar sem ársreikningur er ekki í samræmi við lög um ársreikninga; fyrirvarinn varðar fastafjármuni endurvinnslustöðva sem ekki eru afskrifaðir. Félagið lítur ekki á endurvinnslustöðvar sem hluta af eiginlegri starfsemi sinni, þ.e. SORPA bs. sér um rekstur endurvinnslustöðva fyrir sveitarfélögin sem að byggðarsamlaginu standa í gegnum þjónustusamning og ber sveitarfélögunum á hverjum tíma að greiða Sorpu það sem upp á vantar hjá endurvinnslustöðvum að rekstrartekjur standi undir rekstrargjöldum. Lán sem félagið tekur vegna endurvinnslustöðvanna eru því ekki borin uppi af rekstri félagsins heldur endurgreiða sveitarfélögin Sorpu kostnað vegna afborgana og vaxta. Mikilvægt er að félagið bregðist við athugasemdum ytri endurskoðanda og tryggi að uppgjör félagsins sé í samræmi við lög og reglur.
- Helstu áhættur í rekstri SORPU tengjast ytra efnahagsumhverfi og eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækisins.
- Fyrirhugaðar eru miklar fjárfestingar vegna hertra reglna um meðferð og urðun úrgangs. Mikilvægt er að greina valkosti og hagkvæmni þeirra og áhrif á notendur þjónustunnar og eigendur SORPU.
- Mikilvægt er að sveitarstjórnir rýni ítarlega tillögur byggðarsamlaga að fimm ára áætlunum áður en þær eru samþykktar í sveitarstjórnnum, þar sem þær eiga að liggja til grundvallar fjárhagsáætlunum hvers árs skv. stofnsamningum.

5.8 Strætó bs

Rekstrarniðurstaða á árinu 2013 var um 496 mkr en var á árinu 2012 um 295 mkr.

Heildartekjur Strætó voru um 5.118 mkr og hækkuðu um 854 mkr samanborið við árið á undan eða um tæp 20%. Hækkun skýrist að mestu af samningsbundnu framlagi ríkissjóðs að fjárhæð 903 mkr en þetta framlag nam 350 mkr árið 2012. Fargjaldtekjur voru 1.422 mkr og hækkuðu um 144 mkr frá árinu á undan eða um 11%. Framlög frá eigendum var um 2.712 mkr og hækkaði það um 4,9% milli ára.

Rekstrargjöld Strætó námu 4.554 mkr og hækkuðu um 691 mkr á milli ára. Kostnaður við akstur nam samtals 4.012 mkr og hækkaði um 623 mkr. milli ára eða um 18%. Á milli áruna 2012 og 2013 jókst eigin akstur Strætó um 14% og akstur verktaka um 18%, sem skýrir hækkun á aksturskostnaði að lang stærstum hluta. Einnig hafði lækkun á endurgreiðslu olíugjaldsins áhrif á rekstrarkostnað til hækunar á árinu en endurgreiðsla á olíugjaldi fellur alfarið niður í byrjun árs 2015.

Heildareignir Strætó voru í árslok 2.191 mkr, þar af eru fastafjármunir 954 mkr og veltufjármunir 1.237 mkr. Heildarskuldir voru 877 mkr og hafa lækkað um 70 mkr sem nemur 8%. Í árslok voru langtímaskuldir 314 mkr og skammtímaskuldir 563 mkr. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu og gert er ráð fyrir að langtímaskuldir Strætó verði greiddar upp á næstu 4 árum.

Eigið fé í árslok var jákvætt um 1.313 mkr en var um 817 mkr 2012. Batnandi eiginfjárstöðu má rekja til rekstrarafkomu ársins að fjárhæð 496 mkr. Við lok árs 2013 var eiginfjárlutfallið 60% en var 46% árið á undan. Handbært fé var 904 mkr í árslok og hækkaði um 84 mkr árinu sem nemur rúmlega 10%.

Á árinu 2013 var stigið fyrsta skrefið í reglubundinni endurnýjun á vagnflota Strætó. Fjárfest var í 12 nýjum vögnum fyrir 409 mkr. Gert er ráð fyrir að endurnýja allan vagnflotann á næstu árum og að fjárfest verði fyrir allt að 750 mkr á árinu 2014. Strætó áformar að fjármagna þessa fjárfestingu úr rekstri.

Meðfylgjandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó bs. fyrir árin 2009-2013:

Strætó	2009	2010	2011	2012	2013
Eiginfjárlutfall	-11,1%	12,5%	31,8%	46,3%	60,0%
Arðsemi eigin fjár	na	na	97,9%	56,5%	60,7%
Veltufjárlutfall	1,35	1,60	2,01	2,19	2,20
Skuldsetningarlutfall	-668,2%	417,3%	124,5%	54,9%	23,9%
Uppgreiðslutími	2	2	3	1	1
Skuldahlutfall skv sveitarstj lögum	43%	37%	33%	22%	17%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	14%	12%	9%	10%	11%
Framlegð/rekstrartekjur	16%	13%	10%	10%	11%

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Niðurstaða ársreiknings Strætó er góð og fjárhagsstaða fyrirtækisins er sterk. Fyrirtækið er vel í stakk búíð til að takast á við þær fjárfestingar sem eru áformaðar á næstu árum.
- Handbært fé í árslok nam 904 mkr og fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 529 mkr, afborganir lána verði 88 mkr og vagnakaup nemi 750 mkr. Þegar þetta er skoðað sýnist vera tilefni til að endurskoða framlög sveitarfélaganna til Strætó. Frá samþykkt fjárhagsáætlunar hefur komið í ljós að tekjur Strætó vegna samkomulags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu eru 136 mkr lægri en samkomulagið gerir ráð fyrir og jafnframt er Strætó að taka við ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu, auk þess eru gerðar kröfur á félagið að hraða innleiðingu á rafrænum greiðslumiðlum í strætó þegar á þessu ári. Að teknu tillit til þessara breyttu aðstæðna og með hliðsjón af mikilvægi þess standa vörð um sjálfbærni fyrirtækisins er ekki tímabært að endurskoða framlög sveitarfélaganna.
- Helstu markaðsáættingar fyrirtækisins eru verðlag, gengi, vextir og olíuverð.
- Mikilvægt er að sveitarstjórnir rýni ítarlega tillögur byggðarsamlaga að fimm ára áætlunum áður en þær eru samþykktar í sveitarstjórnnum, þar sem þær eiga að liggja til grundvallar fjárhagsáætlunum hvers árs skv. stofnsamningum.

Viðauki 1: Kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almenn hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánaðrottnum þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrekt iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall samstæðunnar.

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio)

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Veltufjárlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til samstæðunnar.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lyklatríði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lág hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldahlutfall samkvæmt sveitarstjórnarlögum (64. grein laga nr. 138/2011)

Mælt sem hlutfall heildarskulda á móti rekstrartekjum. Með ákvæði 64. grein laga nr. 138/2011 verður sveitarfélögum almennt skylt að takmarka skuldir og skuldbindingar A-hluta og samstæðu A- og B-hluta við 150% af skilgreindum tekjum samstæðu A-hluta og samstæðu A- og B-hluta. Þessu ákvæði tengjast svo fyrirmæli VIII. kafla um eftirlit með fjármálum sveitarfélaga, og reglugerð ráðherra (rg. 502/2012) skv. 3. mgr. ákvæðisins. Í ákvæðum VIII. kafla er gert ráð fyrir því að

sveitarfélög séu flokkuð eftir skuldum þeirra, rekstri og öðrum fjárhagslegum þáttum, en eftirlit með fjárhag þeirra byggist svo, eftir því sem við á, á þeirri flokkun. Þessi útfærsla byggist á tillögum samráðsnefndar ríkis og sveitarfélaga um efnahagsmál. Í umræddri skýrslu er lagt til að sveitarfélögin verði flokkuð í þrjá grundvallarflokka út frá upplýsingum um fjárhag þeirra. Í fyrsta lagi sé það flokkur þar sem sveitarfélögin séu innan 150% skuldareglu, eins og lagt er til í þessu ákvæði og hafi tryggt jafnvægi í rekstri. Almenn er eigi að miða við að afskipti af fjármálum þessara sveitarfélaga séu lítil og a.m.k. ekki verulega meiri en þau sem nú eru. Í öðru lagi sé það flokkur sem ekki fullnægi viðmiðum þessa ákvæðis þ.e. hafi skuldir og skuldbindingar yfir 150% og/eða hafi ekki tekist að fullnægja skilyrði um jafnvægi í rekstri. Heimild eftirlitsaðilanna til inngrips í fjármál þessara sveitarfélaga sé ríkari en þeirra sem hafa fjármál sín í lagi og því meiri eftir því sem fjárhagsleg staða er slakari. Í þriðja lagi sé það svo flokkur sveitarfélaga sem skuldi yfir 250% af tekjum og eða hafi ítrekað brotið gegn reglum sveitarstjórnarlaga um fjármál. Gengið er út frá því að aðhald að þessum sveitarfélögum sé mikið. Í frumvarpi þessu er í grundvallaratriðum gengið út frá því að eftirlitsaðilar með fjármálum sveitarfélaga muni byggja störf sín á þeirri aðferðafræði og hugmyndum sem fram koma í skýrslu samráðsnefndarinnar að þessu leyti.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldahlutfallið. Ef miðað er við 5% nafnvexti á lánum, 150% skuldahlutfall og 15% EBITDA framlegð í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma ef ekki er gert ráð fyrir neinum fjárfestingum í samræmi við afskriftir eigna.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

